Gjörðabók

U. M. F. H.

Hofsós

Ár 1927 sunnudaginn. 30. jan. var aðalfundur haldinn í U.M.F.H.
Formaður var ekki mættur og beðið með að setja fundinn þar til kl. 1½
Einn úr varastjórninni, Björn Jónsson, stýrði fundinum. Mættir voru
27 félagsm. Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi. Kristinn Erl. gjörði athugasemdir við fundargjörðina og fór fram á að slept væri úr fundargjörðinni orðinu: (Skrif. leiðrétt Kristinn Erl.). Pétur Jónsson sagðist ekki vilja láta þurka neitt burt úr fundargjörðinni en breytingum sagðist hann mundi taka. Fleiri tóku til máls bæði með og mót. Úrfellingin borin upp og samþ. með 5–1 atkvæði. Að því loknu var fundargjörðin borin upp og samþ.
2. Lesin upp grein úr „Félaganum"
3. Lesnir uppreikningar félagsins fyrir félagsárið 1926–27 endurskoðaðir án athugasemda, og voru þeir bornir upp og samþyktir í einu hljóði.
4. Lesin upp lög félagsins, fyrst grein fyrir grein. 1 gr. samþ. óbreytt. 2. gr. Lesin upp sundurliðuð. Við 1. lið kom svohljóðandi viðauki frá Kr. Erl. studd af Jósaf. Sigf.: „Innan fjel. skal vera sérstök tóbaksbindindisdeild og skal henni stjórnað af þar til kosnum manni, sem umleið sé tóbaksbindindismaður" Um þetta urðu dálitlar umræður og fanst ~~sam~~ þetta ætti að koma sem sérstakt mál fráskilið 1. lið 2. gr. Fjelst framsögum. á að fresta því til næsta fundar. Páll Erl. taldi það betri íslensku að í stað orðanna: Aldurstakmark að neðan sé 12 ára en ekki takmarkaður upp á við, komi: Sem eru 12 ára og eldri. Þessi breyting á 1. lið annarar gr. borin upp og samþ. Í sambandi við óþarfa umræður um 1 l. 2 gr. um viðauka Kr. Erl. kom svohljóðandi tillaga frá Páli Erl. studd af Kr. Ágústs.
„Í trausti þess að allir félagsm. muni 1 l. 2. gr. tekur fundurinn næsta lið til athugunar." Tillagan borin upp og samþ. 2 l. lesin upp. Engin athugas. 3. l. lesin upp og engin athugas. Greinin síðan upp borin og samþ. með áðurnefndri breytingu. 3 gr. lesin upp. Kr. Erl. mintist á móðurmálið í sambandi við þessa grein, gat þess, að í félaginu á Skróki væri móðurmálsnefnd og óskaði eptir slíkri nefnd hér. Jósefat í Gröf gat þess að svona nefnd hefði til verið í þessu fél. 3. gr. samþ.
4 gr. lesin upp. Kristinn Erl. fór fram á að atkvæðið yrði að

fundir byrjudu stundvíslega kl. 12. Var þad borid upp og greiddu 3 med en 5 móti. Greinin borin upp og samþ. óbreytt.
5 gr. lesin upp og samþ. óbr. 6 gr. lesin upp. Vid hana kom svohljódandi breyting frá Gudb. Kristinss. studd. af Steinþóri Jónssyni. Karlm greidi vid inntöku kr 1.50 í stad 1 kr ádur. Konur 16 ára og eldri greidi kr 1.00, ungl. yngri en 16 ára greidi kr 0,75. Ennfremur greidi karlm. í árstillag kr. 3.00, konur kr 2.00 og ungl. kr 1.50. Sambandsgjald kr 0,40 greidi hver félagsmadur. Gjöldin greidist öll fyrir lok september ár hvert. Strika skal út af nafnalista nöfn þeirra manna er eigi hafa gert skil fyrir adalfund ár hvert. Um tillögum urdu nokkrar umrædur en svo borin upp og feld med 16 atkv. gegn 2 atkv. og greinin þar med samþ. óbreytt.
7. gr. Björn Jónss. Hafsós fór fram á ad úrsögn úr fél. væri ekki bundin vid adalfund. Um þetta vóru talsverdar umrædur og kom því svohljódandi tillaga frá Jósafat í Gröf studd af Sigm. Baldvinss. „Fundurinn leggur til ad 7. gr. laganna sé borin upp eins og hún er í lögum félagsins" Tillagan samþ. med öllum greiddum atkv. 7. gr. samþ. óbreytt. 8 gr. samþ. óbreytt
9. gr. Breyting frá Gudb. Kr. studd af Jóni Kjartanss. ad í stad ordanna í „sparisjód Hafshrepps" komi „ad leggja á vöxtu" Breytingin borin upp og feld med 16 atkv. gegn 3 atkv. Greinin sidan samþ. óbreytt. med 17. atkv.
10 gr. Svohljódandi breyting kom frá Gudberg Kr. studd af Steinþór Jónss. — brotamál félagsmanna. Er henni heimilt ad dæma hvern félagsmann í 5 til 30 kr. fjársekt eda reka hann sekan burt úr félaginu. Dóm sinn skal hún birta málsadilum, getur málsadili áfrýjad dómnum til fundarins í félaginu, annars standi hann óhaggadur." Vóru menn yfirleitt óánægdir med þessu breytingu og kom tillaga til breytingar frá Kr. Erl.: „Skal dómnefnd birta málsadilum dóminn." Sú tillaga var samþ. 15 atkv. gegn 3 sú fyrri þá feld. Grein sidan borin upp og samþ.
11 gr. samþ. óbr. 12 gr. Breyting frá Gudb. Kr.: sektir séu 5 kr til 30 kr. eda burtrekstur úr fél.. Kristinn Erl. lagdi til ad 5 kr yrdi minsta sekt en óákvedid ad ödru leyti. Vóru

menn óánægdir med bádar breytingar og þar bádar feldar med 15 atkv gegn 3 atkv. en greinin sidan samþ. óbreytt.
13 gr., 14 gr., 15 gr., 16 gr. samþ. óbreyttar. Þá vóru lögin öll upp borin og samþ. med þeim breytingum, sem á hafdi ordid.

5 Lesin upp fundarsköp félagsins, borin upp, og samþ. óbreytt Frá Gudberg Kristinssyni kom upp kast af dagskrá er hljódar svo: Fundarstjóri skal taka mál fél. til framkvæmda eins og hér segir: 1. Fundur settur. 2 Söngur. 3. Inntaka. 4. Félagsmál 5 Stjórnarmál. 6 Nefndarmál. 7 Málfundanefnd. 8 Skemtinefnd 9 Íþróttir 10 Fyrirlestrar 11 Söngur 12 Fundarslit. Var þetta borid upp óbreytt og án athugasemda og greidd 7 med en 9 mót.

6. Lesin upp úrsögn frá Þorsteini Stefánssyni Bæ

7 Stjórnarkosning: Björn J. Hafsós gat þess ad hann vildi láta stjórnarkosninguna fara þannig fram ad hver og einn kjósandi setti vid nöfn þeirra þad starf sem þeir ætludu þeim í stjórninni. Vóru menn á móti þessu og fór kosning fram á vanalegan hátt. Hlutu kosningu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Pétur Jónsson Þangskálum | med | 18 atkv. |
| | Björn Jónsson Bæ | " | 13 " |
| | Páll Erlendss. Þrastarstödum | " | 11 " |
| Varastjórn: | Björn Jónsson Hafsós | | 10 " |
| – | Jóhannes Stefánsson Bæ | | 10 " |
| | Árni Jóhannesson Hrauni | | 4 " |

8. Kosin dómnefnd: Jón Konrádsson, Páll Erlendsson, Jóhannes Stefánsson Kristján Ágústsson og Kristinn Erlendsson

9. Kosinn ritstjóri „Félagans". Talsvert umrædur urdu um bladid og var skorad á ritstjóra Sigm. Baldvinsson ad hafa ritstjórnina á hendi framvegis. Sagdist hann ekki skorast undan því ef fél. óskadi þess. Var hann því kosinn ritstjóri bladsins áfram.

10 Kosnir endurskodendur næsta árs reiknings: Jón Konrádsson og Kristín Kristinsdóttir.

11. Sigurdur Jónsson áfrýjadi til fundarins dómi þeim er kvedinn var upp í máli hans og Baldvins Ágústssonar. Var samþ. ad ræda þad á þessum fundi, þar sem komid væri ad sektargjalddaga. Med því vóru 9 atkv. en 2 móti. Nokkrar umrædur urdu. Næst kom tillaga frá Páli Erl. um ad

bera upp dóminn nú þegar. Breyting frá Pétri J. studd af Páli Erl. um að sektin sé færð niður í 1 kr. hjá hverjum. Tillagan borin upp og samþ. með öllum greiddum atkv. Og var málið þar með útkljáð. Þegar hér var komið hafði fundurinn staðið yfir í 5 klukkustundir, og þar sem ekkert fleira lá fyrir fundinum voru kosnir starfsmenn til næsta fundar. Til fundarstjóra: Sigm. Baldvinsson en hann nefndi til ritarastarfa Jósafat S. Gräf og Guðbr. Kristinsson. Málefnanefnd Árni J. Hafstað, Jósafat S. Gräf og Valgerði Jónsd. Ritnefnd. Páll Erl. Sigm. B. og Guðb. Kristinsson. Á eftir var sungið. Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Björn Jónsson Hafstað (fundarstjóri)

Kristján Ágústsson
Jóhannes Stefánsson
(ritari)

Ár 1927 sunnudaginn 13. febr. var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað og byrjaði kl. 12½. Hinn kjörni ~~fundarstjóri~~ Sigm. Baldv. stjórnaði fundinum en annar ritarinn Jósafat S. var ekki mættur og skipaði fundarstjóri Björn J. Hóli til að gegna ritstörfum í hans stað. Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: „Ó fögur er vor fósturjörð"
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt án breytinga
3. Lesnar upp greinar úr „Félaganum": „Hugleiðingar" „Viljum við þroska okkur" og Ungmennafél. og dýraverndun
4. Fundarstjóri lagði fyrir fundinn málefni Kristins Erl. um stofnun tóbaksbindindisdeildar innan félagsins. Guðberg Kr. sagði sér findist ekki rétt að ræða þetta mál nú þar sem framsögumaður væri ekki mættur. Árni J. Hafstað sagðist álíta rétt hjá Guðbergi, er hann hefði sagt. Var þá málið tekið út af dagskrá.
5. Árni J. Hafstað sagðist ætla að láta fundinn vita, að það hefði komið til tals meðal nokkra U.M.F. meðlima vestan vatna að halda sameiginlegan fund fyrir U.M.F.S. Skagafjarðarsýslu að Hólum í Hjaltadal, og væri hægt að ræða það, fyrst málefni vantaði
6. Fyrirspurn kom svohljóðandi frá Jóni Konráðssyni:

Mega koma á þennan fyrirhugaða fund allir er vilja af Ungmennafél. meðl.? Framsögum. taldi það ábyggilega víst. Páll Erl. sagðist vilja gjöra það að tillögu sinni að kosinn yrði 3ja manna nefnd til að fylgjast með málinu. Kristján Á. sagði sér findist líklegt að þetta mál kæmi til umræðu á sambandsf. og fengi maður þá betri upplýsingar á því. Árni J. fannst þetta mjög rétt hjá Kr. Á., en sér hefði ekki fundist gjöra til þó félagsm. fylgdust með málinu. Jón K. sagðist vera með því að þessi fundur yrði, því hann yrði til þess að félagsm. og félögin kyntust og ef til vill til að efla meiri samvinnu hjá þeim.

Páll Erl. sagðist vera Kr. Á. sammála og fyndist sér tillagan vera óþörf í málinu, og aftur kallaði tillögu sína.

Kristján Á. sagði að sambandsfundur væri haldinn með mánaðar fyrirvara og væru þá sambandsfélög þá látin vita hvaða mál yrðu þar á dagskrá, svo maður fengi þá að vita hvort þetta mál yrði rætt þar.

Jón K. sagði að sér findist óþarfi að kjósa nefnd í þetta mál, því það stæði einhverjir fyrir því og mundu þeir sjá um allar framkvæmdir og láta það vitnast.

Baldvin Ág. sagði sér findist ekki vera hægt neitt fyrir málið að gjöra. Sagðist þá leggja annað málefni fyrir fundinn: Að félagsm. tæku sig upp með næstk. vori og færu skemtigöngu til t.d. upp á Ennis eða Gvendarhnjúk.

Kristján Ág. kom með svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir, að hið áður umrædda
„Hólafundarmál sé tekið út af dagskrá

Var tillagan borin upp og samþ. í einu hljóði.

Þá tók Guðberg Kr. til máls og lagði fram svohljóðandi tillögu studd af Páli Erl.

„Fundurinn samþ. að fela stjórn félagsins að semja
„líkan dagskrá lista og hér fer á eftir og sjá um að
„fundarstjórar fari eftir honum: 1 Fundur settur
„2. Söngur 3. Inntaka 4. Fundargjörð 5. Félaginn
„6. Stjórnarmál 7. Nefndarálit 8. Málefnanefnd
„9 Skemtinefnd, 10. Íþróttir, 11. Fyrirlestrar, 12 Ýmismál
„13. Söngur, 14. Fundarslit.

Bað Guðbr. fundarmenn, að snúa sér að þessu máli
Kristján Á. kvað Guðb. hafa farið rangt að með mál Bald.
Ág., því það ætti vitanlega að ræðast á undan dagskrálist.
Guðberg kvað mál Baldvins rangt fram borið þar sem
annað mál hefði verið á dagskrá, þegar það hefði verið lagt
fram, sagðist vilja láta fundarstjóra eða fundinn skera úr
hvort málið ætti að ræðast á undan.
6. Úrskurðaði fundarstjóri þá mál Baldvins til umræðu
Guðb. kvaðst vera með því að skemtiferð yrði farin með
vorinu.
Jón Kon. sagðist vera með öllum skemtiferðum því þær
væru til þess að færa mennina saman og til þess að þeir
gleymdu áhyggjum lífsins, þó ekki væri nema stutta
stund, en flestir félagsmenn væru farfuglar, sem færu
héðan snemma á vorin til að leita sér atvinnu og gætu
þessvegna ekki tekið þátt í þessari ferð nema svo fáir
og þess vegna væri hann á móti henni, því hann vildi
láta heildina njóta hennar
Baldvin Ág. sagði að sára fáir meðlimir færu héðan
fyr en 5 vikur að sumri og væri vond tíð ef ekki væri
hægt að fara skemtiferð fyrir þann tíma
Pétur Jónss. kvaðst vera á móti því að fara aðra skemti-
ferð en þá, sem búið væri að tala um sem á fundinum að
Hólum – Árni J. Hofsós sagðist vera á sama máli og Pétur
Páll Ef. sagðist álíta að Pétur og Árni væru að snúa máli
Baldvins á aðra braut,* en hann hefði ætlast til frams.m. því
meiningin væri að fara skemtiferð innan Hofshrepps.
Sagðist Páll vera á móti því að sú ferð yrði farin
Þá kom svohljóðandi tillaga frá Árna J. Hofsós.
„Fundurinn samþ. að taka málið út af dagskrá"
Tillagan var upp borin og samþ. í einu hljóði
7. Þá var tekið til umræðu dagskrálistamálið.
Björn J. Hofsós sagði að listi þessi væri að mörgu
leyti óþarfur, því fundargjörð síðasta fundar væri
dagskrálisti næsta fundar.
5 Guðb. Kr. sagði að síðasta fundargjörð væri mjög ófull-
nægjandi dagskrá næsta fundar

Kristján Ág. sagði það gott vera að ritari þessa fundar
hefði fundið að ófullkomleika síðustu fundargjörðar
því sú næsta yrði líklega betri
Guðb. sagðist eiga við allar síðustu fundargjörðir og að
sú næsta myndi verða eins, því í dag væri ekki farið
eftir neinni dagskrá
Ingólfur Þorleifsson sagði að sér fyndist þessi dagskrálisti
ekki skýra fundargerðirnar að neinu leyti, það sem tekið
væri fram í fundargerðum, gerðist á fundunum t.d. ef einhver
beiddist inntöku í félagið o.s.frv. og sér fyndist því listi
þessi alveg óþarfur.
Guðb. Kr. sagðist búast við að efni fundargjörðanna breytt-
ist ekki þó dagskrálistinn yrði notaður, en að fundargerðirnar
yrðu skýrari og meiri regla á fundum.
Björn J. Hofsós sagði að það yrði líklega ekki hægt að fram
fylgja 7. liðnum, sem væri nefndarálit, komið gæti til mála
að fundirnir entust ekki til að taka þann lið meðferðar
Jón Kr. sagði að niðurröðun á þessum dagskrálista hefði ekkert
að segja því listinn ætti eftir að skoðast og taka breytingum
Sagðist hann fyrir sitt leyti vera fylgjandi málinu, því sér
fyndist ekki ósennilegt að dagskráin yrði til að létta
undir með óvönum fundarstjórum og riturum.
Konráð Jóhannes. Hrauni sagði sér þætti vera einkennileg niður-
röðun á þessum dagskrálista þar sem 9 liður væri skemtinefnd
10. Íþróttir 11. Fyrirlestrar en 12. Ýmsmál. Sagðist hann vilja
láta breyta þessu og Ýmsmál 9. lið o.s.frv., en annars væri hann
að öðru leyti samþ. málinu.
Framsögum. kvaðst fylgjandi breytingum Konráðs, en annars
ætti stjórnin eftir að yfirfara þetta og mundi hún breyta til
eftir því sem þörf væri á.
Ingólfur og Björn í Hofsós sögðust ekki vera á móti dag-
skrálistanum, en athuga þyrfti, hvort hann kæmi ekki í bága
við lög og fundarsköp félagsins
Guðberg kvað okkur myndi óhætt að treysta stjórninni
til að fullkomna dagskrálistann og gæta þess, að hann kæmi
ekki í bága við lög og fundarsköp félagsins
Pétur Jónsson kvað einn lið dagskrál., sem væri „Ýmsmál"

verða óvönum fundarstjórum talsvert erfiður, og hvað snerti yfirleitt þenna lista, taldi hann tilgangslausar miklar umræður um hann.
Var þá tillaga framsögum. borin upp og samþ. með 12 atkv. engin mótatkvæði

8. Árni Jóh. Hafstað gat þess að hér áður í fél. hefði verið haldinn fundur einn er hefði verið nefndur skemtifundur. Kom Árni með svohljóðandi tillögu studd af Pétri Jónss.
„Fundurinn samþykkir að taka hinn umrædda
„skemtifundasið upp aftur.
Tillagan upp borin og samþ. í einu hljóði.
Kristján Ág. þakkaði Árna fyrir að hafa vakið þennan gamla og góða sið til lífsins.
Þá kom svohljóðandi tillaga frá Guðb. Kr. studd af Birni Jónss Hóli:
„Fundurinn samþ. að framsögumaður þessa máls
„sé fyrsti maður nefndarinnar. og nefni hann
„þann næsta og sá þann þriðja
Tillagan borin upp og samþ.
Nefndarkosning fór svo að í hana komu:
Árni Jóhannsson Hafstað
Kristján Ágústsson s.st.
Pétur Jónsson Þangstöðum

9. Pétur Jónsson las upp skýrslu um störf formannafundar ungmennafélaganna er haldinn var í Iðnó í Rvík 24. júní 1926. Sagðist Pétur lesa það upp til að félagið fylgdist með störfum S.U.M.F.Í.

10. Árni Jóh. Hafstað lagði fram fyrir hönd málefnanefndar málið: „Sjúkrasamlög"

11. Pétur Jónss. sagði að núverandi stjórn fél. væri ekki ekki búinn að skifta með sér störfum, sagðist því ætla að nefna starfsmenn til næsta fundar: Til fundarstj: Kristján Ág. og nefndi hann sér ritara Jakobínu Hallsd. og Jónönnu Jónsdóttir. Í ritnefnd Árna J. Hafstað, Valgerði Jónsd. og Jakobínu Hallsdóttir. Málefnanefnd og skemtinefnd ekki skipaðar.

12 Jón Konr. sagðist búast við að húsbyggingarmálið kæmi til umræðu á næsta fundi. Sagði hann að það fyndist líklega sletturekuskapur úr sér, að skifta sér að málinu þar sem hann væri ekki í nefndinni; en þessi sletturekuskapur sinn væri genginn svo langt að hann væri búinn að ~~byggja~~ panta efni það, sem þyrfti til að byrja húsbygginguna með.

13. Sungið: „Fjalladrottning móðir mín"
Fleira gjörðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið

Sigm. Baldvinsson — Þönglab. fundarstj.
Guðberg Kristins, Björn J. Hóli — ritarar.

Sunnudaginn 27/2 1927 var fundur haldinn í Ungmennafélaginu „Höfðstrendingur" og byrjaði stundvíst. Fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Fundur settur
2. Sungið: „Hvað er svo glatt"
3. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþ.
4. Inntaka. Steinn Sigvaldason gekk í félagið.
5. Stjórnarmál: Björn J. Hó. gat þess að enn væri ógreitt sambandsgjaldið, en þyrfti fljótlega að greiða það. Sagði að áður hefði það verið tekið af félagssjóði.
Kristján Ág. taldi ekki rétt frá skýrt að öllu leyti; sagði að nokkrir félagar hefðu boðist til að borga gjaldið, en af því að meiri hluti allra félagsm. hefðu ekki staðist í þá átt, hefði þótt sanngjarnt að láta ekki þá sem vildu greiða greiða það, svo að leið hefði tekin verið í þetta sinn að taka gjaldið úr félagssjóði.
Jón Konr. gerði þá fyrirspurn, hvort ekki þyrfti að greiða gjaldið, og var því svarað játandi. Taldi hann þá réttast að hækka árstillagið.
Kristinn Erl. sagðist ekki borga þetta gjald, nema allir gerðu það, sér þætti misrétti í því að sumir greiddu en sumir ekki og svo væri afgangurinn tekinn úr félagssjóði.
Guðberg Kr. sagði að þetta hefði komið til tals á aðalfundi

að hækka tillagið, en hefði þá verið felt.
Páll Erl. sagði, að þegar lagt hefði verið fram tillagan um um að hækka árstillagið, hefði engin grein verið gerð fyrir nauðsyn hækkunar, og teldur ekki gefin fullnægj=andi upplýsing viðv. sambandsgj. En að nú gefnum upplýsingum um málið, hvaðst hann vera með því, að greiða þetta gjald, og vonaðist eftir að svo væri um alla félagana og hentugasta leiðin að ná þessu gjaldi væri sú, að hækka árstillagið sem svaraði sambandsgj.
Jón Konr. samsinti þetta, en beindi þeirri spurningu til fundarins, hvort hægt væri að samþykkja hækkun ár-tillags nema á aðalfundi.
Guðb. Kr. gaf þá skýringu að hægt væri að gera það að viðaukatillögu við 12 gr. laganna ef 2/3 hl. félaga væri því fylgjandi
Pétur Jónsson gat þess að eigi væri um annað að gera en hækka þetta gjald með þökkum hjá þeim sem vildu greiða það, og afganginn úr félagssjóði.
Kristín Erl. mótmælti þessu:
Þá kom tillaga frá Árna J. Hrauni studd af Kr. Erl. svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að hver og einn
„U.M.F. greiði í þetta sinn sambandsgj.
„til stjórnar U.M.F. Hafdstrendinga fyrir
„1. marts næstk.

Tillögumaðurinn áleit að ef þannig yrði úr leið, að sá mætti borga sem vildi, yrðu það fáir, en ef tillagan væri samþ. myndu allir greiða. („Þetta lýsir vantrausti sagði B. Ágústs.)
Tillögum. sagði að tillaga sín væri aðeins loforð, en slík innskot sinsog síðasti ræðumaður hefði gert tæki hann ekki til greina. Tillagan samþykt.
Pétur Jónsson gat þess, að nú hefði stjórnin skift með sér verkum. Gjaldkeri félagsins yrði Björn J. Bæ, aðalritari Páll Erlendss. prestsstöðum, og formaður hann sjálfur en það yrði líklega aðeins nefnd
Páll Erl. sagði að stjórnin vildi vekja athygli á garði félagsins, nú vantaði áburð, vildi stjórnin biðja þá sem

vildu sér að gefa áburð í garðinn, að koma honum út um ofan eftir.
4. Nefndarmál: Jón Konr. tók til máls og sagði að ef til vill mætti kalla það framkvæmd því að þar sem hann nú væri búinn að panta við og cement fyrir ca 500 kr. í samráði við einn nefndarmanninn.
Björn J. Bæ lagði fram lista til þess að láta félagsmenn skrifa á nöfn sín og gjafaloforð til húsbyggingarinnar. Skýrði frá því að framkv.nefndin búin að skipa niðr í vinnuflokka og væru félagar beðnir að vinna eftir þeirri röð, sem nöfn þeirra væru á listanum, því meiningin væri að byrja að vinna.
Páll Erl. sagði það gleddi sig að heyra, hvað þetta væri komið langt á veg hjá nefndinni, en sér þætti einkennilegt að nefndin skyldi ekki leggja fram ljóst yfirlit um, hvernig nefndin hugsaði sér allar framkvæmdir, stað og fyrirkomulag hússins og kostnaðaráætlun. Vildi leyfa sér að skjóta nokkrum spurningum til nefndarinnar. Hvort nefndin væri búin að fá nýsteypta blettinn útmældan." Hvort hann væri fer=hyrntur eða aflangur." Hvort svar væri komið að sunnan um hvort lán fengist út á blettinn." Hvar húsið ætti að standa á blettinum." Hvort grjót og steypuefni væri nálægt eða þægilegt að flytja það að."
Björn J. Bæ svaraði þessum spurningum Páls, og sagði að nefndin hefði hugsað sér að húsið stæði á blettinum. Bletturinn væri 90 f. á l. og 50. breidd. Grjót myndi ekki fáanlegt nærri utan við ána. Svar hefði komið að sunnan að þá leið að Ræktunarsjóðurinn lánaði ungmennafélags ekki.
Árni J. Hrauni tók þá til máls, þakkaði Jóni í Bæ fyrir góðar framkvæmdir í þessu máli. Einnig lagði hann fram álit til ódýrari byggingar með því fyrirkomulagi að byggt yrði við þinghúsið 6 al. breitt og 12 al. langt hús, og gerði þá áætlun að sú bygging yrði um 2000 krónur, og óskaði eftir að félagar létu álit sitt í ljósi um þetta mál, en ef ráðist yrði í hina stóru bygginguna, gætu félagsmenn ekki sint neinum framkvæmdum til fleiri ára

Páll Erl. taldi þessa uppástungu Árna talsvert hop aftur á bak, og gagnstætt stefnu ungmennafélaga, að hringla svona með málefnin aftur og fram, og samþykkja á þessum fundinum, sem felt var á hinum. Sagði sér þætti bletturinn tölur í laginu. Óviðkunnanlegt að hafa húsið eydd í þessari lengju. Líklega myndi erfitt vera að nálgast þangað byggingarefni. Spursmál hvort eigi rétt að athuga, hvort eigi væri ódýrara að byggja húsið innan Hafsár. Þar væri byggingarefni við hendina svo að segja.

Kristján Ág. tók í sama strenginn. Taldi óráð að hverfa frá því sem áður hafði samþ. verið um fyrirkomulag væntanlegs húss, og vildi ekki tíla við uppástungu Árna frá Hrauni. Sagði sjálfsagt vera að rannsaka, hverju megin Hafsár húsið ætti að vera.

Kristinn Erl. gat þess að enn væri órannsakað um efni utan Hafsá, en taldi vafasamt að það yrði ódýrara fyrir innan, og sagðist vera með því, að rannsaka það sem fyrst, svo hægt væri að byrja á framkvæmdum.

Páll Erl. kom þá með tillögu studda af Kr. Erl. svohljóðandi

„Fundurinn samþ. að fela húsbyggingarnefnd
„að rannsaka byggingarefni og fleira viðkom-
„andi húsbyggingu á ytra og syðra horni við
„Hafsá og hún síðan ákveði með stjórn félagsins
„ásamt einum manni til viðbótar hvoru megin
„Hafsár húsið eigi að standa

Tillagan var borin upp og samþ. með 15 atkv. gegn 1 atkv.

Árni frá Hrauni bað menn að athuga það sem hann hefði sagt um viðauka við þinghúsið, og óskaði eftir að stjórn og nefnd athugaði það jafnhliða hinu

Árni J. Hafsá gat þess að þetta væri ekki nýtt, það hefði áður komið til tals að bæta við þinghúsið, en [illegible] stjórnin bannað það. — Þegar hér var komið var langt liðið á fundartímann, og málið tekið út af dagskrá.

Kosnir starfsmenn til næsta fundar: Fundarstjóri Konráð Jóhannes. Hrauni, ritarar: Haraldur Hjálmarsson Kambi og Hjálmar Páls. Breiðalandi.

Þá gat Árni J. Hafsá þess að málefni frá málefnanefnd

væri „Sjúkrasamlag", og myndi tekið til umræðu á næsta fundi. Þá var sungið: „Blessuð sértu sveitin mín."

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jakobína Hallsdóttir
ritari

Kristján Ágústsson
fundarstjóri

Sunnudaginn 13. marts 1927 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á vanalegum stað og tíma. Fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri Konráð Jóh. Hrauni, og nefndi hann til ritara Steinþór Jónsson, þar sem annar ritarinn var ekki mættur. — Þetta gjörðist:

1. Fundur settur.
2. Sungið lagið: „Eitt er landið ægi girt"
3. Lesin upp grein úr „Félaganum"
4. Formaður félags. Pétur Jónsson, gat þess að stjórn og framkv.n. félagsins hefði komið saman og rætt um hvar tilvonandi hús félagsins ætti að vera. Var þar samþ. að það stæði innan Hafsár með 5 atkv gegn 2 og 2 hlutlaus. Einnig gat hann þess, að Hafstorfu eigandi, seljandi blettsins, hefði sett þau skilyrði, að félagið mætti ekki selja blettinn nema girtan og ræktaðan, og eigi mætti félagið heldur byggja samkomuhús á blettinum.

Baldvin Ág. fór hörðum orðum um framkvæmdarnefndina í garð húsbyggingar og illan frágang á samnings uppkasti við jarðeiganda

Kr. Erl. bað sér hljóðs og sagði að síðasti ræðumaður vissi það að margar breytingar hefðu komið síðan bletturinn var keyptur, og samningsuppkastið einnig breytt. Hann kvað það ósk sína að allir félagar styrktu með óskiftum kröftum að húsbyggingunni.

Munnleg tillaga kom frá Páli Erl. studd af Jósafat Gróf- svohljóðandi:

„Skilyrði þau, sem jarðeigandi setur séu upp
„borin til samþykktar:

Var tillagan borin upp og samþ. og einnig skilyrðin

Pétur Jónss. sagðist ekki geta látið hjá líða, að minnast á framkv.nefndina. Þeir væru svo strjálir, sem í henni sætu og ættu því erfitt með að koma saman. Yrði því minni

árangur af starfi þeirra. – Allir nefndarmenn, sem mættir voru, stóðu upp hver á eftir öðrum og kváðust allir vera sáttir á að víkja úr embætti. Kr. Erl. sagði að formaður nefndarinnar hefði starfað fyrir hönd nefndarinnar og kvað honum orðið eins ágengt eins og öll nefndin hefði verið með í ráðum.
Ingólfur Þorl. kvaðst ekki vera fær um að stýra verkum við byggingarnar þó hann væri í nefndinni, enda væri þess ekki þörf, þar sem Páll Erl. væri búinn að taka að taka að sér verkstjórn.
Páll Erl. kvaðst þurfa að leiðrétta þann misskilning hjá Ingólfi með það að hann hefði tekið að sér verkstjórnina við húsbyggingarnar í vor. Það hefði aldrei komið til orða.
Jósafat Sigf. kvaðst ekki hafa tekið til máls fyr í dag, en það væri alt komið í flækju, sem væri að sökkva niður, væri það líkt hvað öll mál væru flækt sem inn á fund kæmu.
Munnleg tillaga frá Kristni Erl. studd af Guðberg Kr.:
„Fundurinn samþ. að málið sé tekið út af dagskrá"
var borin upp og samþ.

5. Jósafat Sigf. kvaðst hafa lagt málefnið „Sjúkrasamlög" fyrir síðasta fund ásamt Árna Jóhannss., og ætlaðist hann til að það mál væri rætt á þessum fundi. – Hann kvaðst vera málinu mjög ókunnugur, en sér væri það ljóst að þetta væri þarft fyrirtæki; og rétt að stofna til slíks innan vébanda U.M.F.H.
Páll Erl. skýrði frá að mál þetta hefði komið til umræðu í „Málfundafélagi Hofshrepps," og hefði því verið vel tekið, en engar framkvæmdir orðið. Umsvifameira væri að stofna sjúkrasamlög, en t.d. sjúkrasjóð, og vildi þekkur leggja til að það yrði athugað vel, hvort heldur ætti að stofna, áður en lengra væri farið. Taldi rétt að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga þetta.
Kr. Erl. kvað það viðtekið að nefndin sem kosin væri leitaði þátttöku hjá utanfélagsm., sem málinu væru hlyntir. En ef ekki væri hægt að stofna sjúkrasamlag fyrir alla sveitina þá að stofna sjúkrasjóð innan vébanda U.M.F.H.
Ingólfur Þorl. kvað það óráð að taka nokkra ákvörðun í málinu því nú væru svo margir líf og heilsu tryggingarsjóðir, en stofnun þessi myndi verða of þung byrði á herðum félagsins.
Jósaf. Sig. þakkaði P. E. og Kr. Erl. fyrir þær upplýsingar þær, sem þeir hefðu látið sér í té. Kvaðst vera því samþ. að kjósa 3ja manna nefnd til að starfa í þessu máli; og leita sér upplýsinga um það. – Þá kom tillaga frá Kr. Erl. studd af Páli Erl. svohljóðandi:
„Fundurinn telur rétt að kjósa 3ja manna nefnd
„til þess að leita sér upplýsinga um sjúkrasamlög og sjúkrasjóði; og leggja ákveðnar tillögur
„fyrir fund til þekkari umræðu og framkvæmda.
Pétur Jónsson óskaði eftir því að nefndin hallaði sér þekkar að sjúkrasjóðsstofnun en sjúkrasamlagi, því sú leið væri framkvæmanlegri. – Því næst að tillagan borin upp og samþ.
Munnleg tillaga frá Páli Erl. studd af Jósafat í Gröf svohljóð.:
„Fundurinn samþ. að kjósa nefndina skriflega"
Var hún samþ. Því næst var gengið til atkvæða og féll hún þannig (kosningin): Páll Erl. með 17 atkv. Jósef Sigf. með 13. atkv. og Kr. Erl. með 7 atkv.

6. Kristinn Erl. kvaðst hafa vakið máls á aðalfundi að stofna tóbaksbindindisdeild innan vébanda U.M.F.H. Hann skýrði málið með langri og vel orðaðri ræðu, og gat þess að endingu að það væri ekki eingöngu heilsuspillandi að nota tóbaks, heldur og einnig að maður sem tekur tóbak frá æsku árum og fram á elli ár, hefði getað keypt sér stóra jörð fyrir peninga þá, sem hann hefir varið fyrir tóbak.
Páll Erl. viðurkendi skaðsemi tóbaksnautnar, en taldi réttara að leggja tóbaksbindindisheitið í félaginu. Hélt að það gæti aldrei gengið að stofna sérstaka deild í félaginu fyrir þetta. En því vildu menn ekki stofna barnastúku sérstaka og óháða þessu félagi. Sú fyndist þörf á því.
Tillaga kom frá P. Jónss. studd af J. Stefánss. svohljóðandi
„Fundurinn samþ. að kjósa 3ja mannanefnd til
„athuga tóbaksbindindismálið, semja tillögur og
„leggja þær fyrir næsta fund
Var hún borin upp og samþ.
Tillaga kom frá Guðb. Kr. studd af Steinþ. Jóns. svohljóðandi
„Fundurinn leggur til að flutningsmaður tóbaks=
„bindindismálsins verði sjálfkjörinn fyrstimaður,
„hann nefni svo þann næsta og sá hinn þriðja
Hún var samþ. – Nefndi Kr. Erl. Björn J. Hóli, en hann nefndi Guðb. Kristinsson

7. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþ.
8. Formaður félags. nefndi til fundarstjóra á næsta fund B. Jón. Hafstað og hann aftur til ritara Sigm. Baldv. og Jóh. Stefánsson; í ritnefnd Árna og Konr. J. Hrauni og Randaer lam.
9. Sungið: „Frjálst er í fjallasal"
10 Fundi slitið

Steinþór Jónsson
Haraldur Hjálmarsson
(ritarar)

Konráð Jóhannsson
fundarstjóri

Ár 1927 mánudaginn þ. 28. marts var aukafundur haldinn í U.M.F.H. Setti formaður félagsins Pétur Jónsson fundinn kl. 5 síðdegis og stjórnaði honum.
Jón Sigtryggsson Hafsteinsstöðum gjörðist félagi.
Fyrir fundi þessum lá að ræða ýms mál, sem búist var við að koma myndu til umræðu og úrslita á næsta sambandsfundi. Þessi mál voru þessi, sem nú skal greina:
Íþróttir: Í þessu máli var samþykkt tillaga svohljóðandi:
„Fundurinn samþykkir að fela sambandsstjórninni
„ að fá þar til hæfan mann til að ferðast um sam=
„ bandssvæðið og kenna íþróttir og halda fyrir=
„ lestra
5
Þátttaka ungmennafélaganna í 1000 ára hátíð Alþingis:
Um það var talsvert rætt, en með því ekkert hafði heyrst frá þeirri nefnd, sem sýslunefndin kaus til að undirbúa þátttöku Skagfirðinga í umræddri hátíð, fanst fundarmönnum ekki ástæða til að samþykkja ákvæðið í þessu efni
Samkomustaður Skagfirskra ungmennafélaga:
Nokkrum fundarmönnum fanst óviðeigandi, að ársmót ungmennafélaganna væri haldið altaf á Sauðárkrók, töldu ungmennafélögum bundið að fá stað sem nær væri miðdepli milli félaganna. Var það einkanl. Jón Sigtr. sem hélt fram Litla-Garði. Fanst það vel við eiga, að ungmennafélögin kæmu saman á hinum forna þingstað, og jafnvel að þau eignuðust hann, og reyndu þá að sýna honum einhverja rækt – Tóku aðrir fundarmenn vel í það. Var síðan samþ. svohljóðandi tillaga
„Fundurinn samþ. að aðalsamkomustaður Skag=
„ firskra ungmennafélaga verði í framtíðinni hinn
„ forni þingstaður Litli-Garður, og beinir þeirri á=
„ skorun til sambandsstjórnar, að hún leitist fyrir
„ um hvort sá staður fáist ekki keyptur.
Skemtifundir meðal einstakra félaga. Þá hefir átt að halda á hverju sumri, en brugðist vegna þess, að menn hafa ekki satt sig á annað geta sótt þá. Til tals kom að breyta þessu, og uppástunga kom fram um það, halda þessi skemtifundi að ekki til og til skiftis í félögunum en hún var feld

þá var og rætt um hvort sambandsfélögin skagfirsku ættu að ganga í U.M.S.Í. Voru menn ekki á sama máli þar, en þó var samþykt tillaga í þá átt að skagfirsku félögin gengu í U.M.S.Í., ef þau segja sig það fært.
Árni Jóh. Hafsteinsst. kvaðst ekki af einstökum ástæðum geta farið á sambandsfund, og gerði þá fyrirspurn hvort sá maður sem hefði verið sá næstur með atkvæða fjölda við fulltrúakosningu ætti þá ekki að fara. Samþykti fundurinn það.
Fleira ekki gert. Fundi slitið

Páll Erl.
(ritari)

Pétur Jónsson
fundarstjóri

Á Skírdag 14/4-1927 var fundur haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma. En með því hinn kjörni fundarstjóri og fundarskrifarar voru ekki mættir, nefndi formaður félags. til fundarstjóra Sigurð Tómasson, en hann nefndi til ritara þá Björn J. Hóli og Steinþór Jónsson Grafargerði
Þetta gjörðist:
1. Fundur settur.
2. Sungið: „Jeg elska yður, þér Íslands fjöll"
3. Inntaka engin
4. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi eða 27. marts og samþ. Einnig var lesin upp fundargjörð frá aukafundi 28. m. og samþ.
5 Lesnar hvor greinar úr Félaganum
6. Formaður félagsins nefndi starfsmenn til næsta fundar í ritnefnd Kr. Erl., Jósaf. Sigf. og Kr. Ág., til fundarstjóra Sigurð Jónss. Hafst., en hann kaus sér ritara Kr. Erl. og J. Sigfússon.
7. Nefndarmál: Páll Erl. skýrði frá sambandsfundi. Að samþykt hefði verið að U.M.F. Tindastóll sæi um árshátíðina og fengi hana á góðan blett. Samþ. að fá mann til að kenna íþróttir og halda fyrirlestra meðal félaganna hér í sýslu. Kosin nefnd til að athuga um Litla-Garð, hvort hann fengist keyptur. Í þeirri nefnd voru: Pétur Hannesson, Jón Konráðss. og Jón Normann.
Björn J. Bö. sagði að búið væri að ákveða þann dag sem U.M.F. Skagfirðinga kæmi saman á Hólum í Hjaltadal, og yrði það 27. maí. Og að líkindum kæmi þangað þennan dag U.M.

F. Siglufjarðar.
Páll Erl. gat þess að nefnd sú, sem kosin hefði verið til að kynna
sér sjúkrasamlaga og sjúkrasjóðs starfsemi hefði nú lokið störfum
og lagði fram nefndarálit svohljóðandi:
1. Að reynt verði að stofna sjúkrasjóð fyrir allan hreppinn
2. Að þessari nefnd eða nýrri nefnd væri falið að stofna sjóðinn
í samvinnu við nefnd úr Málfundafélagi Hafshrepps
Kristinn Erlendsson gat þess að slíkir sjóðir sem þessir væru
oft stofnaðir með frjálsum samskotum og inntekta skemtunum.
Ennfremur gaf nefndin þær upplýsingar, að styrkur fengist
áreiðanlega úr sýslusjóði og líklega árlegur styrkur úr ríkissjóði
Tillögur nefndarinnar uppbornar og samþyktar
Kristinn Erl. gat þess að enn væri ekki farið að starfa neitt í
tóbaksbindindismálinu og síðar vildi hann að það yrði sjálf-
dautt.
Páll Erl. kvaðst ekki vilja bregða fæti fyrir þetta mál, en ein-
kennilegt þætti sér, að flytjendur þessa máls gerðu lítið úr því
bindindisheiti, sem í félagslögunum væri. Þó sérstök deild komi
innan félags, myndu lög hennar í sérstöku gildi og þeim fundið
núverandi heit, og þá væri þetta tilgangslítið.
Þar næst kom munnleg tillaga frá Kr. Erl. studd af B. J. Bæ,
„Fundurinn leggur til að kosin verði 3ja manna nefnd til
„að semja lög fyrir væntanlega tóbaksbindindisdeild og
„leitaði þátttöku hjá æskumönnum innan og utan félags-
„ins.
Var hún feld með 6 atkv. gegn 5. – 11 greiddu ekki atkvæði
Nefndarálit bindindisnefndarinnar upp borið og felt með
6 atk. 4 atk. – 12 hlutlausir
Fleira kom ekki til umræðu. Sungið þungan og þéttan:
„Yfir kaldan eyðisand" Fundi slitið
Björn Jónsson, Hóli
Steinþór Jónsson
ritarar.
Sigurður Tómasson
fundarstjóri

Sunnudaginn 27. dag april, var fundur settur og haldinn
í U. M. F. H. á venjulegum stað og stundu
Það sem fyrir fundinn kom, var það er hér segir:

1. Fundur settur. Sungið: Hvað er svo glatt o.s.frv.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án
nokkurra breytinga
3. Inntaka í félagið engin
4. Lesið upp úr félaganum 5 greinar
5. Stjórnmál engin
6. Kosnir starfsmenn til næsta fundar: fundarstjóri
Kristján Ágústsson, ritarar Árni Jóhanness. Hrauni og
Konráð Jóhanness. s. stað í málefnanefnd Jón Sigtryggss.
Ingólf. Þorleifsson og Árna Joh. Hrauni – Ritnefnd og
skemtinefnd ekki kosnar.
7. Nefndarmál. Sjúkrasjóðsnefndin skýrði frá störfum sínum
sem aðallega væru innifalin í því að hún samdi samskota-
lista, og lagði hann fram á almennum hreppsfundi síðasta
vetrardag, og safnaðist á þeim fundi á fimta hundrað krónur
8. Málefnanefnd: Geirlaug Jónsdóttir flutti það mál. Stofnun
hljóðfærasjóðs. Gat hún þess að hún hefði helst hugsað sér að
stofnun hans yrði þannig, að hver félagsmaður legði til vissa
upphæð á ári hverju. Sömuleiðis mintist frummælandi þess
að Söngfélagið Þröstur ætti dálítinn sjóð, sem að líkindum
hefði verið (keyptur) myndaður til að kaupa fyrir hljóðfæri en
þar sem flokkurinn væri nú hættur að starfa, myndi máske
vera hægt að fá sjóðinn með einhverju móti. Var málið því
næst lagt fyrir fundinn til umræðu
Tóku 5 fundarmenn til máls, og voru þeir allir sammála
framsögumanni um það, að mikil þörf væri á því að félagið
ætti hljóðfæri, sögðu einnig að það lýsti svo miklu menningar
sniði hjá U. M. F. H. að eiga gott hljóðfæri.
Þá kom fram tillaga frá Jóni Konráðssyni studd af Páli
Erlendssyni svohljóðandi
„Fundurinn samþykkir að U. M. F. H. stofni til sér-
„staks sjóðs til orgelkaupa og kýs í því skyni 3ja manna
„nefnd til þess að ganga fyrir þessu, og sjá um það
Urðu um tillögu þessa engar umræður. Var hún borin upp
og samþykt. Þar næst fór fram nefndarkosning og hlutu
kosningu: Geirlaug Jónsdóttir, Páll Erlendsson og Jón ~~Konráðs~~
9. Formaður tombólunefndar Jón Konráðsson lýsti því yfir að

inn hefði komið fyrir tombólu er haldinn var á sumardaginn fyrsta kringum 220 kr. með inngangseyri á dansi. Sömuleiðis gat hann þess, að félagið ætti 100 krónur yfir á Sauðárkróki, sem nefndin hefði ekki getað nálgast. Nokkrar umræður urðu um það, hvort halda ætti tombólu næsta haust og reyna þá að safna munum til viðbótar í sumar.
Tillaga kom frá Páli Erlendssyni studd af Jóni Konráðss. svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að beina þeim tilmælum til
„hlutaveltunefndarinnar að hún haldi á næsta hausti
„hlutaveltu eða bögglauppboð á þeim dráttum, sem eftir
„eru og reyni að safna bögglum eða dráttum til viðbótar

Tillagan var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10 Björn Jónsson Bæ gat þess að inn hefði komið fyrir skemtun þá er haldinn var fyrir skrúðgarðinn, en þar sem reikningar voru ekki á fundinum, skýrði Björn munnlega frá ágóða af þeirri skemtun og var hann kr. 40.00

11. Jón Konráðsson þakkaði félagsmönnum fyrir góðar samfélagsstundir síðan hann kom í þetta félag, sömuleiðis óskar hann öllum félagsmönnum gleðilegs sumars og góðrar líðan framvegis, og allir mættu saman koma í haust heilir heilsu á sál og líkama

12 Sungið: Vorið er komið o.s.fr.

13. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum, og var fundi slitið

Fundarstjóri
Sigurður Jónsson Hofsi

Ritarar
Jósafat Sigfússon
Kristinn Erlendsson, Hennari

Sunnudaginn þ. 13/11 -1927 var fundur haldinn í U.M.F.H. í Hofsó á venjulegum stað og tíma. Þar sem ritarar fundarins voru ekki mættir tilnefndi fundarstjóri sér ritara Jóhann Eiríksson Berlín og Kristján Þorsteinss. Aukreitis mættur var einn félagi frá U.M.F Von í Fljótum
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: Hvað er svo glatt.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt.
3. Lesinn upp „Félaginn"
4. Málefnanefnd ekki mætt gerði þá fundarstjóri fyrirspurn til stjórnarinnar um málefni. Þar næst tók til máls Björn Jónsson Bæ og gat þess að sér hefði borist bréf frá Páli Erlendss. svohljóðandi að hann vildi að félagið héldi skemtun um jólin
Lagði Kristinn Erlendsson það þá til að félagið héldi skemtanir fjárhagsins vegna svo margar, sem hægt yrði og vildi að kosin yrði nefnd til að sjá um skemtanir á vetrinum. Um málið urðu miklar umræður og flestallir með því. Þá kom tillaga frá Kristinn Erlendssyni svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að kosin verði 5 manna nefnd,
„sem sjái um og haldi svo margar skemtanir sem hægt er
„yfir þennan vetur til inntektar fyrir félagið og hafi nefnd-
„in fullt framkvæmdarvald í þeim greinum.

Studd af: Jósafat Sigfússyni: Kristinn Erlendsson

Tillagan var borin upp og samþykkt.
Þá kom tillaga frá Jóhanni í Berlín svohljóðandi:

„Fundurinn leggur til að í skemtinefndina séu kosnir þeir
menn sem ekki eru starfandi í öðrum félögum.

Jóhann Eiríkss. Studd af Kristj. Þorsteinss.

Um tillöguna urðu litlar umræður, og var hún því næst borin upp og feld með 8 atk. gegn 7.
Þá var kosið í nefndina skriflega og hlutu kosningu:

| | |
|---|---|
| Björn Jónsson Bæ | 12 atkv. |
| Pétur Jónsson | 11 " |
| Jónanna Jónsdóttir | 9 " |
| Kristján Þorsteinsson | 8 " |
| Kristinn Erlendsson | 8 " |

5. Þá kom fram beiðni frá Barnastúkunni um að fá lánuð leiktjöld nú bráðlega var það borið upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum
6. Áminti þá gjaldkeri félagsins fundarmenn um að borga árstillög sín.
7. Kristinn Erlendsson gat þess að nefnd sú sem kosin var í fyrra í sjúkrasjóðsmálið hefði ekki starfað alt til þessa en bjóst við að hún myndi halda fund bráðlega

8. Þar sem engin málefni lágu fyrir fundinum þá tilnefndi formaður starfsmenn til næsta fundar: til fundarstjóra Björn Jónsson Hafsó, og nefndi hann til ritara Jóhannes Stefánsson Bæ og Sigm. Baldvinss. Þönglabakka
Í málefnanefnd; Ingólf Þorleifsson
Árna Jóhannsson Hrauni og Guðberg Kristinsson. Ritnefnd: Jónanna Jónsdóttir, Steinunn Ágústsdóttir og Pálu Árnadóttir
9. Þar sem nokkuð var eftir af fundartímanum en ekkert lá fyrir fundinum kom fram tillaga frá Kristinn Erlendssyni svohljóðandi:
„ Fundur leggur til að þar, sem ekkert málefni liggi fyrir
„ fundinum þá vilji hann láta slíta fundi
Kristinn Erlendsson. Studd af Jósafat Sigf.
Tillagan var borin upp og samþykkt með 8 atkv. gegn 1.
10. Þar næst áminnti formaður félagsins alla fundarmenn um að mæta stundvíslega á fundum. Eftir að allir fundarmenn höfðu staðið upp og sungið „Blessuð sértu sveitin mín“ sagði fundarstjóri fundi slitið

Kristján Ágústsson
fundarstjóri

Ritarar
Jóhann Eiríksson
Kristján Þorsteinsson

Sunnudaginn 11/12 - 1927 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma. 29 sátu á fundinum.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Sungið „Ég vil elska mitt land“
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt án breytinga
3. Lesin upp Tilgivin og þótti félögum gaman af og vitulega og skáldlega samið.
4. Stjórnmál: Stóð þá upp stjórnarmaður Páll Erlendsson og leiddi inn á fundinn grasræktarmálið og beindi þeirri spurningu til fundarmanna um það, hvort þeir vildu leigja blettinn eða hvort félagar vildu sjálfir reyna að rækta hann. Talaði um tilboð frá Árna á Hrauni, en ekki hefði samist með honum og stjórninni. Hún hefði viljað leigja honum part yst á blettinum, en Árni hefði viljað fá eystri hluta blettsins. Þar næst stóð upp Jósafat í Gröf, sagðist hann vilja að félagar reyndu að girða allan blettinn á næstk. vori; því þá væri hægra að vinna að honum á eftir. Sagði hann ennfremur að ef félagar hefðu nokkurn áhuga fyrir þessu þá gætu þeir gefið svo sem 1-2 dagsverk hver félagi. Þá bað um orðið Jón frá Bæ og sagðist hann þakka stjórninni fyrir að að hafa flutt þetta mál inn á fundinn. Einnig komu tilmæli frá honum um það, að ekki yrði það að ágreiningsefni milli stjórnarinnar og Árna
Stóð þá upp Pétur Jónsson og sagðist vilja gefa fundinum þá skýringu í þessu máli, að stjórnin hefði viljað láta Árna hafa jafnt af breidd og lengd blettsins, en það hefði Árni ekki viljað. Þá stóð upp Kristinn Erlendsson og kvaðst þá fyrstu hendi hafa verið með grasræktinni, og spurðist fyrir um hvort stjórnin hefði leitað fyrir sér hjá fleirum en Árna er vildu taka eitthvað af blettinum að sér, en fékk ei svar. En þar sem hann fjekk ei svar, sagðist hann vita af manni er kannske mundi vilja taka part af blettinum til ræktunar, mínsta kosti hefði það verið vilji mannsins í fyrra
Þegar hér var komið málum stóð Jón Konráðsson upp og sagðist hafa verið búinn að semja tillögu, sem hann vildi leggja fyrir fundinn. Var þá tillagan borin upp svohljóðandi
Fundurinn samþykkir að tekinn verði upp samningar þeir sem ekki náðust s.l. vetur á milli U.M.F.H. og Árna frá Hrauni þannig:
1. Að U.M.F.H. leigi Árna eina dagsláttu syðst af landi sínu utan við Hafsá til 8 ára. Leigu eftir þessa landsspildu skal ekki greiða í þessi 8 ár, en að þeim liðnum skili leigutaki landinu aftur til U.M.F. og eje þá alt í viðunanlegri rækt og sæmilega vel girt og falli girðingin sem eign til félagsins
2. Fundurinn samþykkir ennfremur að fela félagsstjórninni að gera fyrir félagsins hönd samninga við Árna ef til kemur
Jón Konráðss.
Studd af Kristján Ágústss
Því næst kom tillaga frá sama manni svohljóðandi:
Fundurinn samþ. að félagið girði af á næsta vori eina dagsláttu af landi sínu utan Hafsár og sé hún tekin

lýðst af landi félagsins jafnhliða því landi sem
Árni Hrauni tók með að taka. Félagsstjórninni falið að
sjá um framkvæmdir á þessu.
Studd af Kristjáni Ágústss. Jón Konráðsson
Því var tillagan borin upp og samþ. með öllum greiddum
atkvæðum
Páll Erlendsson kom því næst með málefni frá Guðberg
Kristinssyni í tillöguformi svohljóðandi:
Fundurinn samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til
að athuga og gera tillögur um allar þær breytingar er koma
á aðalfundi félagsins við lög þess og fundarsköp
Skulu þeir er ætla sér að koma með breytingar, koma þeim
til nefndarinnar fyrir 12. jan. 1928 annars verða þær ekki
teknar gildar. Guðberg Kristinsson, studd af Páli Erl.
Um tillöguna urðu dálitlar umræður og voru allir með henni
Var hún borin upp og samþ. Kosningu hlutu:
Jón Konráðss. með 15. Kristján Þorsteinss. með 8. og Kristján Ágústs með
8 atkvæðum
Fundarlokin var á enda. Árni frá Hrauni lagði fram til umræðu
fundar málefni: Hvað þroskar manninn mest andlega og
líkamlega. Til fundarstjóra var kosinn Kristján Þorsteinsson
en hann kaus til ritara Sigmund Baldvinsson og Jóhannes
Stefánsson. Rökrnefnd kosin: Sigmundur Baldv. Konráð Hrauni
og Jósafat í Gröf. Þá var sungið. Vel er mælt til vina fundar.

Fundi slitið

ritarar. Þorsteinn Kristinsson — Jóhann Eiríksson
Jónína Jónsdóttir

Sunnudaginn 29/1 - 28 var fundur settur í U.M.F.H. á venjulegum
stað og tíma.

1. Sungið: „Hvað er svo glatt"
2. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.
3. Félagatal lesinn upp.
4. Stjórnarmál: Páll Erlendsson gat þess að samkvæmt síðustu
fundargjörð væri eftir að skipa byggingarnefnd, og hefði stjórnin
gjört það, og lagði hún með fram nefndarskipunina. Sömuleiðis
hefði hún skipað aðra nefnd, sem borin yrði upp á þessum fundi

Húsbyggingarnefnd var svo skipuð: Kristinn Erl. Kristján Þ.
Kristján Ágústs. Björn J. Hafsá og Jóhannes Stefánss. Bæ.
Jarðræktarnefnd: Árni Jóh. Hrauni, Ingólfur Þorl. og Jósafat
frá Gröf. Nefndarskipunin borin upp og samþ.
Kristinn Erl. óskaði eftir að vera laus úr nefndinni ef hægt væri,
vegna þess að hann því bættu. Páll Erl. kvað ákjósanlegt að ekki
slíkt því áður en menn færu yfir búið að ákveða hvað vinna ætti
og aðalundirbúningur búin. - Nokkrar umræður urðu um hvort
nefndin skyldi starfa sjálfstæð eða í samráði við stjórnina
Kom fram tillaga frá Jóni Konráðss. studd af Páli Erlendss.
svohljóðandi: „Fundurinn lítur svo á að stjórn félagsins
sé höfuð þeirrar nefndar sem hún tilnefnir
Tillagan var samþ.

5. Nefndarmál engin.
6. Kristján Ágústsson kom með það málefni sem hann hafði
lagt fram á síðasta fundi sem var hve ára afmæli félagsins
Gat hann þess að eftir gefnum upplýsingum væri fél. nú 11 ára;
gat hann þess að menn myndu frekast hallast að því, að halda
yrði upp á afmæli fél. ekki fyr en það hefði eignast heimili
en reyndum að halda innbyrðis skemtun fyrir félaga. Voru
flestir því samþ. Formaður félagsins kvaðst vera á móti því að
haldin yrði nokkur skemtun, sem hefði kostnað í för með sér
fyrir félagið. Tillaga kom frá framsögumanni svohljóðandi:
„Er fundurinn því samþykkur að haldin verði innbyrðis
skemtun í félaginu í vetur og kosin yrði 5 manna nefnd
til framkvæmda. - Tillagan borin upp og samþ.
Þessir hlutu kosningu í nefndina: Kr. Ág. með 13 atkv. Jón Konráðs 10 atkv. Páll Erl. 8 atkv. Pétur J. 7 atkv. Jósafat Gröf 8 atkv.
7. Annar málefnanefndarmaðurinn kom með það málefni að
bjóða U.M.F. Geisla til sín, álít það myndi efla félags-
skap og samvinnu meðal félaganna. - Kr. Erlendss. vildi bíða
að það biði þar til húsið væri komið upp. Pétur J. stakk upp
á að bjóða stjórn fél. á fyrirhugaða skemtun. Framsögum.
kom með þá tillögu að fresta málinu til óákveðins tíma, og var
það samþ.
8. Starfsmannakosning: Fundarstjóri kosin Kristján Ágústs
Ritarar. Valgerður Jónsdóttir og Pála Pálsdóttir

Málefnanefnd: Árni Jóhannsson Hrauni
Jónanna Jónsdóttir og Sigmundur Baldvinsson.
Beðir hældnar á fundinum 41.
Ritarar: Kristján Þorsteinsson
Kristín Ef. Björn J. Hafsíð fundarstjóri

Sunnudaginn 26. febr. var fundur haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og stundu. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Sungið „Hvað er svo glatt"
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ.
3. Lesin upp afsökun frá Kr. Þorsteinss. um að hann hefði ekki getað komið á fund.
4. Félagsins.
5 Stjórnmál. Stjórn fél. gat þess að hún hefði eitt mál með=ferðis og bað hún Jón Konráðss. að hafa framsögu í því. Jón Konráðss. tók þá til máls og skýrði frá að málið væri viðvíkjandi húsbyggingunni nú sem fyr og að þetta væri nokkurskonar Grettistak, sem allir ungmennafélagar yrðu að leggjast á eitt til að lyfta. Síðan las hann upp sundurliðaða áætlun yfir kostnað og efni við til hússins. Um leið gat hann þess að þyrri utan þetta væri öll vinna nema að eins við smíðar og lagði til að hver félagsmaður væri skyldaður til að gefa til steypuvinnu í vor, 3 dagsv. karlm. og tvö dagsv. kvenmaður. Um málið urðu miklar umræður og fleiri tillögur þessari tillögu. Frá Kristínu Ef. kom tillaga studd af Páli Ef. um að ganga til atkvæða um málið. Var hún samþ.
Svohljóðandi tillaga frá stjórn félagsins samþ.
„Fundurinn er samþ. því að hver félagi í U.M.F.H. skuld„bindi sig til að inna af hendi á næsta vori að minnsta „kosti 3 dagsv. karlm. og 2 dagsv. kvenmaðurinn við steypu „við fyrirhugaða byggingu félagsins. Loforðið er því skil=„yrði bundið, að þeir sem ekki geta sjálfir unnið útvegi „fullgilda menn í sinn stað eða heimili byggingar=„ráðinu að kaupa menn á sinn kostnað, og leggi mönnum „að gera stjórninni aðvart í tíma. Tillagan samþ. af 25 „gegn einu
Páll Ef. gat þess að mikið væri eftir enn að undirbúa undir steypu, meðal annars moka upp úr grunninum, og flytja upp grjót, og lagði hann til að safnað yrði gjafadagsverkum til þessa starfs og byrjað strax í dag. – Síðan var safnað loforðum og var lofað 56 dagsverkum.
6. Nefndarálit engin
7. Málefnanefnd. Sigm. Baldvinss. og Jónanna Jónsdóttir lagði fram málefni: Söfnun örnefna. Um málið urðu dá=litlar umræður. Tillaga kom frá Páli Ef. svohljóðandi. Fund=urinn samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til að starfa í málinu: Söfnun örnefna, og taka á móti munum sem félagar vilja gefa. Tillagan samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Síðan fór nefndarkosning fram og hlutu kosningu, Jónanna Jósafat Sigf. og Sigm. Baldv.
8. Jón Konráðss. minntist á umsókn um styrk til sundkennslu en það mál var tekið út af dagskrá
9. Starfsmannakosning: Fundarstjóri nefndi í málefnanefnd: Guðberg Kristins, Björn J. Bor, Pétur Jónss. Árni frá Hrauni skilaði ekki af sér og situr til næsta fundar.
Ritnefnd: Sigm. Baldv. Konráð Jóh. og Anton Kjartanss.
Fundarstjóri til næsta fundar. Pála Árnadóttir
Ritarar: Jónanna J. og Steinunn Ágústsdóttir.
10 Sungið „Svínar kali eyrnið"
Fundi slitið
Ritarar: Gerða Jónsdóttir
Pála Páladóttir
Kristján Ágústsson
fundarstjóri

Sunnudaginn 11. jan. 1928 var aðalfundur U.M.F.H. settur og haldinn í þinghúsinu í Hafsíð. Fundinum stjórnaði formaður félagsins Pétur Jónsson. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Sungið. Vormenn Íslands.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi án breytinga.
3. Félagsins eða grein úr honum eftir Pál Erlendsson: Gamla árið – Nýja árið. Var greininni tekið með lófataki.
4. Reikningar félagsins endurskoðaðir framlagðir og samþykkti án athugasemda.
Í sambandi við reikningana var því hreyft að tillögur um tekjur að kartöflugarðinum, væri léttt að geta ekki komið því svo fyrir að ungmennafélagar sjálfir gætu unnið að honum

og þá myndu líklega af honum vaxa þekur, en ef að keypt vinna væri fengin. Þessu var svarað á þá leið, að aflast(?) nær væri flestir félagar færir beztu til að leita sér atvinnu, þegar vinna þyrfti í garðinum t.d. að láta hann, og annaðhvort væri að láta hann vera í óhirðingu eða kaupa þá vinnu

5 Lög félagsins lesin upp til samþykktar. Þau voru lesin upp grein fyrir grein og jafnóðum borin upp til samþykktar.
Voru allar greinar laganna samþ. að ~~[struck]~~ 9. gr. Í stað orðanna „þá má fela einstökum nefndum" komi: þá má stjórnin fela o.s.fr. og 11 gr breytt þannig að í stað fundarstjóra komi formaður. Síðan voru 12-13-14 og 15 gr. samþ. án breytinga. Að lokum voru þau borin upp öll og samþ.
Þá voru fundarsköpin lesin upp grein fyrir grein og samþ. Kom þá fram viðbótargrein við lögin svohljóðandi

Á fyrsta fundi hvers starfsárs skal kjósa 3ja manna nefnd til að athuga lög félagsins og samræma við þau þær breytingar er fram kynnu að koma. Þær breytingar, sem félagar óska að koma á lög félagsins skulu vera komnar til nefndarinnar eigi síðar en ½ mánuði fyrir aðalfund.
Tillagan var samþ. sem 16 gr. laganna.

6. Stjórnarkosning: Hún fór á þá leið að gamla stjórnin var endurkosin. þeir Pétur Jónsson
Páll Erlendsson og
Björn Jónsson í stað Jóhannesar Stefánss.

7. Dómnefnd. Kosningu hlutu: Jón Konráðsson með 10 atkv.
Kristinn Erlendss. " 6 "
Kristján Agústss. " 8 "
Sigmundur Baldvins. 8 "
Anna Pálsdóttir " 7 "

8. Félaginn: Ritstjórinn endurkosinn Sigmundur Baldvinss.
Í sambandi við þetta mál, vakti Páll Erlendsson máls á því að félagar sinntu lítið blaðinu. Væri naumast hægt að segja að í blaðið skrifuðu nema 1-2 meðlimir. Taldi hann að breyting þyrfti að koma á þetta, allir félagar þyrftu að láta greinar í blaðið um einhver sín áhugamál snertandi félagið.
Hvatti hann mjög félaga sína til að hefjast handa.

9 Endurskoðendur kosnir til að endurskoða ~~[struck]~~ ~~félagsins~~ þar.

Anna Pálsdóttir og Valgerður Jónsdóttir.

10 Húsbyggingin. Um þetta mál urðu allsnarpar umræður, er - staka(?) þó um það hvort sú nefnd, sem starfað hefði að þessu máli og einnig að jarðræktarmáli ætti að sitja óbreytt. Enn fremur kom fram sú fyrirspurn hvort nefndir yfirleitt ættu ekki, eftir því sem hægt væri, að skila af sér við hvern aðalfund og þá ganga úr, og þá yrði gengið til kosninga í þær aftur ef þörf gerðist. Var um þetta þvælt fram og aftur all langa hríð og að síðustu samþ. að allar nefndir ættu að skila af sér störfum við enda hvers reikningsárs eða á aðalfundi, og þá fara fram nýjar nefndarkosningar.
Þá enduðu umræður um húsbyggingarnefndina þannig, að samþ. var ný samþ. lagabreyting, að stjórnin að skipa þá nefnd ef hún teldi þess þörf, og aðrar þær nefndir er hún teldi þess nauðsyn á að skipa

11. Með því fundartíminn var orðinn all langur eða um 6 tíma, fannst mönnum ráðlegast að fara að kjósa starfsmenn. Fundarstjóri var kosin: Kristján Þorsteinsson. Til ritara nefndi hann Valgerði Jónsdóttur og Sálu(?) Pálsdóttur. Í Rótnefnd(?) Páll Erlendsson Konráð Jóhannsson og Jón Kjartansson. Málefnanefnd Árni Jóhannsson Kristján Agústsson, Björn Jónsson

12. Sungið. Eg elska yður þér Íslands fjöll: og síðan fundi slitið
Pétur Jónsson
Ritarar. Páll Erlendss. og Jóhannes Stefánsson fundarstjóri

Sunnudaginn 25. marts 1928 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. og byrjaði stundvíslega.
Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Fundur settur. Árni Jónsson frá Víðivöllum sat á fundinum
2. Sungið: „Vormenn Íslands"
3. Fundargjörð frá síðasta fundi samþ. án breytinga
4. Félaginn lesinn upp fólki til gamans.
5 Stjórnarmál engin.
6. Nefndarmál: Skemtinefnd skilaði af sér og lagði fram ágóðareikning síðustu skemtunar. – Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til þess að starfa fyrir „Sjóðinn íslenzkra kvenna" lagði fram nefndarálit og lagði til í því að þeir, sem óskuðu sér að gefa muni, sem lúta að íslenskum iðnaði, ættu að vera búnir að afhenda þá nefndinni fyrir 20. apríl næstkomandi

Eftir að nefndarálitið var lesið upp, var þögn í salnum litla stund og varð Björn Jónsson Bæ fyrstur til þess að rjúfa þögnina. Taldi hann víst að mörgum mundi þykja að sér hafa snúist hugur gagnvart máli þessu. Kvaðst hann líta svo á að þessi íðnmanna söfnun mundi ekki framkvæmanleg nú á þessum vetri, taldi stuttan tíma fyrir hendi og álíti að það mundi draga frá hinni fyrir huguðu íþróttavelli, sem ákveðið er að félagið haldi á fyrsta sumardag, en engir félagar léð til þess, væri hann því samþykkur. — Næstur talaði Kristinn Erlendsson, kvaðst hann vera þessum báðum málum fylgjandi; en leit þó svo á að söfnun íðnmanna myndi draga þekkar úr íþróttavelli
Guðberg Kristinsson stóð upp og horfði þungbúinn yfir fundarmenn, fór hann mörgum velvöldum orðum um málin blandaði þeim báðum saman eins og þeir sem áður höfðu talað en lagði þó þekkar til að nefndin starfaði til ákveðins tíma, en aftur á móti að við snérum okkur heldur að íþróttavellinum; en halda á. Var ræða þessi skörulega flutt og eldlegum áhuga hjá flytjanda.
Þá talaði næst Kristján Ágústsson. Sagðist hann enga ástæðu sjá til þess að fella niður á þessum fundi það sem samþ. var á næsta fundi áður þar sem ekki hefðu komið fram neinar rök=studdar ástæður fyrir nauðsyn þess að fresta framkvæmdum á þessum þeim máli; sagði hann ennfremur að þar sem félagar hefðu haft íþróttavöllu í huganum síðan í fyrra hefði það ekki átt að verða þessu til fyrirstöðu.
Pétur Jónsson bað þá um orðið, sagði hann að full þörf hefði verið að fundarstjóri hefði ei látið blanda þessum málum saman sem þó ólík væru, sagði hann eins og síðasti ræðumaður hefði tekið fram, ekki sjá neina ástæðu til að fresta þessu máli. Björn í Bæ tók það fram aftur að ef þetta væri talið framkvæmanlegt væri hann því eigi mótfallinn! en taldi þó litlar líkur tímans vegna að það gæti orðið að sinni og í þessu sambandi kom hann með tillögu svohljóðandi studd af Jósafat Sigfússyni.
„Fundurinn samþykkir að íðnmannasöfnuninni verði
„frestað til næsta hausts vegna þess hve framorðið er

vetrar."
Um tillöguna urðu talsverðar umræður og voru sumir fundarmenn orðnir talsvert heitir og hátalaðir. Var tillagan síðan borin upp og samþ. með 9 gegn 7 atkv.
7. Málefnanefnd. Guðberg Kristinsson kom með málefni er var þetta: Hverjar af skemtunum þeim, sem við Íslendingar iðkum þroska manninn mest andlega og líkamlega og hverjar eru óhollastar andlega og líkamlega
8. Málefnanefnd: Pétur Jónsson, Björn Jónsson Bæ og Árni frá Hrauni aftur kosin
9. Ritnefnd: Kristín Kristinsdóttir, Ásta Kristinsdóttir og Steinunn Ágústsdóttir. Fundarstjóri kosin Steinunn Ágústsdóttir. Ritarar Pétur Jónsson og Vilhelm Jónsson.
Sungið: „Ó fögur er vor fósturjörð"

Fundi slitið

Ritarar. Sála Arnadóttir

Jónanna Jónsdóttir. Steinunn Ágústsd.

Á skírdag 1928 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. og hófst stundvíslega. Gjörðir fundarins voru þessar:
Sungið Hvað er svo glatt.
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþ.
Stjórnmál: Svohljóðandi tillaga frá Pétri Jónssyni samþ.
Fundurinn samþ. að sent verði heillaóskaskeyti til Konráðs Jónssonar frá Bæ í nafni U.M.F.H. í tilefni af brúðkaupi hans.
Málefnanefnd. Hvaða skemtun þroskar manninn mest andlega og líkamlega. Framsögum. Guðberg Kristinsson. Minntist hann á ýmsar, dans, bíó og skáldasagnalestur. Taldi hann bíó og skálda=sagnalestur skaðlegt andlega en íþróttir og dans til líkamlegrar þroskunar, kvaðst hann álíta að í vinnunni mætti finna þroskun en hann taldi hana ekki skemtun. Tók næstur til máls Páll Erlendss. Kvaðst hann fagna því að þetta málefni væri til umræðu, og sagði það myndi vera fyrsta málið er komið hefði síðan hann kom í félagið sem hægt væri að ræða af öllum óþvingað, kvað hann einnig það mætti hafa verið lagt fram á aðalfundi í vetur en það hefði ekki verið rétt en þá. Kvaðst hann vera á því að flestar skemtanir væru til

andlegra og líkamlegra þroskunar ef þeim væri skift í flokka
Taldi þá upp nokkrar skemtanir, skíða og skautaferðir og til-
gang þeirra til þroskunar.
Kristján Þorsteinsson kvaðst vera Páli sammála um að ekki
mundi æskila að skifta skemtunum í flokka, kvað æfilíð eitthvað
af hollum og góðum íþróttum, svo sem glímum, sundi, skíða
og skautaferðum. Konráð Jóhannsson kvaðst álíta að einnar
þroskaði mest, ef menn ynnu með réttum skilningi á henni
en áleit að hún væri ekki þrældómur eða þrælkun eins og á hefði
fundist framsögum. álíta - Sveinn sagðist vilja telja eitt af
daglegu störfunum til þroskunar, en kvaðst þó ekki geta álitið rétt
að telja alla vinnu skemtun. Bj. Jóns. Bær sagðist fagna með
Páli framkomu þessa máls, það hefði skapað skemtilegan fund
sagðist lítið geta bætt við áður talda skemtanir, kvaðst vilja taka
undir með Kr. Þorst. að æfilíð væri eitthvað af íþróttum og taldi líklegt
að það mundi aukast með hinu nýja húsi félagsins
Pétur Jónsson sagðist telja vinnuna skemtun og þá um leið
æðstu og mestu til þroskunar andlega og líkamlega þar sem
engin skemtun gæti framleidd nema með vinnu, til hans svo
á að í dag hefði verið rætt um nokkra liði þessarar miklu
skemtunar vinnunnar.
Kosnir starfsmenn. Málefnanefnd: Kr. Þorst., Páll El. og Sveinn
Ritnefnd: Guðberg, Páll El. Sigm. Baldv.
Fundarstjóri: Steinn Ágústsson. Sungið: Eldgamla Ísafold
Fundi slitið
Ritari. Pétur Jónsson Steinunn Águstsd.

Sunnudaginn 23/11 - 1928 var fundur settur og haldinn í U.M.F.K.
á venjulegum stað og tíma; byrjaði óstundvíslega, mættir voru 15 félagar
Hinn kjörni fundarstjóri var ekki mættur og nefndi form. Jósafat
Sigfússon til fundarstjóra. Fundarstjóri bað fundarmenn að
syngja „Ó fögur er vor fósturjörð". Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ. með litlum
leiðréttingum
2. Stjórnmál. Páll Erlendsson flutti beiðni frá nokkrum Konum
þess efnis að félagið lánaði hið hið nýja hús sitt fyrir jóla=
trésskemtun, er þær ætluðu að halda milli jóla og nýjárs. Mæltist
hann til þess að félagið yrði við þessari beiðni; ef það sæi sér
það fært. Björn Jóns. gat þess að félagið vildi síður lána húsið
áður en það væri vígt. Sömuleiðis gat hann þess að stjórnin hefði
komið sér saman um að enginn utanfélagsmaður, sem væri innan
fermingaraldurs mætti vera á vígslu skemtuninni. Jón Konr.
kvaðst síður vilja lána húsið áður en það væri vígt, en að öðru leyti
mæltist hann til þess við stjórn félagsins að hún reyndi, ef
mögulegt væri að haga vígslunni þannig, að hægt væri að verða við
þessari beiðni. Jóhann Einarss. þakkaði stjórninni fyrir að hafa
lagt þetta mál fyrir fundinn þetta öðrum stjórnmálum og var hann
málinu fylgjandi. Konráð Jóhannsson var einig samþ.
þessu máli, og áleit hann að jafnvel mætti lána húsið til þess-
arar skemtunar, þó að ekki væri búið að vígja það. Pétur Jóns.
áleit að ekki yrði þægilegt að verða við þessari beiðni vegna þess
sér fyndist óviðeigandi að vígja húsið, þar sem svo mikið væri
enn þá ógjört - Kristinn Erlendsson mæltist til þess að fundurinn
yrði við þessari beiðni og sömuleiðis til þess að stjórnin hraðaði
svo vígslunni, kvað hann ekki mundi verða til þess tekið, þó að hús-
ið væri vígt að einhverju leiti óklárað, þar sem svona stæði á
Tillaga kom frá Jóni Konráðs. studd af Kr. Ágústss. svohljóðandi
Fundurinn óskar þess að stjórn félagsins, ef hún getur,
flýti vígsluathöfninni svo hægt sé að verða við beiðni jólatrés-
nefndarinnar, og að allir félagsmenn leggi fram þá vinnu
sem stjórnin telur að þurfi til undirbúnings vígslunnar.
Tillagan borin upp og samþ. með 8 gegn 1 atkvæði
Nefndarmál. Tvö nefndarmál voru til frá síðasta fundi: Vask-
legir fundir framsögum. Bj. J. Bæ og orgelmálið og var það tekið
til umræðu. Pétur Jónsson óskaði eftir að gefnar væru upp nánari
upplýsingar viðvíkj. orgelkaupunum, sagði hann að málið hefði lítið
verið rætt á síðasta fundi, og þessum fundi væri eitthvað af félögum, sem
ekki hefðu verið mættir á síðasta fundi. Jón Konráðsson gerði grein
fyrir hverjir væru ástæður fyrir því að félagið væri búið að fá sér orgel
las hann upp ávarp, er hljóðaði upp á frjáls samtök til orgelkaupa
ásamt nokkrum áskrifendum
Björn J. Bæ gat þess, að kosin hefði verið nefnd 1927 til að safna
fé til orgelkaupa fyrir félagið.
Páll Erlendsson kvað nefndina hafa lítið starfað 1927 en á aðalfundi

1928 hefði hún verið endurkosin og frekar verið óskað eftir, að hún starfaði með meiri dugnaði fyrir málið. Um málið urðu talsvert miklar umræður og auk áðurnefndra fundarmanna töluðu Jóhann Eiríksson, Ingólfur Þorleifsson og Kristinn Erlendsson. Játuðu flestir ræðumenn orgelið ómissandi eign fyrir félagið. En nokkuð voru skiftar skoðanir manna á lántöku „Þrastarsjóðsins“ og skilmálum þeim sem lántökunni fylgdu.
Kristinn Erlendsson kom þá með svohljóðandi tillögu: Að málið væri tekið út af dagskrá og nefndinni falið að safna frjálsum samskotum til þess að borga orgelið með. Tillagan borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Þessu næst kom tillaga frá Pétri Jónssyni: „Fundurinn samþykkir það sem nefndin hefir þegar gjört í málinu“. Tillagan borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Var svo málið tekið út af dagskrá sem fullrætt.
Þegar hér var komið var langt liðið á fundartímann og var því samþ. að fresta málinu „Verklegir fundir“ til næsta fundar, sem ákveðið var að halda 13. jan. næstk. ár 1929.
Var þá gengið til starfsmannakosningu til næsta fundar og hlutu þessir. Fundarstjóri Jóhann Eiríksson, nefndi hann til ritara Pétur Jónsson og Kristján Þorsteinsson.
Málefnanefnd: Kr. Erlendsson. Kr. Þorsteinss. og Konráð Jóhannss.
Ritnefnd: Ingólf. Þorleifss. Geirmund Jónss. og Kr. Þorsteinsson
Sungið: „Ísland, Ísland ó ættland.“
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Fundarstjóri
Jósafat Sigfússon

Ritarar:
Sigm. Baldvinss.
Kristinn Erlendsson

Sunnudaginn 13. jan. 1929 var settur og haldinn fundur í U.M.F.H. í hinu nýbygða húsi þess. „Skjaldborg“
Gjörðir fundarins voru þessar.:
1. Sungið vel er mætt til vinafundar.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ.
3. Lesin upp reikningur yfir vígsluskemtunina og samþ.
4. Lesin upp reikningur yfir skemtun 9/12 og samþyktur
5. Formaður skýrði frá að „Skjaldborg“ hefði verið lánað unglingaskólanum endurgjaldslaust. Í sambandi við þetta kom fram tillaga svohljóðandi: „Fundurinn samþ. að fela stjórninni að undirbúa og athuga alt er að húslánum lítur. og skila því á næsta fundi“
Samþykt.
Formaður félagsins stóð þá upp og þakkaði öllum þeim félögum og öðrum, er unnið höfðu að undirbúningi vígslunnar, á hinu nýbygða húsi félagsins, er fram fór 28 des. 1928. Ennfremur þakkaði hann Jóni Konráðssyni fyrir lampa, sem hann hafði gefið félaginu
6. Í félagið gengu Pála Pálsdóttir og Anna Pálsdóttir. Formaður bauð þá velkomna.
7. Formaður skýrði frá að komið hefði beiðni frá skólanefnd unglingaskólans að fá lánað húsið Skjaldborg til skólahalds. Allmiklar umræður urðu um málið. Tillaga kom frá Kr. Erlendss. studd af Jóni Konráðss. svohljóðandi:
Fundurinn samþ. að lána hús félagsins til unglinga skólahalds í 3 mánuði gegn 8,00 gjaldi á mánuði. Húsið verði lánað einn og það kemur fyrir í dag.
Breytingartillaga kom frá Pétri Jónssyni studd af Kr. Þorsteinss. svohljóðandi: Fundurinn samþ. að húsið verði lánað til unglinga-skólahalds, þó með því skilyrði:
1. Að skólinn verði að bera ábyrgð á ef skemdir verða af hans völdum.
2. Skólinn skal þoka ef nauðsyn krefur vegna samkvæmda félagsins
3. Skólinn greiði fyrir húslán 15 krónur á mánuði
Tillagan samþ. með 13 atkv. gegn 4.
8. Lesin upp „Félaginn“
9. Málefni kom frá Birni í Bæ: „Verklegir fundir“. Málið sett í nefnd: Kosningu hlutu: Björn Jónsson Bæ með 18 atkv.
Páll Erlendsson. 8 –
Kristinn Erlendss. – 5 –
11. Formaður skýrði frá að næsti fundur yrði aðalfundur, og því yrðu ekki starfsmenn kosnir: Ennig gat hann þess að laganefnd kæmi saman fyrir aðalfund. Sungið „Eldgamla Ísafold“ Fundi slitið

Jóhann Eiríksson
fundarstjóri

Ritarar: Pétur Jónsson
Kr. Þorsteinsson

Árið 1929, sunnudaginn þ. 10. febr. var aðalfundur U. M. F. H. haldinn í húsi félagsins „Skjaldborg“. Fundinn setti formaður félagsins Pétur Jónsson og stjórnaði honum.

Þetta gjörðist

1. Fundur settur
2. Tomlaka: Þorgils Pálsson Brúarlandi gjörðist meðlimur félagsins.
3. Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþ.
4. Ársreikningar félagsins voru framlagðir til athugunar og samþykktar án þess að endurskoðendur skrifuðu uppá þá. Að vísu viðurkendu þeir reikningana rétta hvað tölur og upphæðir snerti en líkaði ekki formið, sem reikn. voru færðir í. Um þetta urðu talsverðar umræður, og að þeim loknum kom svohljóðandi tillaga: Fundurinn samþykkir að ganga til atkvæða um reikn. félagsins og ákveður jafnframt að bæði aðalreikningur og húsbyggingarreikn. verði færðir inn í sérstaka bók

Undirr. af Kristján Ágústss. Jón Konráðsson

Tillagan var samþ. Reikningar félagsins bornir upp og samþ. Síðan skrifuðu endurskoðendur uppá.

5. Úrsagnir komu frá þessum mönnum. Kristjáni Þorsteinssyni Jóhanni Eiríkssyni, Árna Jóhannss., Guðm. Sigmundssyni Steinunni Ágústsdóttir, og Haraldi Hjálmarssyni. Einn úrsagnarmanna óskaði félaginu allra heilla í komandi framtíð, og einn þakkaði samveruna. Árni frá Hrauni flutti nokkur vel valin kveðju orð.
6. Stjórnarkosning. Björn Jónsson frá Bæ, sem setið hefir í stjórn félagsins um nokkurt skeið, gat þess að hann gæfi ekki kost á sér til stjórnarsetu.

   Þá fór kosning fram og hlutu kosningu

   Pétur Jónsson með 10 atkv.

   Páll Erlendsson - 12 -

   Jóhann Stefánsson 6 - með hlutkesti milli hans og Kr. Ágústssonar og Björns Jónssonar, sem fengu jafna atkvæðatölu við Jóhannes. Varastjórn var því Kristján Ágústsson, Björn Jóns og Sigm. Baldvinsson.
7. Dómnefnd: Í hana kosnir: Kr. Erlendsson, Sigm. Baldvin Björn Jónss Hafsó, Björn J. Bæ og Pétur Jónsson
8. Jóhannes Stefánsson Bæ kosinn til að fara á Sambandsfund
9. Lög félagsins. ~~Með~~ Þar eð engin tillaga hafði fram komið um breytingu á þeim voru þau lesin upp í einu lagi og samþ.
10. Fundarsköp einnig lesin upp og samþ.
11. Sungið „Blessuð sértu sveitin mín“

Fleira ekki gert, fundi slitið

Pétur Jónsson

Páll Erlendsson

Sunnudaginn 10 marz 1929 var fundur haldinn í Ungmennafélaginu í „Skjaldborg“

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundarstjóri sagði fundinn settan og bað félaga að syngja: „Vormenn Íslands“.
2. Skýrt frá að fundargjörð frá síðasta fundi væri ekki til.
3. Lesin upp félagin.

Eins og ákveðið hafði verið á síðasta fundi að reynt yrði að koma á verklegum fundi, var gjört. Félagar tóku verkefni sín. Til skemtunar sungu félagar og Páll Erl. spilaði undir á orgelið. Síðan lesinn í Mullersæfingum tóku sumir félagar, og lesin upp ýmis íslensk kvæði.

Þá næst var verklega fundinum slitið og umræðufundur ~~Stofnaður~~ settur. Fyrstur tók til máls Páll Erlendsson. Hreyfði hann því hve óþrifalegt væri í kring um húsið, það væri leiðinlegt fyrir félagið. Taldi hann að ekki lægi mikil vinna í að lagfæra það, að prýða blettinn í kringum húsið og myndi það ekki taka mikinn tíma, ef félagar tækju höndum saman um það. Óskaði eftir að heyra hug félaga til þess. Konráð Jóhannesson kvaðst vera sammála Páli um að félagar ynnu að þessu sjálfir. Um þetta urðu talsverðar umræður. Að lokum kom fram svohljóðandi tillaga

Fundurinn felur stjórninni að hafa framkvæmdir í málinu, og má hún kalla félaga til þess starfa

Jakobína Hallsdóttir

Tillagan samþykt.

Þá hófust umræður um garð félagsins. Kom öllum saman um að hann væri í ólestri, og vegna þess þyrfti hann mikillar þessar. Var um það rætt fram og aftur, hvort ætti að stækka hann næsta sumar. Urðu um þetta talsverðar umræður. Komu fram ýmsar uppástungur. Þ. á

að fela stjórninni að sjá um gerðina, og að kjósa sjerstaka nefnd til þess. Tvær fjelagssystur þær Anna og Þála Pálsdætur buðust til þess að taka að sjer gerðina hvert ár yfir sumarið. Við þetta boð var mikið ljett yfir málinu, og kom þá fram tillaga um að kjósa nefnd til að sjá um gerðina frá Páli Erlendss. studd af Þálu Pálsdóttur.
Tillagan var samþ., og um leið kosið í nefndina. Kosningu hlutu Jakobína Hallsdóttir, Anna Pálsdóttir, Þála Pálsdóttir, Björn Jónsson og Þorgils Pálsson.
Starfsmenn til næsta fundar: Málefnanefnd ekki kosin.
Ritnefnd: Páll Erl. Rannver Sæmundsson og Vilhelm Jónsson
Fundarstjóri Geirmundur Jónsson. Nefnd til aðstoðar Björn Jónsson Hofsós og Vilhelm Jónsson.
Sungið Ó fögur er vor fósturjörð. Fleira ekki gert fundi slitið
Ritarar Anna Pálsdóttir
Jakobína H. og Þála Pálsd.

Sunnudaginn 3/11 1929 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. í Skjaldborg á venjulegum fundartíma. Stjórnaði fundinum Geirmundur Jónsson, og bað hann menn að syngja: Hvað er svo glatt. Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Lesin upp fundargjörð frá 10. marz 1929 og samþ.
2. Lesin upp reikn. frá skemmtisamkomu á sumard. fyrsta.
3. Páll Erlendsson tók til máls, fór hann nokkrum orðum um starfsemi fjelagsins á komandi starfstímabili, sjerstaklega lagði hann áherzlu á starfsemi fjelagsins á komandi starfstímabili viðvíkjandi ýmsum íþróttaiðkunum, svo sem glímum, skíða- og skautahlaupi og fleiri iðkunum. Þá hvatti hann menn til að skrifa í blaðið og halda því lifandi. Var góður rómur gerður að máli Páls. Að síðustu minntist hann á innleikta skemtanir.
4. Tekið til umræðu um innleiktar skemtanir. Var í því máli samþykkt svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn samþ. að haldin verði samkoma til ágóða
„fyrir fjelagið um næstu jól eða svo fljótt sem kostur er á
„og kjósi fimm manna nefnd í því sambandi; og skal hún
„hafa allar framkvæmdir; heimilt er þremur að ráða fram-
„gangi málsins, ef 2 ekki geta mætt.
Studd af Kristjáni Ágústss. Pjetur Jónsson

því næst fór fram kosning í nefndina, og hlutu kosningu
Jakobína Hallsdóttir, Sigmundur Baldvinsson
Kristján Ágústsson Björn Jónsson
Páll Erlendsson
Formaður fjelagsins gat þess að fjelaginu hefði borist frumvarp til laga fyrir ungmennasamband austan Skagafjarðar, en gat þess jafnframt að orðið væri áliðið fundartímans og ekki tími til að ræða það nú, en samt væri gjörlegt að lesa það upp svo menn gætu heyrt hvernig það hljóðaði einnig taldi hann gjörlegt að kjósa í það nefnd til að undirbúa það undir næsta fund. Munnleg tillaga frá Pjetri Jónssyni. „Að fundarstjóri skipi í nefndina." Till. borin upp og samþykkt. Í nefndina komust.
Pjetur Jónsson Páll Erl. a Björn Jónsson Bæ.
Starfsmenn til næsta fundar. Ritnefnd endurkosin.
Fundarstjóri til næsta fundar Jakobína Hallsdóttir ritarar Valgerður Jónsdóttir Anna Pálsdóttir. Málefnanefnd Sigm. Baldvinsson Björn Jónsson Hóli. Kristján Ág.
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.
Geirmundur Jónsson
Ritarar
Björn Jónsson Hofsós Vilh. Jónsson.

Sunnudaginn 17/11 1929 var fundur haldinn í U M F H í Skjaldborg kl. 12 á hádegi. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Fundarstjóri setti fundinn og bað fjelaga syngja „Jeg vil elska mitt land." Jafnframt skýrði hann frá að fundargjörð frá síðasta fundi væri ekki til, og þess vegna ekki lesin upp.
2. Fjelaginu lesin upp, og þar á eftir höfust umræður.
Páll Erl. stóð upp og skýrði frá því að í fyrra vor hefði verið haldinn fundur á Hólum í Hjaltadal og öllum ungmenna fjelögum austan Hjeraðsvatna hefði verið boðið að senda fulltrúa á fundinn, en þar sem enginn fundur varð í fjelag inu hjer og enginn fulltrúa hægt að kjósa, ákváðu þeir að fara Björn Jónsson Bæ og Páll Erl. en þar eð Páll gat ekki farið, varð það úr að Björn fór einn. Aðal umræðuefnið á þessum fundi var stofnun sambands milli fjelaganna að

austan verðu í Skagafirði, og kvaðst hann hafa hugsað þetta mál vandlega og komist að þeirri niðurstöðu að það gæti orðið fjelaginu til góðs að ganga í þetta samband, ekki síst hvað framkvæmdir snerti, því það sem eitt fjelagið gæti ekki áorkað, gætu fleiri ef samvinna yrði góð, og væri hann því eindregið með þessu máli, og vildi heldur að gengið yrði úr sambandi því sem fjelagið væri í nú.

Þá stóð Björn Jónsson Bæ upp og kvaðst ætla að segja frá gjörðum fundarins á Hólum. Fulltrúar mættu úr flestum fjelögum austan „Vatna“ nema úr Fljótum, en kvaðst þó hafa heyrt að þeir væru málinu hlyntir. Meðal annars sem gjört var á fundinum var að nefnd var kosin til að gjöra uppkast af sambandslögunum og kleufu kosningu.

Steingr. Steinþórss. Gunnl. Björnsson og Árni Sveinsson.

Enti hann mál sitt á þá leið að það væri leiðinlegt að ganga úr því sambandi, sem fjelagið hefði verið í, og væri og kvaðst hafa heyrt því á fulltrúafundinum á Hólum, meðal annars nýtum við þá ekki neins úr sambandssjóði en persónul. kvaðst hann þó ekki setja sig upp á móti því að fjelagið gengi í sambandið ef það yrði stofnað.

Næst tók Kr. Ág. til máls og sagðist álíta að betra væri að vinna að því að öll fjelögin gengju í það samband sem til væri í sýslunni, en að fara að stofna nýtt hjer austan „Vatna“ sagðist hann halda að þar sem fjelögin væru fleiri að austan verðu, yrðu áhrifin meiri hjer megin og líklegt að miðstöð sambandsins flyttist austur yfir t. d. að Hólum.

Þá stóð Kristinn Erl. upp og lýsti því yfir að hann væri eindregið með þessu máli, og kvað það á engann hátt útiloka að samvinna gæti orðið á milli sambandanna þó þau yrðu tvö annað austan „Vatna“ en hitt vestan. Björn Jónsson Bæ tók þá til máls og sagði að æskilegast væri að samband væri á milli allra fjelaga í sýslunni, en eins og nú stæðu sakir væri ekki hægt að búast við góðri samvinnu í sambandinu, sem fjelagið væri nú í, þar sem einn stjórnandi væri fram í Skagafirði annar á S.Krók og þriðji hjer útfrá, og svo teldu fjelagsmenn ekki síst úr Fljótum ókleyft fyrir

fulltrúa að mæta á sambandsfundi til S.Króks, en Sauðkræk-lingum að sækja fundi að Hólum.

Páll Erl. sagði að það sem Kristján Ág. hefði sagt væri ekki tímabært, fjelögin hjer væru ekki nógu þroskuð fyrir svo víðtækt starfssvið. Benti á að t. d. í Eyjafirði hefðu verið fleiri sambönd sem nú væru öll gengin í eitt. Kristján Ág. sagði að ekki mætti taka orð sín á þann veg að hann væri á móti sambandsstofnuninni, hjer austan „Vatna“ einungis vildi hann ekki láta ákveða svo fljótt að gengið yrði úr sambandinu á Sauðárkróki.

Björn Jónss. Hóli, sagðist ekki vita annað en fjelagið væri í sýslusambandi og því fyndist sjer óþarft að fara að stofna annað, því að sínu áliti gæti frekar vaknað kepni og úlfúð milli sambandanna ef þau væru tvö, heldur en góð samvinna, og betra væri að reyna lífga við það samband sem verið hefði og reyna að koma á góðri samvinnu meðal sambandsfjelaga.

Þá tók Steinþ. Jónsson til máls og kvaðst hafa orðið þessu máli samþykkur hefði fjelagið ekki verið í sýslusambandinu og þess vegna vildi hann óska að fjelagið yrði kyrt í því sambandi og ef mögulegt væri þá að reyna að koma á góðri og öflugri samvinnu.

Björn Jónsson Bæ áleit að til lítils væri að reyna að lífga sýslusambandið fyrir þetta fjelag eittsaman, ekki öflugra en það væri. Þá sagði Kristinn Erl. að með stofnun þessa sambands væri verið að leita eftir betri leiðum til að efla samvinnu milli fjelaganna, heldur en raun varð á með hitt sambandið, og þess vegna væri sjálfsagt að taka höndum saman við þau fjelög sem næst væru, og stækka svo starfssviðið eftir því sem fjelögin efldust. Þá kom fram till. frá Páli Erl. svohljóðandi.

„ a. Að U.M.F.H. verði stofnandi að sambandi meðal U.M.
„ F. austan Hjeraðsvatna, b. Að kjósa þrjá til að mæta fyrir
„ hönd fjelagsins á stofnfundi þessa væntanl. sambands.
„ Páll Erl. studd af Birni Jónss.

Fundarstjóri las upp tillöguna og bað menn ræða hana. Björn Jónsson Bæ stakk þá upp á hvort ekki væri reynandi að fá fjelögin austan „Vatna“ til að hætta við þessa nýju sambandsstofnun og ganga í sýslusambandið með því móti að

miðstöð sambandsins ~~þótt~~ flyttist austur fyrir „Vötn"
Pjetur Jónsson lýsti því þá yfir að hann væri uppástungu
Björns fylgjandi, því þessi nýja sambandsstofnun hefði verið
sjer ógeðfeld. Björn Jónsson Bæ sagði þá að annað hvort yrði
að skrifa eða senda mann milli allra fjelaganna, og þetta
væri svo mikið verk að því yrði að líkindum ekki lokið fyrir
stofnfund. Kristján Ág. talaði um hvort sambandið myndi
ekki verða stofnað þó þetta fjelag gengi ekki í það, gat þess
að góð samvinna hefði verið þegar fulltrúar hefðu verið sendir
á sambandsfundi sýslusambandsins, einnig hefðu Sauðkræk-
ingar látið í ljósi að ekki væri fráleitt að haldnir væru nokkrir
sambandsfundir á Hofsósi og taldi það að nokkuru leyti
sjálfskaparvíti okkar að svo illa hefði tekist með samvinnu
fjelagsins og sambandsins. Tillaga kom frá Sigm. Baldvins.
„Fundurinn leggur til að málinu verði frestað til næsta
fundar" studdi ningsm. Steinþór Jónss. Samþykt með öllum
greiddum atkv. Munnleg tillaga frá Kristjáni Ág. „Fundur-
inn samþykkir að nefndin starfi áfram til næsta fundar til
undirbúnings máli þessu" studd af Birni Jónss. Hóli samþykt.
Björn Jónsson Hóli lagði málefni fyrir næsta fund.
„Hvort er betra krókur eða kelda." Og Kristján Ág. „Eru
fjelagsmenn með eða móti hvort haldinn verði opinn
aðalfundur í fjelaginu í vetur."

Starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Valgerður
Jónsdóttir. Ritnefnd Jakobína Hallsd. Anna Pálsd. og Björn
Jónsson Bæ. Ritarar Jakobína Hallsd. og Pála Pálsdóttir.

Fundi slitið fjelagsmenn sungu „Sjá roðann á hnjúkunum háu"

(fundarstj.) Jakobína Hallsd.

(ritarar)
Valgerður Jónsdóttir
Anna Pálsdóttir.

Sunnudaginn 1. desemb. 1929. Var fundur haldinn í
U M F H í Skjaldborg. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Fundarstjóri sagði fundinn settann og bað fjelaga syngja
„Blessuð sjertu sveitin mín."

2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, samþykt. Einnig
kom fyrir fundinn, fundargjörð frá fundi þeim sem haldinn
var 3. nóv. og var hún einnig samþykt.
3. Lesin upp „Fjelaginn." Eins og fundargjörðin bar með sjer
lá fyrir fundinum málefni frá Birni Jónssyni Hóli.
„Hvort er betra krókurinn eða keldan." Framsögum. bað um
orðið, hvatti hann fjelaga til umræðu, og sagði að um þetta
gætu allir talað en gat þess jafnframt að álit sitt ljeti hann
ekki í ljósi strax, en sagði að fjelagar mættu ekki ímynda
sjer að hann fylgdi þeim flokknum sem fjölmennari yrði, ef
sá flokkur yrði með gagnstæða skoðun. Steinþ. Jónss. Kvaðst ekki
vita hvaða skoðunar fjelagsbróðir sinn væri, en hvað sig
varðaði hugrekki sem þyrfti til að hlaupa út í kelduna og
var því eindregið með króknum.

Björn Jónss. Hóli, sagðist hafa vonast eftir fjörugri
samræðum heldur en nú væri, og yrði hann því að láta álit
sitt í ljósi nú þegar. Hvað þetta mál mikinn fróðleik ef
gætt væri um rétt, því með þessu væri ekki aðeins átt
við leirkeldur, heldur að sínu áliti ýmsa örðugleika á lífsleið
mannsins. Því allar keldur þyrfti að brúa og byggja á bak
aftur. Og sagðist því leggja óhræddur út í kelduna.
Pjetur Jónsson, sagði að um þetta mætti ræða á marga vegu. Hvatti
framsökn að leggja í kelduna og var hann því fylgjandi. En
með því að brúa hana misti spakmælið gildi sitt.
Baldvin Ág. eindregið með króknum. Steinþór Jónss. Vildi heldur
fara krókinn þótt hann yrði lengur, en ana út í kelduna í ...
á óvissu. Björn Jónss. Hofsósi. Sagðist lítið hafa hugsað um þetta
mál, en var samþykkur Birni á Hóli um það að með þessu
væri ekki átt við fen á landi, heldur og ýmsa örðugleika
lífsins. Kvaðst hann ekki vera samþykkur Pjetri um það að keldan
misti gildi sitt, þó hún væri brúuð, hún væri altaf til en hún
væri ekki torfæra lengur. Jósafat Sigfússon. Kvaðst ekki hafa
verið á síðasta fundi og væri því málinu ókunnur, en að sínu
áliti mætti margt um þetta tala bæði til lands og sjáfar.
Sagðist vera keldunni fylgjandi meðan hún væri kleyf, en þá
er auðsjeð væri að ekki yrði komist yfir hana, væri skilt að taka
krókinn, því lífið væri þannig að þó við vildum áfram yrðum

við stundum að byggja af. Kristján Ág. Stóð upp og sagði að
allir gætu talað um orðtaki þetta sem vildu. Sagðist álíta
að þetta ætti við lífsleið mannsins og var fylgjandi Króknum.
Pjetur Jónsson. Kvað einkennilega skoðun hjá tveim
síðustu ræðumönnum. Því að þar keldur væru til, sem þektar
væru færar en krókurinn og tók t. d. ferðir yfir sjóinn, því
altaf væri þó best að fara stystu leið, en kvaðst þó ekki leggja
út í Kelduna ófæra. En krókurinn gæti einnig verið ófær.
Kristján Ág. Kvað að sínu áliti ekki þá skoðun gilda sem
síðasti ræðum. hefði sagt um krókinn. Því allir sem nokkuð
þektu til sjávarsins, vissu að dagsdaglega yrði að taka
krókinn, bæði vegna ísalaga og annara faratálma. Jósafat
Sigfússon. Kvað fundinn líta út fyrir að verða fjörugan,
sagðist hann álíta að þó við ætlum ekki langt heim, þá
gæti sú Kelda orðið á leið okkar sem við gætum ekki yfirstigið
með mannlegum mætti, og þá yrðum við að taka krókinn.
Björn Jónsson Hóli. stóð þá upp. Sagðist vilja fá fleiri til að
taka til máls, sagði ennfremur okkar hefðu altaf farið króka
væru til fáar brýr og vegir. Kvað hann að sínu áliti ekki
þann mann saman Íslending sem ekki þyrði að leggja lífið
í sölurnar fyrir málefni sín.
Steinþ. Jónss. Bað þá um orðið. Sagði hann að sínu áliti
væri það að leggja út í Kelduna upp á óvissu væri á móti
trúarbrögðum okkar. Kvað hann okkur geta leit að fara heldur
ef þörf gerðist, af okkar mikla manni Jóni Sigurðssyni. En
hann væri að sínu áliti hafinn upp yfir allan þorra manna
og einmitt þessi dagur gæti endurvakið það mikla, sem
hann gerði fyrir okkur með sínum miklu krókaleiðum.
Jósafat Sigfússon. Kvað Steinþór hafa misskilið sig sagði að
alt líf mansins væri ein Kelda út í gegn og allir færu
krókinn á endanum. Hann kvaðst með hvorugum sjálf-
fylgjandi. — Páll Erl. Bað um orðið. sagðist hann ekki
hafa ætlað að blanda sjer inn í þetta mál. En hann gæti
ekki látið það vera að segja nokkur orð, og foryrði til fram-
sögumans þessa máls. Þar sem hann sagðist ekki ætla að
láta álit sitt í ljósi, fyr en hann heyrði álit manna.
Kvað framsögum. eiga að flytja málið þannig að segja frá
sínu áliti fyrst. Kvað það vera gamlan og góðan sið. Áleit
hann að með þessum málshætti væri átt við lífsleið mansins
en kvaðst þó fyrst ætla að tala um mýrarkeldur, og kvað
skylt að taka krókinn ef Keldan sýndist ófær. Kvað hann
Björn hafa talað um að brúa Kelduna, væri hann því sam-
þykkur en þó með hygni og gætni. En framsæknir maðurinn
færi þó ætíð krókinn meðan verið væri að brúa Kelduna,
kvað hann það happadrýgst eins og sjá mætti á gjörðum
hins mikla mans Jóns Sigurðss. sem ætíð hefði farið krókinn
og á snið í vasa Dana til þess að brúa Kelduna á milli
þjóðanna. En aftur á móti hvetur Hannes Hafstein fram-
sóknarmanninn áfram, en þó með hyggindum. ——
Björn Jónsson Hóli, bað velvirðingar á að hann hefði ekki haldið
þeim vana, sem vant væri með framsögu máls. Sagðist hafa skýrt
aðferð þessa í grein þeirri sem hann hefði ritað í „Fjelagann“.
Vildi helst láta greiða atkvæði hvort betra væri, „Krókurinn eða
Keldan“. Steinþór Jónss. Stóð þá upp og sagðist ekki sjá að neitt
hefði að þýða að greiða atkv. um þetta. ——
Páll Erl. þakkaði fyrir leiðrjettingu þá sem hann hefði
fengið á grein þeirri sem rituð var í „Fjelagann“; sagðist ekki
hafa verið inni þegar hún var lesin upp. Hann kvað enn
hyggilegra að taka krókinn á meðan verið væri að brúa
Kelduna, hinn framsækni maður reyndi að yfirstíga alla örðug-
leika með hyggindum. En svo væri munurinn að Björn vildi
brúa í dag, en hann ekki fyr en á morgun. Nú var langt liðið
á fundartímann, og kom þá svohljóðandi tillaga frá fram-
sögum. málsins. „Fundurinn leggur til að þetta mál sje tekið
út af dagskrá“ Björn Jónss. Hóli studd. Kr. Ág.
Tillagan samþykt. Eins og fundargjörð frá síðasta fundi
bar með sjer lá fyrir fundinum nefndarálit um sambands-
málið. Nefnd þessi lagði fram svohljóðandi tillögu.
„Fundurinn er því samþykkur að stofnað verði sam-
„band meðal ungmenna fjelaga austan megin
„Skagafjarðar, eða að orðið geti algjört sýslusamband
„meðal ungmenna fjelaga sýslunnar, og í þeirri von
„að slíkt geti orðið kýs fundurinn 3 menn til að
„mæta á væntanlegum stofnfundi, sem fulltrúa fyrir
„

„Ungmenna fjelag Höfðstrendinga."
Pjetur Jónsson Páll Erl.
Björn Jónsson Bæ

Um tillöguna urðu dálitlar umræður og var hún síðan samþykt. Því næst fór fram fulltrúakosning, og var formanni fjelagsins með fundarsamþykt leift að nefna fyrsta manninn og svo hver af öðrum. Kosningu hlutu þessir.

Björn Jónsson Hóli
Páll Erlendsson
Björn Jónsson Bæ

Enginn málefnanefnd var kosin, því fyrir fundinum lán málefni frá Kristjáni Ág. „Á að halda opinn aðalfund," og annað frá Sigm. Baldvinssyni „Skáldin." Í ritnefnd var kosin Pála Pálsdóttir. Starfsmenn til næsta fundar voru. Fundarstjóri Steinþór Jónsson ritarar Sigm. Baldvinsson og Jósafat Sigfússon. Fundarstjóri bað fjelaga syngja.
„Drottinn sem veittir frægð og heill til forna."
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

(ritarar) (fundarstjóri) Valgerður Jónsd.
Pála Pálsdóttir
Jakobína Hallsdóttir.

Sumardaginn 2. febr. 1930 var fundur haldinn í U.M.F.H. í „Skjaldborg" og byrjaði stundvíslega. Til að stjórna fundinum var skipuð Pála Pálsdóttir. Gjörðir fundarins voru sem hjer segir.

1. Sungið „Blessuð sjertu sveitin mín." o.s.frv.
2. Fundargjörð frá síðasta fundi var ekki til með fundar
3. Lesinn upp „Fjelaginn."
4. Kristján Ág. hafði framsögu í málinu „Opinn aðalfundur." Var hann fáorður og sagðist ekki láta skoðun í ljósi þegar í byrjun en óskaði eftir áliti fundarmanna um þetta mál. Næstur talaði Páll Erl. og sagði að hann væri að vísu ekki á móti að haldinn yrði opinn aðalfundur, en sagðist þó kunna betur við, að undirbúningur yrði hafinn á einhvern hátt t.d. að eitthvert ákveðið mál yrði á dagskrá, og utanfjelagsmönnum

frjálst að taka til máls, enn fremur gat ræðumaður þess, að hann felli sig betur við að tekinn væri til þess annar fundur, vegna þess að þá væri svo mikið að gera. Þar sem gerðir væru uppi ársreikningar fjelagsins, lesin upp lög þess nefndarkosningar og fl.
Kristinn Erl. stóð þá upp og kvað hann síðasta ræðumann hafa komið inn á sömu braut sem hann um þetta mál, og taldi það þetta óheppilegt að hafa til þess aðalfund.
Björn Jóns. Bæ, gat þess að aðalfundur væri ekki að sínu áliti vel til þess valinn að hafa hann opinn fund, vegna annríkis er aðalfundur hefði í för með sjer, en taldi æskilegt að fjelagsmenn hugsuðu til þess að halda opinn fund síðar í vetur, svo utanfjelagsfólki, gæfist kostur á að kynnast fjelaginu og störfum þess sem best. Jón Konráðsson, kvaðst vera þessu máli ókunnur, en fljótt álitið tók hann undir með síðasta ræðumanni, að aðalfundur væri ekki heppilegur til þess, en sagðist þó vera þessari hugmynd fylgjandi, og vildi hann þá haga málunum þannig á þessum fundi að utanfjelagsmenn hefðu málfrelsi og tillögurjett. Framsögumaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðar undirtektir í málinu sagðist lítið ín því gera þó umræður hefðu fallið öðru vísi en málið hefði verið lagt fram í fyrstu, en þrátt fyrir það hefðu umræður farið í svipaða átt og sín hugmynd væri, en sagðist halda sjer fast við það að aðalfundur yrði opinn fundur, svo fólki gæfist kostur á að kynnast lögum og starfsemi fjelagsins sem best.
Kristinn Erl. sagðist ekki gera þetta að neinu kappsmáli hvort aðalfundur yrði haldinn opinn eða ekki, en hjelt þó að með því að hafa það annan fund gætum við gefið þeim sem kynnu að koma betri mynd af fjelagsskapnum með því að velja til þess þau mál sem gott væri að ræða um.
Jóhann Sigfúss. sagðist vera fylgjandi hugmynd frummælanda og taldi aðalfund vera vel valinn til þess að hafa hann opinn fund. Pjetur Jónss. bað þá um orðið og taldi sjálfsagt fyrir sig sem aðra að taka til máls, sagði hann að hugmynd framsögumans væri aðallega til þess að kynna fjelagið út á við og í sambandi við það gat hann þess að utanfjelagsmenn hefðu fengið að sitja fund með okkur, og væri það eins en, og enfremur sagði hann, að ef það væri eindreginn vilji fundarmanna að hafa opinn fund, hvort sem það svo

yrði aðalfundur eða annar, þyrfti meira en orðin tóm, sagði
að undirbúning þyrfti á einhvern hátt, t. d. með opinberri sam-
komu, eða þá að fjelagið hefði eitt ákveðið málefni sem hægt
væri að ræða í samráði við þá utanfjelagsmenn sem á fund-
inum sætu, og taldi hann það efamál að fjelagsmenn væru
nægilega þroskaðir til þess, en þó jafnvel nauðsynlegt að
samvinna takist með fjelaginu og utanfjelagsmönnum ef
þess væri kostur. Björn Jónss. Hofsós sagðist vera fylgjandi þessu
máli en þó alveg á móti því að aðalfundur væri til þess valinn
af þeirri ástæðu að hann hefði lagt fyrir fund svipað mál sem
þetta fyrir nokkrum árum og hefðu fjelagsmenn mótmælt því.
Þessu næst kom tillaga frá framsögum svohljóðandi. —
„Fundurinn samþykkir að utanfjelagsmönnum verði leyft
„ að sitja með okkur aðalfund í vetur 1930 Kristján
„ Ág. studd af Jóh. Sigfússyni.
Um tillöguna urðu allmiklar umræður, en að lokum borin
upp og samþykt.
5. Jakobína Hallsdóttir las upp og lagði fram reikning yfir
tekjur og gjöld af skemtisamkomu sem haldin var 2. 3. 4. og 5. Jan.
síðast liðinn og var nettó ágóði af henni 428,43 aurar. Reikn-
ingurinn borinn upp og samþyktur. Jón Konráðsson þakkaði
þeim sem þessa skemtisamkomu höfðu með höndum, og öllum
sem hana studdu, en þó sjerstaklega Jakobínu Hallsdóttir,
fyrir hennar framúrskarandi dugnað og sterka vilja og áhuga
viðkomandi fjelaginu, þrátt fyrir hennar mjög svo erfiðu heimilis
ástæður. Páll Erl. sagði að ilt væri fyrir fjelagið að þurfa að hafa
kaffisölu uppi í húsinu, mögg óþægindi þar að lútandi og áleit
ekki afar tilfinnanlegt fyrir fjelagið þó það legði í það að gera
kjallarann svo úr garði að hægt væri að hafa þar kaffisölu, þar sem
að Jón hreppstjóri hefði gefið fjelaginu eldavjel. —
Björn Jónss. Bæ lagði þá fyrirspurn fyrir þá leikendur sem
mættir voru á fundinum, hvort ekki mundi tök á því að
sýna „Æfintýrið“ síðar í vetur. Jakobína Hallsdóttir sagði að þetta
hefði komið til tals í nefndinni, enfremur þyrfti að vinna að því
sem fyrst sökum þess að einn leikandinn væri þegar að fara
í burtu, og í þessu sambandi kom munnleg tillaga frá Jóni
Konráðssyni svohljóðandi. „Fundurinn samþykkir að nefnd sú

„ er áður starfaði að leiksýningunni starfi áfram og komi annari
„ sýningu á svo fljótt sem tök verða til þess. Tillagan borin upp og
samþykt. Jón Konráðsson lagði til að fjelagið reyndi svo fljótt sem
tök væru á að gera íbúð þess svo úr garði að viðunandi væri
að minsta kosti yrði reynt að gera innan herbergi í kjallaranum
svo hægt væri að hafa þar kaffisölu á samkomum fjelagsins,
Kristinn Erl. kom með munnlega tillögu í þá átt að stjórnin
reyndi að undirbúa málið svo fljótt sem hún sæi sjer það
fært og koma með tillögu um það á fund. Tillagan samþykt.
Björn Jónss. Bæ, sagði að nefnd sú er kosin var í vetur hefði
ekki skilað af sjer, en nú legði hún fram skriflegt nefndarálit
sem væri á þessa leið.
„ Nefndin leggur til að U M F H. reyni að koma
„ einum til tveimur verklegum fundum á í vetur,
„ nefndin leggur aðaláherslu á það að fjelagar
„ komi með verkefni með sjer á fundinn og eitt-
„ hvað víst sjer til að skemta með. Stjórnin ákveður
„ hvenær fundirnir verða. Björn Jónss Bæ. Kristinn
„ Erl. Páll Erl. Nefndarálitið borið upp og samþykt.
Þegar hjer var komið var fundartíminn á enda, var því ekki
fleira tekið fyrir. Starfsmenn voru ekki skipaðir, en tilkynt
að næsti fundur yrði aðalfundur, fundi slitið.
Sungið. „Vormenn Íslands.“

(fundarstjóri) Pála Pálsdóttir

(ritarar)
Jósafat Sigfússon
Sigm. Baldvinsson

Sunnudaginn 2/3 1930 var aðalfundur U M F H.
settur og haldinn í húsi fjelagsins „Skjaldborg“ og byrjaði stundvís-
lega. Form. setti fundinum og bað menn syngja „Vormenn Íslands.“
mættir voru 16 fjelagsmenn. Nokkrir utanfjelagsmenn sátu á
fundinum. Þá er formaður hafði sett fundinn flutti Páll Erl.
erindi, en að því loknu var sungið „Ó! guð vors lands.“
Þessu næst var tekið til starfa á fundinum, og voru gjörðir
hans sem hjer segir.
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án

breitingar.
2. Þá voru reikningar fjelagsins fyrir starfsárið 1929 lesnir upp af formanni. Kristinn Erl. taldi nauðsynlegt að allir skemtanareikningar kæmu inn á fund endurskoðaðir áður en þeir væru bornir upp til samþyktar, benti hann á í því sambandi ársreikningana. Páll Erl. var Kristni fylgjandi, vildi hann láta tvo menn þar til kosna yfirfara þá áður en á fund væri komið. Björn Jónss. Hofsós sagðist ekki sjá að þess gerðist þörf, þeir væru heldur ekki svo margbrotnir að menn gætu ekki fullkomlega skilið þá, öll plögg þar að lútandi fylgdu líka reikningunum og á þeim mundi líka vera hægt að átta sig. Þá kom fram munnleg tillaga frá Kristni Erl. svohljóðandi. „Allir skemtanareikningar sjeu afhentir stjórn fjelagsins ósamþyktir. Páll Erl. sagðist vera á móti því að reikningarnir væru sendir stjórn fjelagsins óendurskoðaðir, en sagðist vilja láta þá ganga í gegnum einhvern hreinsunareld eins og t.d. að endurskoðendur ársreikninganna væru látnir yfirfara þá. Pjetur Jónsson sagðist ekki sjá að breyting á þessu sviði væri að neinu leiti til bóta. Jafnframt sagðist hann ekki taka neina tillögu sem færi fram á breytingu til að bera hana upp undir atkvæði. Fjellu þá umræður um þetta mál niður en reikningarnir því næst bornir upp og samþyktir.
3. Þá voru lög fjelagsins lesin upp, fyrst grein fyrir grein, og var hver grein borin undir atkvæði. Engar breytingar voru gerðar Voru lögin síðan í einni heild borin upp og samþykt.
Þá las form. upp fundarsköpin grein fyrir grein og bar upp til atkvæðagreiðslu, síðan bar hann upp fundarsköpin í heild sinni og voru þau samþykt óbreitt.
4. Lesið upp brjef til stjórnar U.M.F.H. frá séra Pálma Þóroddssyni. Fór brjefritari fram á að fjelagið leyfði sjer að festa loftnetsstaur á norðurstafn „Skjaldborgar“ ef slíkt hefði ekki mikil óþægindi í för með sjer fyrir fjelagið. Óskaði hann jafnframt eftir að fá svar hið fyrsta. Tillaga kom frá Kristni Erl. svohljóðandi. „Fundurinn felur stjórn fjel. að svara beiðni séra Pálma eftir því sem hún álítur gjetlast.“ Jóh. Sigfússon var stuðningsm. tillögunnar. Tillagan var því næst borin upp og samþykt með 9 atkv. gegn 1 atkv.
5. Ritstjóri „Fjelagans“ las upp tvær greinar sem hjetu „Skúnaratköfnin“ og „Óþörf afbrýðissemi.“ Hlógu menn dátt meðan á upplestrinum stóð. Þá gaf Páll Erl. fjelögunum yfirlit yfir það sem gera þyrfti innan fjel. á þessu ári og þeim næstu. Mintist hann þar sjerstaklega á húsið, áleit nauðsynlegt ef fjelagið sæi sjer fært fjárhagslega að útbúa svo kjallarann (þ.e.a.s. nokkuð af honum) að hægt væri að hafa þar veitingar. Líka þyrftum við að gera við gluggana og dyrnar sjerstaklega að utan, þá þyrftum við að taka bakkann vestan við húsið og slétta úr honum og jafnvel hlaða stjett niðri í brekkunni. Þá mintist ræðum. á garðinn, sagði hann að nauðsynlegt væri að gera hann svo úr garði að hægt væri að búast við einhverjum tekjum af honum, áleit gjetlast að venja að bera útlendan áburð á hann ef hægt væri með því að útrýma illgresinu. Eins og hann væri nú, þá væri hann fjelaginu til hins mesta vansa. Líka mintist hann á nokkru á blettinn, fór hann um þetta mörgum og fögrum orðum. —
6. Lesnar upp úrsagnir frá tveim fjelögum þeim Randver Sæmundssyni og Anton Tómassyni.
7. Þá fór fram stjórnarkosning, og hlutu þessir kosningu.

Páll Erlendsson 11 atkvæði
Pjetur Jónsson 10 —
Jóhannes Stefánss. 6 —

Í varastjórn. Björn Jónsson Bæ, Jakobína Hallsdóttir og Kristján Ágústsson.
8. Pjetur Jónss. bar það undir fundinn hvort hann væri því ekki samþykkur að hann nefndi Sigm. Baldvinsson til að kjósa endurskoðendur fyrir næsta ár, var fundurinn því samþykkur. Nefndi Sigm. þær Önnu Pálsdóttur og Pálu Pálsdóttur. —
9. Dómnefndar kosning, þessir hlutu kosningu. —
Sigm. Baldvinsson, Jakobína Hallsdóttir, Jón Konráðsson, Björn Jónsson Bæ og Anna Pálsdóttir. —
10. Pjetur Jónsson bar upp undir atkvæði að Sigm. Baldvinsson hjeldi áfram við ritstjórn blaðsins, og var það samþykt.
11. Lesinn upp reikningur yfir tekjur og gjöld af skemtisamkomu 8. og 9. febr. 1930 og samþyktur. Baldvin Ág. lagði til að fjelagarnir færu skemtiferð í vor t.d. fram að Drangey, sagði að þar sem bátar væru hjer svo margir, hlyti að vera hægt að fá einhverja af þeim til að fara fram. Páll Erl. taldi það mjög æskilegt að fjelagarnir kæmu

saman einu sinni á ári til að skemta sjer, og hefðu þá einn eða tvo gesti með sjer, að vísu hefði þetta dálitinn kostnað í för með sjer en samt ekki svo að slíkt væri ekki kleyft. En með skemtiferð sagðist hann ekki vera, því þá gætu fjelagarnir ekki orðið allir með, þar væru ekki farnar fyr en á þeim tíma að jörð var algróin, en einmitt þá væru menn komnir í burtu til að leita sjer atvinnu. Pjetur Jónss. viðurkendi að fullþörf væri á innbyrðisskemtunum í fjelaginu. En svoleiðis hefði það gengið til að þessu, að skemtanir sem hefðu skapað fjelaginu inntektir, hefðu verið látnar sitja í fyrirrúmi, þörfinni fyrir slíkar inntektaskemtanir væri enn, en þegar sú þörf hyrfi væri sjálfsagt að fjelagar vildu eyða sem mestu í innbyrðisskemtanir. Kr. Ág talaði um að sjer fyndist þetta skemtanastarf nokkuð einhliða fyrir fjelagsskapinn. Allar væru þessar skemtisamkomur haldnar eiginlega fyrir utan fjelagsmenn, sama stritið og starfið að framkvæma þær, og þeir sem að þeim stæðu, nytu í raun og veru engrar skemtunar, og jafnvel ekki heldur þeir fjelagar sem ekki beinlínis væru í framkvæmdarnefndinni. Sjer fyndist nauðsynlegt að hafa sjerskemtun fyrir fjelagsmenn þar sem fjelögum gæfist kostur á að koma saman, kasta af sjer dægurþrasinu um stund og njóta gleðistunda með fjelögum sínum. Mundi það glæða fjelagsandann og hvetja menn til frekari aðhlynningar í þessum fjelagsskap. Mintist innisskemtana Málfundafjelagsins, taldi þær hafa verið mjög skemtilegar og á sínum tíma styrkt þann fjelagsskap. Fleiri tóku til máls og hölluðust flestir að innisskemtun í fjelaginu, vildu jafnvel láta gera eitthvað að þessu nú í vetur. Í því sambandi kom svohljóðandi tillaga frá Kristjáni Ág. studd af Pjetri Jónssyni.

„Fundurinn samþykkir að 3 menn verði kosnir til að
„athuga möguleika fyrir að haldin verði innbyrðis skemtun í U M F H. ef nægileg þátttaka fæst meðal fjelaga
„fyrir páska, og starfa fyrir það mál með hjálp þeirra er
„þeir krefjast, frá öðrum fjelögum.

Tillagan var síðan borin upp og samþykt. Til að starfa fyrir þetta mál voru kosin þau Páll Erl. Jakobína Hallsdóttir og Kristján Ág. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Í málefnanefnd. Sigurj. Baldvinsson Björn Jónss. Hofsós, Jóh. Sigfúss.
Í útnefnd Kristján Ág. Björn Jónsson Hofsós, Sigurður Jónsson.

Fundarstjóri til næsta fundar Anna Pálsdóttir, ritarar Páll Erl Jóhann Sigfússon. Fleira ekki starfað á fundinum. Bað fundarstj. menn að syngja „Hvað er svo glatt."

Fundi slitið. —

(ritarar)
Páll Erlendsson
Jóhannes Stefánsson.

(fundarstjóri) Pjetur Jónsson

Ár 1930 þ. 26. október var fundur settur og haldinn í „Skjaldb."
Anna Pálsdóttir hinn ýjörkjörni fundarstjóri var ekki við stödd Pála Pálsdóttir stjórnaði því fundinum eftir tillögu formans og samþykt fundarins. Ennfremur má geta þess, að annar hinna nýkjörnu skrifara Jóh. Sigfússon var fjarverandi og því var í hans stað kosin Sigurður Rögnvaldsson. Um leið og fundarstjóri sagði fundinn settan bað hann menn úr sætum standa og syngja „Vormenn Íslands." Að því loknu var gengið til fundarstarfa.

Gjörðir fundarins voru þessar. —

1. Lesin upp fundargjörð frá 1. des. 1929 borin upp og samþykt Lesin upp fundargjörð frá 2. mars 1930 borin upp og samþykt. Ennfremur lesin fundargjörð frá 12. apríl 1930 borin upp og samþykt.
2. Lesin upp úr „Fjelaganum" prýðilega snjöll og vel rituð grein.
3. Form. fjelagsins kvað sjer hljóðs, mintist þess að á næstliðnum vetri hefðu tveir fjelagar gefið fjelaginu verðlaunapening til að keppa um í íslenskri glímu. Óskaði hann eftir að fjelagar hugsuðu sjer eitthvað til hreyfings, reyndu að hefja æfingar í þessari gömlu og góðu íþrótt svo hægt væri að keppa um peninginn Björn frá Bæ, talaði næst, tók hann mjög vel í að fjelagið reyndi að koma á glímuæfingum. Lagði frekar til að fenginn yrði að kennari til að standa fyrir þeim. Einnig þakkaði hann eins og form. fyrir glímupeninginn. Steinþór Jónsson þakkaði hlýleg orð í okkar garð sem gáfu verðlaunapeninginn, taldi óþarfa að fá kennara að Björn í Bæ myndi geta kent glímuna. Páll Erl. gat þess að á fyrsta fundi síðastliðinn vetur hefði hann vakið máls á íþróttamálum yfirleitt, og hefði lítið verið um það rætt. Sjer fyndist sjálfsagt að fjelagið færi að hugsa um þessi mál með alvöru. Eins og sakir stæðu vantaði auðvitað alt til als. Ekki hefði það verið athugað verulega hvað þyrfti

allra nauðsynlegast til íþróttakenslu og hvað það kostaði. Þetta þyrfti að athuga. Best að kjósa nefnd í það mál. Æskilegt taldi hann að fá hingað Sigurð Greipsson og upplýsti um leið að stjórn fjelagsins hefði skrifað stjórn sambandssins um það að reyna að fá hann. Björn Jónss. Bæ bar fram tillögu um að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga þetta mál. Studd af Páli Erl. Tillagan samþykt, og formanni fjelagsins, leyft að stinga upp á mönnunum í nefndina. Þessir urðu fyrir valinu. Björn Jónsson Bæ, Páll Erl. Steinþór Jónsson.

4. Björn Jónsson hreyfði því í tilmælaformi til stjórnarinnar að hún athugaði um hvort ekki myndi hægt að koma sjer upp nokkrum bekkjum með baki. Form. fjelagsins kvað stjórnina hafa látið sjer detta þetta lítillega í hug, en hvort úr framkvæmdum yrði væri ekki hægt að segja. Í sambandi við þetta mintist hann á að líklega þyrfti að hugsa fyrir að afla fjelaginu tekna á komandi vetri. Tóku menn vel í þetta mál, og var um leið kosin nefnd til að fara að vinna að inntektaskemtun um jólaleytið. Kosningu hlutu Sigm. Baldvinss. með 9 atkv. Jakobína Hallsdóttir með 9 atkv. Björn Jónsson Bæ með 8 atkv. Pála Pálsdóttir með 8 atkv. og Björn Jónsson Hofsós með 5 atkv. Jöfn atkvæði fengu þeir Björn og Steinþór í Grafargerði, en ekki var það hlutkesti um hver hlyti; komu nefndarmenn sjer saman um að hafa þar varamann vísan ef á þyrfti að halda.

5. Ívar Björnsson Hofsós bað um inntöku í fjelagið og var það samþykt. Þá fór fram starfsmannakosning. Til fundarstjóra Jón Kjartansson, hann kvaddi til ritarastarfa þá Þorstein Kristinsson og Steinþór Jónsson. Í ritnefnd Þorstein Kristinsson Sigurð Rögnvaldsson og Jóhannes Stefánsson. Að síðustu bað fundarstjóri fundarmenn syngja „Blessuð sjertu sveitin mín.“ og sagði svo fundi slitið.

(ritarar)
Páll Erlendsson
Sigurður Rögnvaldsson

(fundarstjóri.) Pála Pálsdóttir

Sunnudaginn 23 nóv. 1930 var fundur settur og haldinn í U M F H. í „Skjaldborg.“ Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Þar sem sjettkjörinn fundarstjóri var ekki mættur nefndi form. Kristján Ág. til fundarstjóra.
2. Sungið „Blessuð sjertu sveitin mín.“ o. s. frv.
3. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt.
4. Páll Erl. sagði frá því að stjórn U M F H. hefði borist brjef frá sambandsstjórninni, brjefið var ekki með á fundinum og sagði Páll Erl. frá aðalefni brjefsins. Þar var kvartað um áhugaleysi meðal ungmennafjelaga, og bent á nokkur málefni, sem of mikið væru vanrækt. Var þar íþróttamálið efst og mest rætt. Óskaði brjefið eftir að ungmennafjelagar æfðu meira íþróttir framvegis en hingað til. Sagði það til að íþróttakennari væri fenginn í þrjá staði í sýslunni t. d. Sauðárkrók, Reykhóli og Hofsós. Næst tók það sambandsmálin og kvatti til samstarfs. Var aðallega rætt um að nauðsynlegt væri að sambandið sameiginlegt heimili og hvað rjett að athuga hvort Litli-Garður, væri ekki heppilegur staður. Einnig var rætt um hvort rjett væri að hafa samböndin tvö. Taldi brjefið æskilegra að það væri aðeins eitt samhuga og vel starfandi. Pjetur Jónsson sagði að brjefið væri rjett heimt hjá Páli, og lagði til að því væri vísað til íþróttanefndar. Og var það samþykt.
5. Form. gat þess að í viðauka laganna væri ákveðið að nefnd væri kosin til að gagnrýna lögin fyrir aðalfund. Páll kvað rjett að kjósa nefnd til að hreinskrifa lögin og endurlíta. Svohljóðandi tillaga kom frá Pjetri Jónss. studd af Kristjáni Ág. svohljóðandi.
„Fundurinn samþykkir að kosin verði þriggja manna nefnd
„ til að yfirfara og hreinskrifa lögin. Tillagan samþykt.
Form.“ bað að fá að nefna mennina, samþykt. Hann nefndi Björn Jónss. Bæ. Sigm. Baldvinsson og Jóhannes Stefánsson.
6. Sigm. Baldvinsson flutti skáldamálið, talaði hann um Jónas Hallgrímsson, hvað hann hafa náð mestu alþýðu hylli og hafa hugnæmar lýsingar og heflað mál. Páll Erl. talaði um hina djúpu tilfinningu og lífsspeki, sem skáldin hefðu frá öndverðu og alt fram á líðandi stund. Hann sagði að Rómverjar ættu skáldunum að þakka sína gullöld, hann talaði um hin djúpu áhrif sem skáldin hefðu á þjóðirnar, og hvað þau eiga sinn þátt í að vekja ættjarðarást. Steinþór Jónsson talaði um St. G. St. og Þorstein Erlingsson. Stungið var uppá að menn veldu sjer eitt skáldið hver til að tala um þegar tækifæri gæfist. Tillaga kom frá Páli Erl.

studd af Birni Jónss. Bæ. „Fundurinn samþykkir að fundar-
menn kjósi sjer skáld til að ráða um,“ samþykt. Þannig
völdu menn sjer skáldin.

| | |
|---|---|
| Sigm. Baldvinsson | Jónas Hallgr. |
| Björn Jónsson Bæ | Hannes Hafstein |
| Pála Pálsdóttir | Páll Ólafsson |
| Jakobína Hallsdóttir | Matthías Jóch. |
| Steinþór Jónsson | Þorsteinn Erlingss. |
| Þorsteinn Kristinsson | St. G. Stefánss. |
| Björn Jónsson Hofsós | Hjálmar Jónsson |
| Pjetur Jónsson | Guðm. Guðmundss. |
| Hallgr. Hallgrímsson | Jón Thóroddsen |
| Sigurður Jónsson | Símon Bjarnason |
| Kristján Ágústss. | Kristján Jónsson |
| Páll Erlendsson | Stgr. Thorsteinsson |

Málið var svo talið útrætt en ekki dautt og lagði fundarstjóri
til að þeir Páll Erl og Sigm. Baldvinsson hjeldu því vakandi.
7. Björn Jónsson Bæ, lagði fram málefnið sem hann nefndi
„Útbreiðsla fjelagsins. Sigurður Jónsson, hvað þörf á að ræða um
þetta þann sem fjelagið ætti á næsta fundi og sagðist hefja máls
á því þó hann væri ekki í málefna nefnd. Form. skipaði starfs-
menn til næsta fundar. Ritnefnd Jakobínu Hallsdóttir Pálu
Pálsdóttir og Valgerði Jónsdóttir. Fundarstjóra Björn Jónsson Bæ og
hann nefndi til ritara ~~ritara~~ Sigm. Baldvinsson og Sigurð Jónsson. —
Fleira ekki tekið fyrir, sungið „Fanna skauta faldi
háum.“ Fundi slitið.

(ritarar) (fundarstjóri) Kristján Ágústsson
Steinþór Jónsson
Þorsteinn Kristinsson

Sunnudaginn 1. ~~Febrúar~~ 1931. var aðalfundur settur
og haldinn í U. M. F. H. í „Skjaldborg“ mættir voru 15 fjelagar
Árni Jóhannsson Hrauni gekk í fjelagið. Gjörðir fundarins voru
þessar. Fundargjörð síðasta fundar var ekki til meðferðar.
1. Lesinn upp „Fjelaginn.“
2. Kosin endurskoðandi ársreikninganna í stað Pálu Pálsdóttir

sem er fjarverandi. Hlaut Valgerður Jónsdóttir kosninguna með 4 atkv.
3. Nefndarmál, Páll Erl. sagði frá gjörðum nefndar þeirrar er kosin
hafði verið til að athuga íþróttamál fjelagsins. Lagði hún fram
svohljóðandi nefndarálit 1. Að komið verði á glímu og leikfimis
námskeiði í vetur ef þátttaka fæst 2. Að fjelagið komi sjer upp
hesti, mottu og rimlum í húsið sem nota má við íþróttakenslu
Áætlum kostnaðar kr. 50,00 3. að fenginn sje íþróttakennari frá
S. U. F. S. um 3ja vikna tíma, 4. Að leitað sje álits og þátttöku
unglinga í íþróttanámskeiðinu áður en fullsamið er um kennara
5. Að til mála geti komið að ungmennafjelagar sjálfir vinni
að útbúnaði verkfæra sem ræðir um í fyrsta lið. Páll Erl.
Steinþ. Jónsson. Um nefndarálitið urðu nokkrar umræður, var
hver liður þess borin upp og samþyktur án breytinga og síðast alt
í einu lagi og samþykt. Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá
Páli Erl. studd af Kristjáni Ág.
„Fundurinn samþykkir að fjelagar hjálpi til fjelaginu
„ að kostnaðarlausu að koma upp tækjum þeim sem
„ umræðir í nefndarálitinu fjelagið leggur til efni.
Tillagan borin upp og samþykt.
4. Þá lagði form. skemtinefndarinnar fram reikning yfir tekjur og
gjöld ásamt fylgiskjölum viðkomandi Skugga-Sveini, form.
fjelagsins gerði þá fyrirspurn til nefndarinnar, hvernig stæði á því
að tjaldaleigan væri skrifuð 75,00 á reikningum, en sjer hefði verið sagt
af nefndarmanni að þau fengjust fyrir 60,00 kr, sömuleiðis hefði Páll
læknir sagt sjer að gjaldið fyrir leikritið til æfinganna væri 25,00
lágmark en þar stæðu 40,00 kr. Var þetta skírt af nefndinni, og
hafði hann ekkert um það að segja meira. Þá kom til að bera
þennan reikning upp til samþyktar. Bað þá form. um orðið og
sagði að sjer kæmi það kynlega fyrir sjónir að 6 menn hefðu skrifað
undir þennan reikning, og þar að auki maður sem aldrei hefði
verið kosin af fundi, sagði hann að þetta hefði aldrei komið
fyrir áður og væri það brot á fjelagslögunum, og sagðist hann
aðeins gera þetta til skýringar svo það kæmi ekki fyrir aftur, og
óskaði að enginn af nefndarmönnum tæki þetta illa upp fyrir
sjer, eða áliti það neitt persónulegt, því að hann meinti als ekki
neitt þesshàttar með því, enda gæti vitanlega enginn tekið það svo
nema þá helst form. nefndarinnar, að hann hafi með þessu ekki

vitað hvað hann var að gera. Næstur talaði Árni Jóhannsson var hann sammála form. um að þetta væri skýlaust lagabrot, en sagði samt að sjer hefði komið það vel á sínum fyrri starfsárum í þessu fjelagi að geta bætt við manni í nefnd. Áleit hann sjálfsagt að sá maður viki úr nefndinni sem ekki hefði verið kosinn af fundi. Valgerður Jónsdóttir tók til máls sagðist hún vilja að sitt nafn yrði strikað út af reikningnum, því væri þar ofaukið, en en verkin yrðu aldrei afmáð, strikaði hún svo nafn sitt út af reikningnum. Að þessum umræðum loknum var reikningurinn borin upp og samþykktur með 8 atk. gegn 1 atkv. Eftir að reikningur þessi var samþykktur, sagðist form. ekki greiða honum atkvæði vegna þess, að hann byggist ekki við að ritarar mundu ekki setja í fundargjörðina af hvaða ástæðu hann gerði það ekki. —

5. Björn Jónsson Hóli, lagði fram málefni „Söngkensla."

6. Kosin útnefnd Árni Jóhannsson, Björn Jónss. Hóli. Steinþór J.

7. Form. gat þess að næsti fundur yrði aðalfundur og starfsmenn þessvegna sjálfkjörnir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið. —

(ritarar.) (fundarstjóri.) Steinþ. Jónsson

Sigm. Baldvinsson

Jóh. Stefánsson

Sunnudaginn 1. marts 1931 var aðalfundur U.M.F.H. settur og og haldinn í „Skjaldborg. Stjórnaði form. fjelagsins fundinum. Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Úrsögn kom frá Vilhelm Jónssyni á Staðarbjörgum, en með því hann skuldaði árstillag síðasta árs, var uppsögnin ekki tekin gild.

2. Lesnar voru tvær ritgerðir úr „Fjelaganum"

3. Reikningur fjelagsins yfir árið 1930, var upplesinn og framlagður ásamt fylgiskjölum, til athugunar og samþykktar. Form. skýrði frá hvernig hagað hefði verið ræsting á húsinu, af því eigi sást um það sjerstakur liður á reikningnum. Hafði kjallarinn að nokkru verið leigður fyrir ræstingu á eftir hverjum fundi allan veturinn. Leiksýningin greiddi fyrir ræstingu, þá sem þurfti á meðan sýningin stóð yfir, þegar húsið var lánað til dansskemtana hafði ræsting verið greidd af leigunni í hvert sinn.

Fyrirspurn kom fram um leiktjöld eign fjelagsins, en um þau lá ekkert fyrir fundinum. Sagði Páll Erl. frá því að verið væri að týna þau saman, þau væru nú sem stæði hingað og þangað, og ekki hefði þótt gerlegt að semja skrá um þau, fyr en þau væru öll á einum stað, taldi hann rjettast að þau yrðu framvegis á einhverjum einum tryggum stað. Björn Jónsson Hofsós, gat í ljósi að sjer þætti landspilda fjelagsins full hátt metin, reikningarnir síðan samþykktir.

4. Þá las form. upp lögin lið fyrir lið og voru þau öll samþykkt í einu hljóði.

5. Síðan var gengið til kosninga í stjórn fjelagsins, endurskoðendur reikninganna og dómnefnd og ritstjóra. Fór fyrst fram stjórnarkosning, og gat Pjetur Jónsson þess að hann gæfi ekki kost á sjer til stjórnarstarfa í þetta sinn. Kosningu hlutu í stjórn.

Jakobína Hallsdóttir með 11 atkvæði

Páll Erlendsson — 8 —

Björn Jónsson Bæ — 6 —

Varastjórn varð Jóhannes Stefansson, Björn Jónsson Hóli og Björn Jónss. Hofsós. Steinþór Jónsson fjekk jafnmörg atkvæði og tveir hinir síðasttöldu, en var dreginn út. Form. fjelagsins fjekk leyfi fundarins til að benda á endurskoðendur og hlutu þann starfa Kristján Ágústsson og Árni frá Hrauni. Í dómnefnd voru kosnir. Sigm. Baldvinsson, Jón Konráðsson, Valgerður Jónsdóttir, Kristinn Erl. og Steinþór Jónsson með hlutkesti.

6. Kristinn Erl. hreyfði umræðum um hvort ekki mynndi nein leið til þess, að fara að iðka meira manntafl en verið hefði. Taldi æskilegt að fjelagið reyndi að hafa forgöngu í að kenna tafl og á sínum tíma stofna til kappmóts í þeirri grein. Gætu menn bæði teflt heima hjá sjer, tveir og tveir slegið sjer þá saman, og einnig á fundum. Var vel í þetta tekið af þeim sem tóku til máls. Kom munnleg tillaga frá Árna á Hrauni, þess efnis að kosin væri 3ja mannanefnd til að hafa framkvæmdir í þessu, en hann tók þá tillögu aftur, aftur kom fram tillaga svohljóðandi.

„Fundurinn samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til að
„starfa að því að innan vjebanda fjelagsins verði háðir.
„Skemtifundir þar sem meðal annars væri iðkað tafl,
„kotra ofl. ýmislegt til gagns og gamans t.d. uppl. söngur
„íslenskir „Vikivakar" og fl. Páll Erl. Auðs Steinþór Jónsson

Tillagan var samþykt, og nefnd kosin þeir Páll Erl. Kristinn Erl. Steinþór Jónsson.

7. Þá var kosin fundarstjóri til næsta fundar, hlaut kosningu Valgerður Jónsdóttir, en hún nefndi til ritara, Önnu Pálsdóttir og Steinþór. Ritnefnd Jóhannes í Bæ, Árni á Hrauni og Björn á Hóli. Umsjón ofna nefnd var til, ritstjóri „Fjelagans“ var endur kosinn til ársins. Eftir að hafa sungið „Jeg elska yður þjer Íslands fjöll“ með mörgum röddum og viðeigandi hrifning sagði form. fundi slitið og þakkaði þeim háttvirtu heiðursmönnum herra Jóhannesi í Bæ og Páli fyrir góða samvinnu í stjórninni.

(ritarar)
Páll Erlendsson
Jóhannes Stefánsson.

(fundarstjóri) Pjetur Jónsson

Sumardaginn 1/3. 1931 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. Fundarstjóri Valgerður Jónsdóttir kaus til ritara Björn Jónsson Bæ og Pál Erlendsson, þar sem áður kosnir ritarar voru ekki mættir. Þetta gerðist á fundinum. —

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar sem var aðalfundur og var hún samþykt.
2. Páll Erl. sagði frá stjórnar skiftingu, hvað hann ákveðið að Jakobína Hallsdóttir yrði form. Björn Jónsson Bæ fjehirðir og Páll Erl. ritari. Ræðumaður gat þess að stjórnin legði til að framkvæmdanefndir yrðu skipaðar í þeim aðalmál fjelagsins t.d. húsnefnd, garðnefnd og jarðræktarnefnd, skýrði rækilega starfsvið þessara nefnda, las einnig upp nafnalista yfir nefndir þessar eins og stjórnin lagði til að þær yrðu skipaðar. Kristján Ág. taldi sig mótfallinn slíkum nefndar skipunum enda taldi það varla löglegt eins og það væri fram komið. Pjetur Jónss. sagði sig frekar mótfallinn slíkum nefndar-skipunum enda hefði það sýnt sig að t.d. garðnefndin sem einu sinni hefði átt að starfa, hefði lítið látið eftir sig sjást. Árni Jóh. Hrauni, lagði til að garður fjelagsins yrði lagður niður en kröftum fjelagsins snúið til blettsins út á hæðinni. Kristinn Erl. vildi að stjórnin legði árlega fram álit um hve miklu fje mætti verja til hvers fyrirtækis og eftir því höguðu nefndirnar sjer. Páll Erl. svaraði aðfinslum viðkomandi háttvirtu stjórnar frumvarpi, hvað hann að hjer væri um enga breytingu að ræða því hann vissi ekki betur en þessi starfstilhögun hefði altaf verið innan fjelagsins. Benti á að það gæti t.d. komið fram frá garðnefndinni, hvort átti að fara garðinn eða ekki. Björn Hofsós sá enga leið til að framkvæma og leggja fje í öll þessi mál vegna fjárskorts. Jón Konráðsson taldi gott og hagkvæmast að stjórnin skipaði framkvæmda nefndir í mál þau er um væri verið að ræða, og jafnvel taldi hann ekkert við það að athuga þó lítillega væri vikið frá lögum í því efni. Ræðum. talaði sjerstaklega um húsið og hvatti til að gerðar yrðu endurbætur á því. Sagðist hafa gert ráðstafanir til að ekki þyrfti að greiða húsaskatt af því, en til þess þyrfti að telja það skólahús. Þá var lesin upp tillaga frá Árna á Hrauni studd af Kr. Ág. svohljóðandi. —

„Fundurinn ákveður að byrja ræktun á bletti fjelagsins
„í vor 1931 og samþykkir að verja til þess kr. 100,00 að
„öðru leiti heimilar fundurinn stjórninni að verja því
„fje sem afgangs verður nauðsynlegum gjöldum til
„viðgerðar húsinu sem fjelagið á.

Um tillögu þessa urðu töluvert miklar umræður og mátulegur meiningamunur. Pjetur Jónsson var þess fýsandi að fje okkar og starfi yrði beint að mestu eða öllu leiti að jarðræktinni á næsta ári, þessar umræður enduðu með atkvæðagreiðslu. Greiddu 12 með tillögunni en 3 á móti. Var hún því talin samþykt. Stjórnin fór fram á að nefna hjálparmenn við skemtun á sumardaginn fyrsta, var það auðfengið. Kaus hún. Valgerði Jónsd. Önnu Pálsd. Pjetur Jónss. Árna Jóh. og Björn Jónss. Hóli. Þá kom fram nefndar álit svohljóðandi.

„Nefnd sú er kosin var til að athuga möguleika til
„að koma á skemtifundum í fjelaginu, og kenna mönnum
„um manntafl, hefir komið saman og athugað þetta.
„1. Leggur nefndin til að á hverjum fundi sje kosin 3ja
„manna nefnd til að skemta ~~á~~ næsta fundi, meinar
„nefndin að því verði með þessu áorkað að einhvern
„hluta hvers fundar sje varið til skemtunar. Annars vill
„nefndin leggja til að ákveðnir sjeu að minsta kosti
„3 skemtifundir á vetri hverjum, sem eingöngu sje varið

„til ýmsra skemtana 2. Þá leggur nefndin til að
„hafist verði handa með að leiðbeina mönnum í tafli
„og óskar eftir að þeir sem taka vilja þátt í því gefi sig
„fram á þessum fundi, til viðtals við nefndina. —
„3. Ennfremur leggur nefndin til að auk þess sem hagt
„er að skemta með upplestri, málshátta: leikjum stutti ræðu
„spilum, þá sjá og unnið að því nú þegar að koma ís-
„lenska „Vikivaka" bæði til að skemta sjer við á fundum
„og til tekna fyrir fjelagið.
„4. Sömuleiðis bendir nefndin á að þeir sem vilja hafa með
„sjer verklegt efni til að vinna úr á fundinum
Páll Erl. Kristinn Erl.

Engar umræður urðu um nefndarálitið, var það borið upp og
samþykt.
4. Þá voru bornar upp nefndir þær er stjórnin hafði tilnefnt í
byrjun fundarins, voru þær samþyktar. Kosinn fundarstjóri til
næsta fundar Pjetur Jónss. og nefndi hann til ritara Kristján Ag.
og Þorstein Þorsteinsson. Málefna nefnd endurkosin, útnefnd
endurkosin, fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið. —

(ritarar.) (fundarstjóri) Valgerður Jónsd.
Björn Jónss. Bæ
Páll Erl.

Sunnudaginn 22. nóv. 1931 var fundur settur og
haldinn í U M F H. á venjulegum stað og tíma. Þar sem
að form. var ekki mættur, skipaði Páll Erl. Sigm. Baldvinss.
til fundarstjóra, og nefndi hann til ritara Pál Erlendsson og
Jón Kjartansson. Þetta gerðist á fundinum.
1. Páll Erl. sagði að fjelagið þyrfti sjerstaklega að fara að
hugsa fyrir inntektaskemtun, nú eins og að undanförnu
um eða eftir jól, enda þó búast mætti við að tekjur yrðu
minni góðar, þar sem fólk væri svo peningalaust, sagðist
hann svo ekki hafa meir um þetta að segja, kjósa bara
5 manna nefnd til að undirbúa málið. Björn Jónsson Hóli
sagði að við þyrftum að fara að hafa meiri samtök innan
Fjelagsins, sagði að fjelagið væri fáment, og ætlan hjer í sveit

aldir að mestu utan við fjelagsskapinn, sagði hann að þetta
þyrfti að breytast og á þann hátt að eftir fundi væri t.d. dansað.
Björn Jónsson Bæ, sagði að nafni sinn á Hóli hefði vikið frá
málinu og sagði að skemtunin mætti til að verða, og á sama tíma
og að undanförnu. Bjóst hann við ef skemtunin kæmist ekki á
að það yrði dauðamerki á fjelaginu, en það mætti ekki spyrjast.
Steinþór Jónsson, talaði um að fjelagar þyrftu að auka meiri gleði
og skemtanir innan fjelagsins. Kristinn Erl. sagðist lítið um þetta
segja annað en það að skemtunin væri sjálfsögð svo framarlega
sem nokkur tök væru til. Þessu næst kom frá stjórninni svohljóð-
andi tillaga „Stjórnin leggur til að kosin verði 5 manna nefnd
„til að sjá um inntektaskemtun fyrir fjelagið
„er fram fari eins og venja er til um jól. —
Tillagan samþykt, kosningu hlutu Björn Jónsson Hóli, Björn
Jónsson Hofsós, Sigm. Baldvinsson, Kristinn Erl. Steinþór Jónsson.
Björn Jónsson Bæ sagði frá íþróttakenslu þeirri í fyrra, og sagði
að áhugi fjelaga hefði verið góður, á kensluna hefðu fallið 60,00
og óskaði hann að íþróttakenslan mætti þróast og dafna innan
fjelagsins í vetur sem fyrravetur. Páll Erl. bjóst við að sambandið
ætlaði að fá Sigurð Greipsson í vetur að ferðast milli fjelag-
anna, talaði einnig um hversu fjelagar hefðu haft mikinn
áhuga fyrir íþróttunum í fyrra og orðið fjelaginu til sóma í þeirri
grein á sumardaginn fyrsta. Steinþór Jónss. þakkaði stjórninni
fyrir þann mikla áhuga sem hún hefði í íþróttamálunum og kvað
mjög heilbrigt ef áframhald yrði á íþróttakenslu. Kom í þessu
sambandi svohljóðandi tillaga frá stjórninni.
„Stjórnin leggur til að kosin verði 3ja. manna
„nefnd er athugi möguleika til íþróttakenslu
„og sjái um hana ef til kemur.
Tillagan samþykt. Kosningu hlutu Björn Jónsson Hóli, Björn
Jónsson Bæ Steinþór Jónsson. Björn Jónsson Bæ, talaði um
rafljósin og kjallarann, sjerstaklega gluggana hvernig þeir væru
og að stjórnin væri búin að fá Kristinn Erl. til að smíða
hlera fyrir þá. Páll Erl. sagði að ekki hefði mátt síðar vera
að ná í rafljósin, og kvað það mjög ærlegt að við hjeldum
þann fundardag dálítið hátíðlegri er ljósin komu í húsið.
Tillaga kom frá Birni Jónss. Hóli studd af Steinþór svohljóðandi

„Fundurinn samþykkti að stjórnin sjái um að verði almenn
„skemtisamkoma þegar rafljósin eru niðursett í hús fjelagsins
„og væri æskilegt að þar færi fram ræðuhöld, upplestur o. fl.
Tillagan samþykkt. Steinþór Jónsson, talaði um nefndir
þær, sem stjórnin hafði ráðað fjelögum í á síðasta aðalfundi,
voru umræður litlar, til máls tóku Kristinn Erl. Páll Erl. og
Björn Jónsson Bæ. Árni Jóhannsson, gat um blettinn og lagði
fram reikning yfir kostnað þann sem varð viðkomandi ræktun-
artilraun á hálfri dagsláttu, var þá komið að fundarlokum
og var þetta því lítið rætt. Kosnir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Sigurður Jónsson og nefndi hann til ritara
Árna Jóh. og Steinþór Jónss. útnefnd Árni Jóhanss. Björn J.
Hóli, Kristinn Erl.
Fleira ekki starfað. Fundi slitið.

(fundarstjóri.) Sigurj. Baldvinsson

(ritarar.)
Jón Kjartansson
Páll Erlendsson.

Sunnudaginn 28 febr. 1932 var aðalfundur U. M. F. H.
haldinn í Skjaldborg og hófst kl. um 12½. 20 fjelagar
voru mættir, og var því fundurinn lögmætur.

Þetta gjörðist.

1. Formaður fjelagsins var ekki mættur, svo ritari þess
Páll Erlends. stýrði fundinum. Las hann upp
fundargjörð frá síðasta fundi, sem var samþykkt
án breytinga.

2. 7. óskaði að fá inntöku í fjelagið, voru kosnir
3menn ~~????~~ Pjetur Jónsson Kristinn Erlendsson
og Kristján Agústsson, til að skýra lög fjelags-
ins fyrir þeim. Að þeirri samræðu lokkni gengu
þau í fjelagið: Ingibjörg Jónsdóttir, Jónassyna
Tómasd., Björg Tómasd. og Guðmundur Sigmars.
Það var borið upp og samþykkt í einu hljóði.

3. Fundarstjóri las upp aðalreiking fjelagsins
fyrir árið 1931-32, og gaf skýringar á einstökum
liðum hans. Fram komu 2 spurningar, sem svarað
var af stjórninni. Þá var reikningurinn borinn
upp og samþykktur breytingalaust.

4. Þá voru lög fjelagsins lesin upp lið fyrir lið til
umræðu og samþyktar. 1 gr. var samþykkt.
2 gr. Um vín og tóbaks bindindi. Árni Jóhannsson
flutti fr. hönd laganefndar, tillögu þess efnis, að úr
greininni yrði felt vín og tóbaksbindindi. Yrði þá
greinin eftir það þannig: Þeir einir geta orðið fjelagar,
sem 12 ára eru og eldri. Framsögumaður taldi
ástæður til þess að breytingartillaga þessi kæmi, vera
þær, að laganefndin vissi að lagagrein þessi væri
brotinn, bæði hvað vín og tóbaks bindindi snerti.
Hvaðst nefndin líta svo á að rjett væri að mál þetta
kæmi til umræðu, en taldi þetta ekkert kappsmál
frá nefndarinnar hálfu. Um málið urðu miklar um-
-ræður, bæði með og móti. Allir voru þá sammála
um nauðsin bindindis, en nokkrir töldu hæpið
að hafa það í lagagrein, sem virt væri að vettugi.
Aðrir töldu rjett að tóbaks og vín bindindið yrði áfram

í lögum fjelagsins. Rjettlættist það með því, að altaf yrðu lögin einhverjum til góðs. Mörg lög væru brotin, og aðal stefnuskrá U. M. F. væri bindindis málin. Á móti breitingartillögunni töluðu aðallega Steinþór Jónsson og Kristinn Erlendsson. Tillagan var borin upp og feld með 9 gegn 6 atkvæðum.
Eftir þetta var haldið áfram með lögin, voru 3-4-5-6-7-8 gr samþyktar breitingarlaust; úr 9 gr feller orðið stjórn burtu. 10-11-12-13-14-15-16-17 gr. samþyktar breitingarlaust.
Þá voru fundarsköp lesin upp lið fyrir lið ~~til~~ samþyktar. 1 gr. samþykt. 2 gr. Við bót kemur við greinina: „Skulu reikningar komnir til endurskoðenda viku fyrir aðalfund. 3-4-5-6-7-8-9-10-11-12 gr. samþykt. Lögin og fundarsköpin borinupp í heild og samþykt.

5. Tillaga kom frá Árna Jóhannssyni studd af Kristj. Ágústssyni, svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að kosinn sje 1 maður til að skrifa upp lögfjelagsins með gerðum breytingum og sje hverri grein ætlað tvöfalt ~~rúm~~. Enn fremur að búið verði að skrifa lögin upp fyrir næsta fund og skilist lagabókinn þá formanni. Tillagan var samþykt, og kosinn til þessa starfa í einu hljóði Páll Erlendsson.

6. Næst fór fram stjórnarkosning. Hlutu kosningu þeir: Björn Jónsson Bd með 15 atkv. Páll Erlendsson 14 atkv og Steinþór Jónsson 12. Varastjórn Björn Jónsson Hóli 8 Pjetur Jónsson 4 og Anna Pálsdóttir 4.

7. Dómnefndar kosning. Kosningu hlutu: Pjetur Jónsson Árni Jóhannsson, Ingimar Jónsson, Sigm. Baldvinsson og Björn J. Hóli.

8. Kosning á ritstjóra. Vantraust kom frá Árna Jóhannss á fyr-verandi ritstj. Sigm. Baldvinsson. Taldi Árni að grein, sem blaðinu hefði borist frá sjer, hefði aldrei komið fram. Vitti hann það og heimtaði að ~~endu~~ ritstjóri yrði ~~endur~~ kosin skriflega. Sigm. B. svaraði þessu með nokkrum orðum, og var svo gengið til atkvæða og hlaut frv. ritstj. Sigm. Baldvinsson 18 atkvæði Árni Jóhannsson 2. og Björn. J. Hóli 2.

Páll Erlendsson stóð þá upp og flutti nokkur hvatningar orð til ungmennafjelaganna viðkomandi blaðinu.

9. Endurskoðendur voru kosnir Pjetur Jónsson og Árni Jóhannsson Hrauni. Varamaður Kristján Ágústsson, kosin með hlutkesti: þar sem allir fengu 6 atkv.

10 Páll Erl. las upp brjef frá U. M. F. Geisla þar sem U. M. F. H. var boðið að sækja fund að Lók, þar sem ræða átti um bindindis mál og fl. Um mál þetta urðu nokkrar umræður. Kom tillaga frá Kristini Erlendssyni um að kjósa 6 menn, sem mæta ættu á fundi þessum. Móti tillögunni mæltu þeir Pjetur Jóns og Kristján Ágústsson. Töldu þeir Pál Erl. sem kvaddur var til að mæta á fyrnefndum fundi sem sambandsstjórnar maður, fullgildann fulltrúa frá okkur. Eftir nokkrar umræður, var tillagan borinn upp og samþykt með 12 gegn 5 atkv. Kosningu hlutu Steinþór Jónsson 12. Kristin Erl. 11. Sigm. Baldvinsson 8 Jón Kjartansson 8 Björn J Hofsós 7 Björn J. Bd. 6 og Páll Erl. 5. Frá Pjetri Jónssyni kom svo hljóðandi fyrirspurn. Hvað ætlar nefndin sjer að gera á fundinum? Kristin Erlendsson svaraði á þá leið að nefndin mundi ekkert gjöra er bindandi væri fyrir fjelagið.

11. Stjórnin spurðist fyrir ~~hjá~~ fundinum hvort hún mætti ekki kaupa fyrir fjelagið nokkur stikki af bollapörum fjel. til eignar, var það litið rætt og borið upp og samþykt með þorra atkvæða gegn 1

12. Fundarstjóri kosinn til næstafundar Jónassyni Tómas dóttir. Ritarar Ingibjörg Jónsdóttir og Anna Pálsd. dóttir. Ritnefnd. Árni Jóhannsson, Ingimar Jónsson og Kristján Ágústsson. Skemtinefnd Björn Bd Steinþór Jónsson og Björg Tómasdóttir.
Sungið „Vor menn Íslands."
Fundi slitið

Fundarstj. Páll Erlendsson

ritari Björn Jónsson Bd.

Sunnudaginn 14 Febr. 1933 var fundur settur og haldinn í U. M. F. Höfdstrendinga í Skjaldborg. Fundinum stjórnaði Jón Kjartansson Sólbakka.

Gjördir fundarins voru þessar:

1. Sungið Ísland, Ísland. o.sfr.
2. Óskuðu inngöngu í fjelagið þeir, Bjarni Sigfússon Gröf, Matthías Rögnvaldsson Litlubrekku og Höskuldur Sigurðsson Bæ. Var það borið upp og samþykt.
3. Lesinn upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.
4. Björn Jónsson Bæ gat þess að kosnaður við síðustu skemti samkomu fjelagsins mundi, sem næst verða 0.74 kr á mann. Sömuleiðis lagði hann fyrir fundinn, hvort halda ætti áfram með garðinn, og lagði til að hætt yrði við garð þann, sem fjelagið hefir haft á leigu, en koma heldur upp garði á blettu fjelagsins. Um þetta urðu talsverðar umræður, voru flestir því sammála að flytja garðinn, og töldu heppilegra, að garðurinn yrði framvegis á eiginn landi fjelagsins. Pjetur Jónsson sagðist álíta að spurning stjórnarinnar, væri að vita hvað fundurinn legði til þessa máls, og sagðist ekki muna hvort hægt væri að skila skila garðinum til landeiganda, nema með öllum tilheyrandi mannvirkjum, en ef svo væri ekki væri hægt að mynda garð í landi fjelagsins, með þeim staurum og neti, sem til væri, og væri hann því samþykkur að garðinum yrði sagt upp. Kristinn Erl. vildi einnig að hann yrði fluttur, og taldi að tæplega gæti komið til mála, að samið hefði verið svo við landeiganda þegar garðurinn var tekinn á leigu, að mannvirkin ættu að fylgja. Kristján Ág. tók til máls og sagðist ekki muna fyrir víst hvernig þetta stæði í samningunum, en hjelt þó að það væri tekið fram að mannvirkin ættu að fylgja. Svohljóðandi tillaga kom frá Birni Jónssyni Bæ. Fundurinn samþykkir, að stjórn fjelagsins athugi samninga við komandi garðinum, og segi upp samningum honum viðvíkjandi ef girðingin utanum hann, þarf ekki að fylgja með. Tillagan borinn upp og samþykt. Munnleg tillaga frá sama svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að kosin verði 3ja manna nefnd til að athuga lögin, og þær breytingar, sem að einhverjir kynnu að gera við þau. Tillagan borinn upp og samþykt. Kosningu hlutu: Pjetur Jónsson, Kristján Ágústsson og Árni Jóhannsson. Hrauni.

6. <u>Málefnanefnd</u>. Björn Jónsson Hóli, sagðist lítið hafa hugsað fyrir málefni, en sagði samt að sjer hefði komið til hugar, að leita álits fundarins, hvort ekki væri hægt að halda áfram með „vikivakana" og hvað það væri leiðinlegt að láta þá falla niður þar sem að fjelagið hefði haft þá með höndum á síðastliðnum vetri, og þar sem þá líka að nokkrir af þeim fjelögum sem höfðu tekið þátt í þeim áður, væru nú hjer heima, myndu þeir svo aftur segja hinum til. Umræður urðu frekar litlar um þetta mál, og syndist þar sitt hverjum. Kom þessu næst fram tillaga frá Birni Jónssyni Bæ svohljóðandi. Fundurinn samþykkir að kosinn verði 3ja manna nefnd er athugi möguleika til að halda uppi vikivökum á þessum vetri. Tillagan borinn upp og samþykt. Pjetur Jónsson sagði að sjálfsagt væri að kjósa nefndina skriflega og var það gert. Kosningu hlutu. Björn Jónsson Hóli 16 atk.

Anna Pálsdóttir 10 —

Gíslína Magnúsdóttir 8 —

Árni Jóhannsson sagði að þeir sem hugsuðu til þess að gera breitingu við lögin, yrðu þær ásamt lögunum að verða komnar til Kristjáns Ágústssonar fyrir næstu helgi. Þegar hjer var komið var langt liðið á fundartímann og ekkert lá fyrir. Björn Jónsson Bæ sagði að næsti fyndur yrði aðalfundur, svo ekki þyrfti að skypa starfsmenn.

Fleira ekki tekið fyrir. Sungið. „Hvað er svo glatt".

Fundi slitið

ritarar
Björn Jónsson Hóli
Sigm. Baldvinsson.

fundarstj:
Jón Kjartansson

Sunnudaginn 13 maz. 1932 var fundur haldinn í U. M. F. Höfdstrendinga á venjulegum stad.
Þar sem nefndur fundarstjóri var ekki mættur, skipadi formadur Önnu Pálsdóttir til fundarstjóra en hún nefndi til ritara. Steinþór Jónsson og Ingim. Jónsson. Gjördir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörd sidasta fundar og samþykt.
2. Lesnar upp 3 greinar úr fjelaganum.
3. Páll Erl. skýrdi frá því ad stjórn sú, sem kosinn var á ad alfundi hefdi skift med sjer verkum þannig ad Páll Erl. verdur formadur. Björn Jónsson Bæ gjaldkeri og Steinþór Jónsson ritari. Einig gat hann þess ad stjórnin hefdi 2 mál fram ad fara. Einsog ad undanförnu þá vildi stjórnin leggja til ad haldin yrdi inntekta skemtun fyrir fjelagid á sumardaginn fyrsta n. k.
Umrædur urdu nokkrar um málid. Kristin Erl. og Sigurdur Jónsson vildu fresta skemtuninni til hausts. Tillaga kom frá Steinþóri Jónssyni studd af Ingim. Jónssyni. „Fundurinn leggur til ad haldinn verdi inntekta skemtun á sumardaginn fyrsta med líku fyrirkomulagi og ádur". Borinn undir atkvædi og samþykt í einu hljódi. Munleg tillaga kom frá Kristjáni Ág. svo hljódandi „Fundurinn samþykkir ad stjórninni verdi falið framkvæmd á málinu og henni sje heimilt ad nefna 4 sjer til ad stodar."
Samþykt. Stjórnin kom sjer saman um ad fá sjer til ad stodar Önnu Pálsdóttir Jónassínu Tómásdóttir, Björn Jónsson Mannskada hóli og Ingimar Jónsson.
4. Þá tók Björn Jónsson í Bæ til máls og skýrdi frá því ad fjelagid yrdi ad ákveda hvad gjöra skyldi vid gard fjelagsins, ad fá landeiganda hann med öllum mannvirkjum, leggja hann einhverjum, med sama eftir gjaldi sem fjelagid borgar, eda taka hann til eginn af nota. Umrædur urdu litlar. Tillaga kom frá Birni Jónssyni Bæ. svo hljódandi.
„ Fundurinn leggur til ad stjórnin sjái um útvegun á útsædi í gard fjelagsins, einig gangist hún fyrir ad fá vinnu vid gardinn, en ef hún fær ekki á annan hátt þá ad hún kaupi menn til ad vinna í gardinum. Samþ.
5. Páll Erl. gat þess ad naudsinlegt væri til ad laga til kringum Skjaldborg, helst ef fjelagar segju sjer fært ad gjöra þad fyrir sumardaginn fyrsta. Undir tekti voru gódar medal fundarmanna.
6. Björn Jónsson Bæ. lagdi fram yfirlit yfir kosnad vid skemtisamkomu þá er haldinn var 30 jan sl.
7. Páll Erl. lagdi fram uppskrifud lög og fundarsköp fjelagsins
8. Fundarstjóri tilnefndur til næsta fundar Ingimar Jónsson og hann nefndi sjer til ritara Sigm. Baldvinsson og Jóhannes Stefánsson Bæ.
Adrar nefndir sátu áfram

ritarar
Ingimar Jónsson
Steinþór Jónsson.

fundarstj.
Anna Pálsdóttir

Mánudaginn 28 maz 1932 var fundur settur og haldinn á U. M. F. Höfdstrendinga á venjulegum stad og tíma.
Gjördir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörd sídasta fundar og samþykt.
2. Lesin upp fjelaginn.
3. Ingimar Jónsson lagdi fram málefni fyrir fundinn, um þad ad fjelagid fari skemtiferd í vor. Sagdist ekki hafa ákvedid neitt sjerstaklega hvert fara ætti, en óskadi ad fundar menn ljetu álit sitt í ljósi um þetta mál. Um málid urdu nokkrar umrædur, töldu menn slíka samverustundir naudsinlegar fjelaginu til ad efla samstarf og samvinnu innan fjelaganna.
Kom þessu næst tillaga frá Jósafat Sigfússyni studd af Kristin Erlendssyni svohljódandi: „Fundurinn samþykkir ad kjósa 3ja manna nefnd til ad athuga möguleika á, ad fara skemtiferd næstkomandi sumar og sjái hún um framkvæmdir. Tillagan borin upp og samþykt med

meiri hluta atkvæða. Nefndi fundarstjóri Jósafat Sigfúss. fyrstamann í nefndina og hann svo Pál Erl. og Ingimar Jónsson.

Kristján Ágústsson sagðist vilja gera þá fyrir spurn til stjórnarinnar um það, hvort hún sæji sjer ekki fært að kalla saman 1 til 2 fundi að sumrinu. —

4. Steinþór Jónsson skýrði frá gjörðum fundar þess, sem haldinn var í Óslandshlíð og nokkrir fjelagar hjeðan mættu á. Voru bindindis mál þar efst á dagskrá, og vildi „Geisli" í Óslandshlíð ná saman ungmennafjelögum austan vatna til að stofna samband og hafa bindindis málin efst á stefnuskrá. Páll Erl. gat þess að raddir hefðu komið fram um að stofna samband með þeim 5 fjelögum austan vatna, en kvaðst endreginn á móti því og tóku aðrir fulltrúar frá U. M. F. H. í sama strenginn.

Líka gat hann þess að tillaga þess efnis að fjelög þessi fimm tækju sig saman um að vinna saman að því að koma bindindis heiti inn í Skagfirska sambandið, væri lík leg leið. Hreifði hann því, að tillagan yrði tekin til umræðu nú á þessum fundi. Tillagan var á þessa leið: „Vill fjelagið gera samtök með hinum fjelögunum, að koma bindindis (heitis) (treifingunni) inn í sambandslögin". Spurning þessi var svo tekin til umræðu og voru mjög skiftar skoðanir manna um hana. Áleit sumir fundarmenn að þessi spurning væri alveg óþörf, þar sem bindindis heit væri hjer í fjelaginu og mundu fulltrúar hjeðan að sjálfsögðu greiða henni með atkvæði sitt á væntanlegum sambandsfundi. Kristján Ág. sagðist með fáum orðum neita allri samvinnu við fjelögin, bæði um þetta mál og önnur, sem ekki væru í sambandinu. Eftir miklar og hálf volgar umræður, kom tillaga frá Páli Erl. studd af Steinþóri Jónssyni „Fundurinn leggur til að málið verði tekið út af dagskrá": samþykkt.

Þar næst fór fram kosning á fulltrúum á sambandsfund og hlutu kosningu Steinþór Jónsson 12 atkv. Björn Jónsson Bæ 8 atkv. Jósafat Sigfússon 5 atkv.

5. Að þessu loknu las Páll Erl. upp smásögu, en þar næst fór fram smáleikur í einum þætti.

6 Kosnir starfsmenn til næsta fundar. Fundarstj. Erl. Kristinsson og nefndi hann til ritara Pál Erl. og Gíslínu Magnúsdóttir.

7. Ritnefnd Anna Pálsdóttir Ingimar Jónsson Sigm. Baldvinsson. Málefnanefnd. Anna Pálsd. Jónassína Tómásd. og Ingibjörg Jónsd. Skemtinefnd Sigm. Baldv. Jósafat Sigfússon og Björn Jónsson Hofsós.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

(ritarar) (fundarstj.)
Jóhannes Stefánsson Ingimar Jónsson
Sigm. Baldvinsson

Sunnudaginn 6 nóv. 1932 var fundur haldinn í U. M. F. Höfðstrendinga. Nefndur fundarskrifari var ekki mættur, svo fundarstj. Steinþór Jónsson nefndi til ritara Kristinn Erl.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1 Sungið „Hvað er svo glatt."

2. Fundarstj. gat þess, að fundargjörð síðasta fundar vantaði. Sömu leiðis gat hann þess, að þó fundurinn væri fámennur, þá gætu menn eitthvað talað saman. Kvað hann þess fulla þörf, að ræða eitthvað um framhaldsstarfsemi fjelagsins, og reyna að gera eitthvað til þess, að hvetja menn til fundarsókna. Einnig kvað hann að eitthvað þyrfti að á kveða með umsjón á húsinu.

3. Björn í Bæ talaði um fjárhag fjelagsins. Kvað hann það sýnilegt, að ef fjelagið ætti að standa í skilum með afborganir og rentur af skuldum, yrði það að

afla sjer peninga. Sömuleiðis skírði hann frá því að lítil eftirtekja hefði orðið af kartöflugarði fjelagsins. Um þessi mál urðu nokkrar umræður. Meðal annars var talað um að reyna að koma á inntektaskemtun fyrir fjelagið milli jóla og nýjárs, vegna þessað um nýjári myndu nokkrir fjelagsmenn fara burt í atvinnu-leyt.
Tillaga kom frá stjórn fjelagsins svohljóðandi:
„ Fundurinn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd til að sjá um skemtun, sem haldin yrði um jólaleytið."
Tillagan borin upp og samþykt með öllum greiddum atkv.
Þá var gengið til atkv. og hlutu kosningu: Björn Jónss. Hóli; Ingim. Jónsson, Anna Pálsdóttir Björn Jónsson Hofsós, og Sigm. Baldvinsson.
4 Þar eð fleyra kom ekki til umræðu var gengið að starfsmanna kosningu til næsta fundar. Var til nefndur fundarstj. Jón Kjartansson og nefndi hann til ritara Kristján Hjálmsson og Sigm. Baldvinsson.
Í ritnefnd voru nefndir. Björn Jónsson Hóli. Geirm. Jónsson og Ingimar. Jónsson.
6 Sungið „ Vormenn Íslands"
Fundi slitið

(ritari) (fundarstj.)
Kristinn Erlendsson Steinþór G. Jónsson

Sunnudaginn 8 jan 1933 var fundur settur og haldinn í U. M. F Höfðstrendinga í Skjaldborg. Fundurinn byrjaði kl. 3 og mættir 11. fjelagar. Fundinum stýrði Jón Kjartansson.

Gjörðir fundarins voru.

1. Sungið. „ Hvað er svo glatt. Ritstj. skilaði „ Fjelaganum" eftir heima á hillunni, eins og Skugga-Sveinn samviskuna.
2. Páll Erl. las upp eftir farandi bref frá sambandinu

Kæru fjelagar. !

Nú þegar starf okkar er að byrja, þykir okkur rjett að minnast á nokkur þau mál er úrlausnar bíða og taka verður ákvörðun um á þessum starfsvetri.

Íþróttir og fjelagsmál.

Við ræddum um það í brjefi okkar í fyrra, hvernig við vildum skipuleggja íþróttastarfsemi fjelaganna þ. l. a. s. að sambandið hefði mann í þjónustu sinni, sem kendi íþróttir og flutti fyrir lestra um þau mál. Við erum enn sömu skoðunar. Því viljum við ekki auglýsa eftir íþróttakennara nje ráða til ~~starfs~~ sins, fyr en við höfum heyrt svör ykkar við eftirfarandi spurningum.
1. Hve mikla þátttöku getið þið búist við úr ykkar fjelagi.
2. Viljið þið að kensla fari fram hjá ykkur og ef svo er, hve lengi.?
Þá viljum við mælast til þess að þið kjósið, sem allra fyrst íþróttanefnd í fjelaginu ykkar og reyni hún að halda uppi æfingum í hlaupi, stökki, glímu, knattspyrnu og fleiri íþróttum. Ætti sem mest að beina því starfi að unglingum 14-20 ára. Er þetta nauðsinlegt undirbúningsstarf undir næsta hjeraðs mót, sem sambandið verður að halda á. n. k. vori ——
Einnig eru það tilmæli okkar, að ekkert fjelag innan Sambandsins ákveði útiskemtun um líkt leyti, því að það mundi verða til þess, að hjeraðsmótin yrðu ver sótt. en þau eru aðal tekju lind sambandsins, sem það byggir sínar framkvæmdir á. Þess vegna þurfum við að hefjast handa og byggja alt kapp á að næsta mót, geti orðið okkur til gagns og sóma. —

Fræðslu mál.

Margir ungmennafjelagar óska eftir að fá fyrirlesara til að ferðast um fjelagssvæðið. Við treystum ekki til að ráða sjerstakann mann til þess starfa, því það mundi kosta mikið fje. Aftur á móti höfum við sent ýmsum fjelögum beiðni þess efnis, að þeir flytji eitt erindi hver, í einhverju ungmennafjelaganna nú í vetur. Vonumst við að þeir bregðist vel við þessari beiðni og munum við síðar láta ykkur vita nánar um þetta mál.

Bindindis mál.

Á síðasta sambandsfundi var samþykt svohljóðandi tillaga.
Aðal fundur S.U.F.S. samþykkir að kjósa millifunda nefnd til að kynnast hugum manna til bindindis starfsemi innan ungmennafjelaga sýslunnar og vinna úr þeim tillögur, sem hún leggi fyri næsta fund S.U.F.S.
Í nefnd þessa skal kjósa einn mann úr hverju Sambandsfjelagi, einn úr Sambandsstjórn og skal hann vera formaður hennar.
Steinþór. S. Jónsson frá Grafargerði var kosinn í nefndina fyrir ykkar fjelag vantum við þess að þið veitið honum þann stuðning í starfinu sínu sem hann óskar eftir

## Kolbeinn Ungi.

Blaðið hefir ekki komið út í nokkur ár, kostnaður við útgáfuna ætti ekki að fara fram úr 25 kr. Viljum við því helst reyna að gefa það út í vetur. En hvort það tekst er undir ykkur komið. Við óskum að fjelagið ykkar sendi okkur stutta greinargerð um starf fjelagsins. Í henni skal þessa getið. Eignir fjelagsins, sagt hverjar þær eru, þeim lýst og hve mikið þær kostuðu. Fjelaga tala og helstu áhuga mál fjelagsins, bæði þau sem það hefir komið í framkvæmd og eins þau sem það ætlar að fram kvæma. Ennfremur tökum við með þökkum við greinum frá ungmenna fjelögum, um ýms áhuga mál fjelaganna.

## Sambandsskatturinn.

Við viljum vinsamlegast fara þess á leyt við ykkur að þið sendið okkur skattinn fyrir 24 des. n.k.
Við vonum að þið svarið þessu bréfi fyrir 24 des. n.k.
Svörin og sambandsskatturinn sendist vara formanni sambandsins Sigurði P. Jónssyni Sauðárkróki. Með kærri kveðju, ósk um farsælt starf í vetur.

Stjórn S.U.F.S.

Þetta bréf var lítið rætt á fundinum. Íþrótta málið var lítilega tekið til umræðu af Birni Jónssyni Bæ. Áleyt hann að ekki mundi tækilegt að hafa íþróttir innan fjelagsins nú í vetur, þar sem svo margir fjelagar færu burtu í atvinnu leit, en lagði jafnframt til að unglinga skóla nemendur gæfist kostur á að æfa sig eitthvað, ef til kæmi.
Sömuleiðis gat hann þess, að hann væri vondaufur um það, að hægt yrði að halda fjelaginu saman í vetur, þar sem svo margir færu í burtu, en illa hefði gengið að koma á fundi til þessa tíma. Um þetta urðu litlar umræður, en allir voru því sammála að þörf væri á að ráða bót á þessu.
Þessu næst fór fram starfsmanna kosning til næsta fundar. Fundarstjóri Ingimar Jónsson og nefndi hann til ritara Steinþór. S. Jónsson og Erl. Kristinsson. Skemtinefnd. Jónasína Tómasd., Ásta Kristins, Björn Jónsson Bæ. Björn Jónsson Hóli Sigm. Baldvinsson. Ritnefnd. Páll Erl. Steinþór S.J. Ingim. Jónsson.
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

ritari
Sigm Bald.

fundarstjóri
Jón Kjartansson

Sunnudaginn 22 jan 1933 var fundur haldinn í U.M.F. Höfðstrendinga og byrjaði kl. 1. 13 fjelagar voru mættir.

Þetta gjörðist.

1. Nefndur fundarstjóri, setti fundinn og nefndi til ritara Steinþór. S. Jónsson.
2. Fundargjörð frá 8 jan 1933 borinn upp og samþykt.
3. Vilhjálmur Jónsson Grafargerði baðst inngöngu í fjelagið. Borið upp og samþykt.
4. Ritstj. las upp úr fjelaganum.
5. Björn í Bæ gat þess að unglingaskóla nefndin hefði farið þess á leyt við ungmennafjelagið að það innrjettaði vestur hluta kjallarans undir Skjaldborg og leigði unglingaskólanum herbergið. Nefndin bauðst til að taka þátt í kosnaði við innrjettinguna. Jón Konráðsson sagði að þetta væri alt í lausu lofti

og ekki hægt að glöggva sig á neinu. Það lagi ekkert
víst. tilboð frá hendi skólanefndar fyrir, engin kostnaðar-
áætlun, og þessvegna ekkert hægt að ráða málið.
Aðeins hægt að leyta vilja fjelagsmanna um málið.
Tillaga kom í málinu frá Ingimar Jónssyni studd af
Steinþóri: „Fundurinn samþykkir að fela stjórn
ungmennafjelagsins að sjá um samninga
við væntanlega innrjettingu á vesturhluta
kjallarans"
Raddir komu fram um að tillagan væri óþörf. því að
skóla nefndin mundi hvortsem væri koma með sínar
tillögur til stjórnarinnar og hún svo leggja þær
fyrir fund. Tillagan borinn upp og feld með 5 gegn 7.
Málið tekið út af dagskrá.

6. Lagðir fram reikningar frá leiksýningu dagana 7–8 jan
að báðum dögunum með töldum. Engar umræður eða
athugasemdir Formaður skemtinefndarinnar afhenti
stjórn fjelagsins bækur með hlutverkum úr leik
ritinu „Skjaldvör"
7. Björn í Bæ gat þess að æskilegt væri ef hægt yrði
að koma á íþrótta kenslu í vetur og kom hann
með tillögu því viðvíkjandi. Hún var í þessaleið
„Fundurinn samþykkir að stjórn fjelagsins
sje falið að reyna að fá mann til að kenna
leikfimi ef þátttakendur fást." Björn í Bæ.
Um málið urðu engar umræður, tillagan borinn upp
og sam þykt.
8. Formaður tilnefndi Jóhannes Stefánsson til fundar
stjórnarst. og hann til ritara Björn Jónsson Hóli
og Árna Jóhannsson Málefna nefnd. Árni Jóhannsson
Steinþór Jónsson og Kristinn Erlendsson. Ritnefnd
Björn Jónsson Hóli Björn Jónsson Bæ Önnu Pálsdóttir.
9. Sungið „Jeg elska yður, þjer íslands fjöll."
10. Fundi slitið.

ritari
Steinþór Jónsson

fundarstj
Ingimar Jónsson

Sunnudaginn 5 marz 1933 var aðal fundur haldinn
í U. M. F. H. í Skjaldborg.
Fundinum stýrði formaður fjelagsins Páll Erlends.
16 fjelagar voru mætti.
Þetta gjörðist.

1. Lesin fundargjörð frá 29 marz 1932. Samþykt.
2. Lesinn upp fundargjörð frá 22 jan '33. Samþykt.
3. Lesin 1 grein úr fjelaganum „Vormenn".
7. Formaður las upp aðal reikning fjelagsins og eigna-
skrá og skýrði það. Eftir nokkrar umræður voru
reikningarnir sam þyktir með sam hljóða atkvæðum.
5. Lesin upp lög fjelagsins hingaðtil og samþykt án
breitinga
6. Lesin upp fundarsköp fjelagsins og samþykt í
einu hljóði.
7. Þá fór fram skiflega kosning á stjórn fjelagsins
Allir úr fyrverandi stjórn báðu um að þeir yrðu
ekki endur kosnir. Komu nokkrar athugasemdir
við það, þar sem 2 í stjórninni, þeir Björn í Bæ og Stein-
þór. voru ekki búnir að sitja í 3 ár.
Kosningar fjellu þannig: Pjetur Jónsson með 11 atkv.
Ingimar Jónsson með 10 atkv.
Steinþór Jónsson með 8 atkv.
Steinþór og Jóhannes Stefánsson fengu jöfn atkvæði,
var varpað hlutkesti um þá og kom Steinþórs hluti
upp. Vara stjórn: Johannes Stefánsson með 8 atkv.
Björn Jónsson U. hóli með 4 atkv.
Sigm. Baldvinsson með 3 atkv.
8. Árni Jóhannsson sagði sig úr fjelaginu. Samþykt.
9. Dómnefnd endur kosinn.
10. Endur skoðendur kosnir þeir Páll Erlendsson og
Björn Jónsson Bæ.
11. Ritstjóri endurkosinn.
12. Steinþór gat þess að mjög bráðlega þyrfti að ákveða
hvort fjelagið starfrækti garðinn eða skilaði honum til
landeiganda. Tillaga kom frá Birni í Bæ. Studd af
Steinþóri, svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að

stjórn U.M.F.H. athugi möguleika til að starfrækja matjurtagarðinn á Hofsós bökkum eða skila honum til landeiganda ef stjórnin á lítur það heppilegra."
Tillagan borin upp og samþykkt í einu hljóði.

13. Þá voru skipaðir starfsmenn til næsta fundar. Til fundarstjóra. Anna Pálsdóttir og nefndi hún til ritara Vilhjálm Jónsson og Erlend Kristinsson. Málefnanefnd Kristján Ágústsson Björn Jónsson Hofsós og Sigm. Baldvinsson. Ritnefnd Ingimar Jónsson Steinþór Jónsson og Björn Jónsson Bd.

14. Sungið „Hvað er svo glatt"

15. Fundarstjóri sagði fundi slitið og þakkaði mönnum fyrir gott hljóð.

ritarar
Steinþór S. Jónsson,
Björn Jónsson Bd.

fundarstjóri
Páll Erlendsson

Sunnudaginn 3 sept 1933 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. í Skjaldborg og byrjaði kl. 1. Mættir voru 10 fjelagar. Fundinum stjórnaði formaður fjelagsins Pjetur Jónsson.

Þetta gjörðist.

1. Sungið „Blessuð sértu sveitin mín."

2. Form. fjelagsins sagði að tilefni þessa fundar væri að stjórn fjelagsins hefði borist brjef frá unglingaskólanefndinni í Hofsós um að fá vestur hluta kjallarans í Skjaldborg til að gera sem skólastofu, las hann síðan upp brjef, sem var á þessa leið.

„Eins og hinni háttvirtu stjórn U.M.F.H. er kunnugt hefir um nokkur ára skeið, verið haldið uppi skóla fyrir unglinga hjer í Hofsósi, ~~3~~ 3 mánuði hvers vetrar. Kensla þessi hefir farið fram í barnaskólahúsinu, og þá eðlilega síðari hluta dags, sem telja verður að sumu leyti, mjög óhentugt. Meðal annars af því, að það gerir unglingum, sem heima eiga utan kauptúnsins, en í grend við það, alveg ókleift að ganga heim og heiman, og þurfa því þau börn, eins og önnur sem lengra eiga að að kaupa sjer fæði og húsnæði hjer í kauptúninu, er það talsverður ábætir við önnur útgjöld og ætti líkt að losna við þau ef unt væri.
Til umbóta þessum ~~húsþ~~ húsnæðis skorti hefir unglingaskólanefnd inni dottið í hug að fara þess á leit við stjórn ungmennafjelagsins, hvort ekki gæti komið til mála að samningar með unglingaskólanefndinni og ungmennafjelaginu gætu tekist, um það að þeir ~~tveir~~ aðilar legðu saman og byggju út stofu í vestur hluta kjallarans í „Skjaldborg", ásamt og forstofunni sem þar er. og hefðu svo þessir tveir aðiljar aðgang að notum á stofunni, skólinn til kenslu en ungmennafjelagið til þeirra nota, sem starf þess gerði nauðsynlegt. Um væntanlegan kostnað af þessu sem auðvitað er talsverður, getur herra Björn Jónsson Bd, sem bæði er meðlimur ungmennafjelagsins og í unglinga skólanefndinni gefið skýrslu, því hann hefir verið riðinn við kostnaðar áætlun um þetta er gerð var á síðast liðnum vetri. Við nefndar menn búumst fastlega við því að ungmennafjelagið taki þetta til umráða, svo ef samkomulag næst, hægt væri að ná í efni, sem þarf nú síðla sumars, svo stofan geti verið tilbúinn til kenslunota í næstkomandi janúar-mánuði.

Hofsósi 14 Ágúst 1933
f. h. unglingaskólanefndarinnar
Pálmi Þóroddsson

Til stjórnar „Ungmennafjelags Höfðstrendinga" Hofsósi".

Páll Erl. sem var mættur fyrir hönd skólanefndarinnar, sagði að skólanefndin legði fram helming kostnaðar á móti fjelaginu, með því móti að unglingaskólinn fengi þarna húsnæði endurgjaldslaust yfir þetta 3ja mánaða námskeið. Fanst honum einlægast að tekið yrði lán sem svo báðir þessir aðiljar stæðu straum af. Steinþór tók til máls, og var hann því fylgjandi að gera það besta í þessu máli: sem tök væru

til. Taldi hann æskilegast að leitað væri upplýsinga á
hvernig hægt væri að framkvæma þetta á ódýrastan
og hagkvæmastann hátt. Björn Jónsson Hofsós, sagði
að leiðinlegt væri til þess að vita að svo stór kjallari
væri að mestu ónotaður. En taldi þó víst að innrjetting
þessi mundi verða svo dýr, að litlar líkur væru til
framkvæmda, þar sem fje væri nálega hvergi fáan-
legt, en að öðru leyti var hann málinu fylgjandi.
Þá tók til máls Kristján Ág. og sagðist lítið gera með
þá kostnaðar áætlun, sem fram hefði komið, og áleit að
hún væri of há, þar sem allir vissu að vinnan væri
svo dýr. Áleit hann miklu æskilegra að ungmenna
fjelagið sem slíkt, hefði lánnið eitt með höndum, svo
framarlega og það gæti það, utan við skólanefndina, en
legði svo aftur unglingaskólanum svo ódýrt, sem mögulegt
væri. Aftur talaði Björn J., var hann þessum samþykkur
ef hægt væri að koma því við, sömuleiðis vildi Kristján
eiga samvinnu við skólanefndina, að hún legði fram sinn
styrk þessu máli til stuðnings. Páll Erl. var því mjög
fylgjandi, að þetta yrði framkvæmt eftir því sem Kristján
lagði til. Steinþór sagði að ekkert væri við það að athuga, þó
báðir þessir aðillar tækju höndum saman, og kæmu
þessu máli svo vel á veg, sem tök væru á.
Þá tók til máls Pjetur Jónsson, sagðist hann hafa
látið fá orð falla um þessi mál, en sagði að sjer
fyndist skólanefndin sem slík, hefði getað fengið
styrk, hefði hún verulega reint til þess. Líka taldi hann
víst, að ungmennafjelagið fjeli gera þessar umbætur á sínu
nafni, en með það fyrir augum að skólanefndin legði
fram sinn styrk, sem hún kynni að geta fengið.
Talaði hann mjög ýtarlega og skírði málið á marga vegu
og sagði að full þörf væri á að þetta mál væri vel
athugað, en eftir stefnuskrá fjelags síns væri því skilt
að gera það besta í því, að hrinda þessu máli í fram-
kvæmd. Urðu að nýju talsverðar umræður um málið
og kom fram svohljóðandi tillaga frá Páli Erl. studd af
Sigm Baldvinssyni. „ Fundurinn samþykkir að
„ taka tilboði unglinga skólanefndarinnar
„ um þátttöku í innrjettingar kostnaði
„ á skóla stofu í kjallara fjelagshússins
„ og feli stjórn fjelagsins allar fram-
„ kvæmdir og geri þar að lútandi samninga við
„ skólanefndina. —

Um tillöguna urðu fremur litlar umræður og var
hún síðan borinn upp og samþykkt, mótatkvæðalaust
Þegar hjer var komið, var fundartíminn á enda og var
ekki fleira tekið fyrir.
Sungið „ Hvað er svo glatt"
Fundi slitið.

Ritari — fundarstjóri
Sigm. Baldvinsson — Pjetur Jónsson

Sunnudaginn 5. nóv. 1933 var fundur settur og haldinn
í U.M.F.H. Nefndi formaður til fundarstjóra Kristján
Ágústsson en fundarstjóri nefndi til ritara Geirmund J.
Fundargjörð frá síðasta fundi var ekki fyrir hendi, og
„Fjelaginn" ljet ekkert til sín heyra.
Fyrstur tók til máls Pjetur Jónsson, kvað hann fund
þennann, fyrst og fremst til þess, að ræða um væntan-
lega skemtisamkomu um jólaleitið. Gat hann þess að
fjárhagur þessa árs, væri sæmilega góður, en væntan-
legum arði af skemtaninni, yrði að verja til þess að
standast útgjöld komandi árs. Vonaði hann að fjelagar
snerust vel við því, að vinna að undirbúningi skemti-
samkomunnar, því örðugleikar væru miklir fyrir
hendi. Steinþór sagði að fjelagið hefði hingað til haft
aðaltekjur sínar af leiksýningum laust úr jólum ár
hvert. Taldi hann að skemtanir þessar hefðu farið
vel úr hendi, þó horfur hafi oft verið slæmar. Kvaðst
hann hafa beðið fjelaga, sem dvelda í R.vík og á Siglufj.
að reina að útvega fjelaginu leikrit, en það hefði engan
árangur borið, hvatti hann væntanlega nefnd að

vinna vel og drengi lega fyrir þetta mál. Björn Jónsson Hofsósi, taldi rjettast að vísa þessu máli til nefndar þegar í stað. Kvartaði hann mjög yfir því hvað fáir kvenn fólki við hefðum á að skipa við væntanlega leik-syningu. Stóð þá upp ritari fundarins, og kvað sig litt færann til að skelfa lengur fyrir kulda. Óskaði hann eftir því að væntanleg skemtun yrði haldin svo snemma, sem fjelagar sögu sjer fært, svo farfuglar þeir, sem burtu færu út nýári í atvinnuleyt gætu unnið að undirbúningi hennar. Kr. Ágústsson tók einig undir það, að skemtunin yrði ekki haldin mjög seint. Þá kom svohljóðandi tillaga, sem fundarstjóri lasupp og lagði fyrir fundinn tilumræðu.

„Fundurinn samþ. að kjósa 3ja manna nefnd til að annast um undirbúning og framkvæmdir á væntanlegri skemti sam komu um eða eftir jól."

Ingimar Jónsson
studd af Steinþóri Jónssyni.

Var tillagan borinn upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna og hlutu þessir kosningu. Sigm. Baldvinsson, Geirm. Jónsson, Björn Jóns. Hofsós, Anna Pálsdóttir og Steinþór Jónsson.

Steinþór Jónsson sagði að æskilegt væri ef gjörðar væru einhverjar ráðstafanir gagnvart blettinum. sem fjelagið ætti ardlausan úti á bakkanum, sagði hann að þegar hefði komið tilboð um að taka hann á leigu. Einig sagði hann, að ráðið hefði til tals innan stjórnarinnar að halda opinn fund, þar sem rædd yrðu fjelagsmál, og jafn vel haldnar stuttar ræður til að kynna fjelagsskapinn og málefnum hans.

Pjetur Jónsson sagðist leggja það til, að farið yrði að slíta fundi, þar ed mönnum væri orðið hálf kalt og málum þessum mætti fresta til næsta fundar. Því næst nefndi hann Gíslínu Magnúsdóttir til að stýra næsta fundi, en hún nefndi til ritar Steinþór Jónsson og Jónasínu Tómasdóttir. Í ritnefnd voru kosnir Ingimar Jónsson Steinþór. Jónsson og Geirm. Jónsson. Í málefna nefnd Kristján Ágústsson og Sigm. Baldvinsson. Sagði þá fundarstjóri fundi slitið, og óskaði eftir því að framvegis yrði dagsskrá látin liggja fyrir fundinum, svo fundarstjóri hefði eitthvað að fara eftir. Bað hann menn að skilnaði að syngja „Hvað er svo glatt" Fleira gjörðist ekki

(ritari)
Geirmundur Jónsson

(fundarstjóri)
Kristján Ágústsson

Sunnudaginn 12 nov. 1933 var fundur haldinn í U.M.F. H. 9 fjelagar voru mættir. Þetta gjörðist.

1. Lesin upp fundargjörð frá 3sept. Samþykkt; Lesin upp fundargjörð frá 5 nov. samþykkt.
2. Lesnar 2 greinar úr fjelaganum.
3. Steinþór Jónsson vakti máls á því, að fjelagið þyrfti að ráðstafa eitthvað frekar bletti fjelagsins utan Hofsár það væri bæði skaði og svo ekki vansalaust að eiga þetta land þarna ónotað.

Björn Jónsson Hofsós tók í sama strenginn og framm-mælandi, að óviðeigandi væri að eiga þarna grafna peninga, fjelaginu til minkunar, en öðrum, sem landið vildu fá til ræktunar, að skaða. Vildi hann annaðtveggja, að bletturinn yrði seldur eða leigður. Geirmundur Jónsson sagðist vera þessu hjartanlega sammála.

Þá kom tillaga frá Steinþóri Jónssyni studd af Birni Jónssyni Hofsós, svo hljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að fela stjórn fjelagsins, að ráðstafa bletti fjelagsins utan Hofsár, annaðtveggja að selja hann eða leigja, eftir því sem lög mæla fyrir."

Tillagan borinn upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Þá tók til máls Steinþór Jónsson, og lagði þá spurningu fyrir fundinn, hvort til tækilegt væra að haldinn yrði opinn fundur, þar sem fjelagsmál yrðu rædd og ýmsum gæfist kostur á að rök ræða þau við fjelaga. Björn Jónsson gat þess að það hefði verið

haldinn opinn fundur, endur fyrir löngu og gefist illa. Kvað hann að gengi legra að halda opinn aðalfund, annars efaðist hann um árangurinn af því, sem áður hefðu þeir gefist illa. Geirmundur Jónsson kvaðst vera „spentur" fyrir slíkum fundi. Þar gætu þeir, sem á móti fjelagsskapnum væru, komið með sínar athugasemdir og aðfinslur. Svohljóðandi tillaga kom frá Geirm. Jónssyni studd af Steinþóri Jónssyni:

„Fundurinn samþykkir að kjósa
„3ja manna nefnd til að annast um
„framkvæmdir á opnum fundi, er
„U. M. F. Höfðstrendinga hjeldi, svo
„fljótt, sem tök væru.

Tillagan borin upp og samþykt. Kosningu hlutu: Geirm. Jóns. með 10 atkv.; Ingimar Jónsson, 6 atkv. Steinþór Jónsson 6 atkv. og til vara Jón Kjartansson með 3 atkv.

5. Anna Pálsdóttir kom fram með það, að æskilegt væri ef fjelagið sæi sjer fært að láta steypa í gólfið á herberginu inst að vestan, niðri, í húsi fjelagsins, sem væri væntanlegt eldhús. Það þyrfti ekki að hafa það að sinni svo þetta gæti ekki orðið tilfinnanlega dýrt. Nokkrar umræður urðu um þetta og hnigu allar í sömu átt. Var málinu vísað til stjórnarnefndar, og með því tekið útaf dagskrá.

6. Þar sem fleira lá ekki fyrir fundi var gengið að því að skipa í nefndir. Var fundarstj. til nefndur til næsta fundar Sigm. Baldvinsson, og hann til ritara, Geirm. Jónsson og Björn Jónsson Hofsós. Í ritnefnd, Anna Pálsdóttir, Jón Kjartansson og Erlendur Kristinsson

7. Sungið „Eldgamla Ísafold"

8. Fundi slitið

Fundarritari
Steinþór. Jónsson

Fundarstjóri
Gíslína Magnúsdóttir

Sunnudaginn 26 nov. þ. 1933 var fundur haldinn í U. M. F. H. í Skjaldborg, og hófst fundurinn kl 1. e. h.

Gjörðir fundarins.

1 Lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án breytinga

2. Rikharður Jóhannsson óskaði eftir inngöngu í fjelagið og var það borið upp og samþykt í einu hljóði.

3. Málefnanefnd. Kristján Ágústsson stóð þá upp og kvaðst ekki hafa munað eftir því að hann hefði verið í málefnanefnd, en kvaðst þó alla að leggja það fyrir fundinn, hvort ekki væri tiltækilegt, að halda innbyrðis skemtun í fjelaginu, þar sem fjelagar gætu boðið 1–2 með sjer, eftir því sem menn kæmu sjer saman um.
Um málið urðu dálitlar umræður á við og dreif, og að endingu var kosinn 3ja manna nefnd, til að vinna að málinu og hlutu kosningu, Kristján Ágústsson, Pjetur Jónsson og Pála Árnadóttir Hofsós. og var málið þegar útrætt.

4. Stjórnarmál. Pjetur Jónsson las upp brjef frá U. M. F. Geisla í Óslandshlíð og er það fjelögum svo kunnugt að efni að það þarf ekki að skrá það í þessa fundargjörð. Sagði Pjetur að fundurinn þyrfti að taka afstöðu til þess, hvort fara ætti eða ekki. Voru flestir því sammála að fara, og skráðu (flestir) nöfn sín og atkvæði að ~~fara~~ sækja hið myndarlega boð Geisla, sjeðu fundarmenn af að fara á bíl ef veður leifði (eins og þeir ákvæðu).

5. Þegar hjer var komið var fundartími á enda og farið að kjósa starfsmenn til næsta fundar. Nefndi formaður formaður fjelagsins fundarstjóra til næsta fundar Erlend. Kristinsson og nefndi hann til ritara Ingimar Jónsson og Kristján Ágústsson. Málefnanefnd endurkosin.

6. Sagði svo fundarstjóri fundi slitið og bað menn að syngja „Þú bláfjallageimur"

Fundarstjóri
Sigmundur. Baldvinsson

Ritarar
Björn. Jónsson
Geirmundur. Jónsson.

Sunnudaginn 14 jan 1934 var fundur haldinn í U. M. F. Höfðstrendinga í Skjaldborg og hófst kl. 1½ e. h.
Á fundinum mættu 14 fjelagar. Fundarstjóri var ekki mættur, svo nefndur var í hans stað Sigurður Rögnvaldsson og til ritara Ingimar Jónsson og Kr. Ágústsson.

Þetta gjörðist.

1. Sungið „Hvað er svo glatt."
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
3. Sigm. Baldvinsson lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld yfir skemtisamkomu 4-7 jan. Hreinn ágóði af skemtuninni var kr. 142.24.
Pjetur þakkaði leikendum framistöðu þeirra, og skýrði einig reikningana er áður er um getið. Það urðu nokkrar umræður um það hvort ekki væri til tæka mál að sýna „Æfintýrið á gönguför" eitt kvöld til. Kom tillaga frá Pjetri Jónssyni svohljóðandi:

„ Fundurinn samþykkir að „Æfintýrið"
„ verði sýnt 1 kvöld til og feli sú áður
„ starfandi nefnd framkvæmd þess.

Tillagan borin upp og samþykt.

4. Tillaga kom frá Jakopínu Halsdóttir studd af Pálu Árnad.

„ Fundurinn samþykkir að kosin
„ verði 5 manna nefnd á þessum
„ fundi til að athuga möguleika á
„ að fram kvæma inn tekta skemtun
„ fyrir fjelagið seinna í vetur.

Tillagan samþykt. Kosningu í nefndinna hlutu: Jakopína Halsdóttir með 13 atkv. Anna Páls 11. Jónassína Tómasdóttir 7. Pála Árnadóttir 7 og Sigm. B. 9 atkv.

5. Kosnir starfsmenn til næsta fundar: Málefnanefnd endurkosin. Ritnefnd endurkosin. Fundarstjóri tilnefndur Ingimar Jónsson og nefndi hann til ritara Erl. Kristinsson og Matthías Rögnvaldsson
6. Sungið „Vor menn Íslands"

Fleira ekki tekið fyrir Fundi slitið.

Fundarritarar:
Ingim. Jónsson; Sigm. Baldvinsson;

Fundarstj
Sigurður Rögnvaldsson

Fundargerð.

Fimtudaginn 6 maí 1937 var aðalfundur U.M.F. [illegible] haldinn í Skjaldborg.
Fundarstjóri var Bragi Ólafsson kosinn og nefndi hann til fundarritara Sigmar Jónsson. Mættir voru 10 félagar.
Störf fundarins:

1. Sungið „Hvað er svo glatt“
2. Lesnir upp reikningar félagsins; Pétur Jónsson gat þess að fallið hefðu niður hjá gjaldkera kr. 2.00 [illegible] í vetur, gjaldkeri viðurkendi þetta og kvaðst leiðrétta þetta á þessu ári. Einnig var lesin upp eignaskrá félagsins; voru reikningarnir síðan bornir upp og samþyktir.
3. Inntaka nýrra félagsmanna, 8 [illegible] um inntöku og voru samþyktir: [illegible] Kristinsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Elísabet Þórhallsdóttir, Erlendur Pálsson, Steinar [illegible], Hjörtur Jónsson, Sigurbjörn Sigmarsson og Hjálmar Sigmarsson, er þeim lesið með [illegible] lögin og [illegible] sem
4. Lesin upp lög félagsins; tillaga kom frá Braga Ólafssyni svohljóðandi: (var hún um viðauka við 15 gr.) „Fundurinn samþykkir breytingu á 15 gr. laganna sem fjallar um lögmæti aðalfundar, og hljóði greinin þannig: „Aðalfundur er lögmætur sé mættur helmingur félagsmanna, annars næsti fundur sem er löglega boðaður.“ Tillagan borin upp og samþykt.
5. Lesin upp fundarsköp félagsins, borin upp og samþ.
6. Bragi Ólafsson stakk upp á því að fjölga stjórnarmeðlimum úr 3 upp í 5; Pétur Jónsson talaði um að þetta væri ekki framkvæmanlegt, það sem væri búið að samþykkja lögin, hinsvegar væri sjálfsagt að þeir yngri tækju við sem mestu af félagsstörfunum. Björn í Bæ tók í sama streng, umræður urðu allmiklar og hnigu allar að því að fjölga þyrfti félags[illegible] og fl.

7. Kosnir endurskoðendur. Urðu fyrir valinu Pétur Jónsson og Kristinn Erlendsson.

8. Kosin skemmtinefnd. 1. Andrés Kristinsson 2. Erl. Kristinsson 3. Erlendur Pálsson 4. Jóhanna Jónsdóttir. 5. Björn Jónsson

Fd. lesin upp og samþykt.

9. Ritstjóri Félagsins; Umræður urðu nokkrar og einnig aðallega af því að, sleitt [illegible] að endurvelja, sem fremur var það álit margra að hafa [illegible] annan ritstjóra til vara, Kosnir voru Björn Baldvinsson með 18 atkv. og Erlendur Pálsson [illegible] með 7 atkv.

10. Stjórnarkosning. Bragi Ólafsson lagði til að verða endurkosninga í stjórn félagsins, var það tekið til greina og samþ. kosningu í stjórn félagsins hlutu; Valgerður Jónsd. með 10 atkv. [illegible] Sigmarsson með 9 atkv. Ingimar Jónsson með 16. atkv. Varastjórn, Bragi Ólafsson með 2 atkv. Erlendur Kristinsson með 7 atkv. og [illegible] með 4 atkv.

11. Bragi Ólafsson lagði síðan fyrir fundinn frá því að stjórn U.M.F.H. hefði ákveðið að láta gera [illegible] í Kjallar- [illegible] og leigt stofuna og [illegible] til veitinga-sölu í sumar. Pétur [illegible] á að [illegible] samning at eiga tekið á Kjallar[illegible] sent upp og samþykt.

12. Fundarstjóri las upp bréf frá U.M.S. Sk. um að senda fulltrúa á sambandsfund í Sk.

13. Fundarstjóri tilnefndi til næsta fundar, Steinar [illegible] son, nefndi hann til ritara á 1. og [illegible] Kr. Málefnanefnd.

14. Fundi slitið og sungið „Vormenn Íslands".

Fundurinn samþykkir breytingu á 15 gr. laganna sem fjallar um lögmæti aðalfundar, og hljóði greinin þannig
aðalfundur, lögmætur sé mættur helmingur félagsmanna,
annars næsti fundur, sem er löglega boðaður.

Bragi Ólafsson

Studd af Sigmari Jónssyni

№ 4050 1 Buch

Bei Nachbestellung dieser Sonder-Anfertigung genügt die Angabe obiger Nummer.